



Ísabella Rós leikur í Fanny og Alexander krakkar 46



Mark Wahlberg er spenntur fyrir annarri mynd með Baltasar bío 22



spottið 12

Klipptu þessa auglýsingu út og fáðu **20% afslátt**

yo ferskur jógúrtis®

Gildir út feb. 2012

# FRÉTTABLAÐIÐ

21. janúar 2012  
18. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt vörðunarskránni Gagnveitt Gættur 2011 - september 2011



Erfitt en lærdómsríkt  
Monica Caneman hefur verið stjórnarformaður Arion banka í tvö krefjandi ár.  
viðskipti 24



Frjáls eins og fuglinn  
Lára Jónsdóttir sagði upp vinnunni, seldi íbúðina og ferðast til framandi landa.  
ferðalög 32

Verðmæti framtíðar  
Hvaða hversdagslegu hluti verður gaman að eiga eftir nokkur ár eða áratugi?  
dót 36

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu  
Ferðir | Allt | Allt atvinna



**HEITIN ENDURNÝJUÐ** „Það er gömul hefð að endurnýja heitin við Guð á síðasta degi jóla, það gerum við með því að fara í vígt vatn,“ segir Timur Zolotuskiy, prestur rétttrúnaðarkirkjunnar hér á landi. Vegna mismunandi tímatafs hófust jól kirkjunnar 6. janúar og þeim lauk 19. janúar með baðinu sem fram fór í Nauthólsvík. **Sjá síðu 28**

## Landsdómsmálið í nefnd

Alþingi samþykkti í gær að vísa tillögu um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde í nefnd. Frávísunartillaga um málið var felld. Utanríkisráðherra flaug heim til að greiða atkvæði gegn frávísunartillögunni.

**STJÓRNMÁL** Tillaga Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að afturkalla ákæru á hendur Geir Haarde, fær þinglega umfjöllun. Tillaga um að vísa henni frá, sem Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, mælti fyrir, var felld með 31 atkvæði gegn 29. Þrír voru fjarstaddir.

Mikil ólga var á þinginu í gær og afdrif tillögunnar voru óljós fram eftir degi. Stuðningsmenn frávísunartillögunnar voru bjartsýnir framan af, en þegar leið

**31** þingmaður felldi tillögu um frávísun á tillögu Bjarna Benediktssonar. 29 samþykktu tillöguna.

á daginn dofnaði yfir þeim og ljóst varð að andstæðingarnir yrðu fleiri.

Þar skipti ekki síst máli að Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra flýtti heimkomu sinni frá útlöndum. Ekki hafði verið gert ráð fyrir

því að hann tæki þátt í atkvæðagreiðslunni, en hann greiddi atkvæði gegn frávísun. Þá kallaði Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, ekki inn varamann, eins og reiknað hafði verið með af stuðningsmönnum tillögunnar.

Atli Gíslason, sem leiddi þingmannanefndina sem lagði ákærurnar til, sagði að mistök hefðu átt sér stað þegar Geir Haarde var einn ákærður. Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði að réttara hefði verið að benda á þau mistök í kjölfar

atkvæðagreiðslunnar, ekki 15 til 16 mánuðum síðar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði, við atkvæðagreiðsluna, að hún hefði í engu skipt um skoðun varðandi það að ekki hefði átt að ákæra Geir Haarde. Málið væri hins vegar úr höndum Alþingis, þar sem það væri komið til Landsdóms, og því styddi hún tillögu um að taka málið af dagskrá.

Málið var að lokum sent til eftirlits- og stjórnskipunarnefndar.

- Kóp / sjá síðu 6

Í tilefni af 11 ára afmæli okkar bjóðum við Alla rétti á Matsedli á aðeins **1100. kr** frá Fös. 20.01.12 til Sun. 22.01.12

**11 Ára Afmæli**

**SHALIMAR**

Austurstræti ~ 4, Sími: 551 0292

**Fjörug og flott útsala**

Opið til **18** í dag

Smáralind



## SPURNING DAGSINS



Gylfi, dreymir ykkur ameríska drauminn?

„Ameríkanskibara!“

Gylfi Sigurðsson er trommuleikari Retro Stefson. Hljómsveitin leikur í fyrsta skipti á tónleikum í Bandaríkjunum næsta sumar.



NICOLAS SARKOZY Frakklandsforseti segir franska hermenn ekki vera í Afganistan til að láta afganska hermenn skjóta á sig.

NORDICPHOTOS/AFP

Franskir hermenn drepnir:

## Franski herinn hættir þjálfun

**FRAKKLAND, AP** Frakkar hættu tímabundið öllu samstarfi um þjálfun afganskra hermanna eftir að maður, iklæddur afgönskum hermannaþúningi, drap fjóra franska hermenn og særði fleiri.

Nicolas Sarkozy sagði hugsanlegt að franskir hermenn verði kallaðir heim frá Afganistan hið fyrsta, verði öryggi franska hermanna ekki betur tryggt.

„Franski herinn er í Afganistan til að aðstoða Afgana í baráttu við hryðjuverkamenn og talibana. Franskir hermenn eru ekki í Afganistan til þess að afganskir hermenn geti skotið á þá,“ sagði Sarkozy.

- gb

Undirgöng við Lönguhlíð:

## 100 milljónir fyrir barnavagn

**REYKJAVÍKURBORG** Of dýrt er að útbúa undirgöng undir Miklubraut við Lönguhlíð þannig að auðveldara verði að fara um með barnavagn í samræmi við tillögu sem barst á vefnum Betri Reykjavík.

Í umsögn framkvæmda- og eignasviðs segir að snúið verði að koma fyrir skábrautum fyrir barnavagna, hjólastóla og reiðhjól við göngin. Helsta lausnin sé lyftuhús með tilheyrandi hliðarframkvæmdum. Alls myndi þetta kosta 50 til 100 milljónir krónur. Ekki er mælt með þeirri framkvæmd.

- gar

Borgarráð vill halda möguleikum opnum í skipulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu:

## Lestarsamgöngur verði ekki útilokaðar

**SAMGÖNGUR** Borgarráð Reykjavíkur lagði til á fundi sínum á fimmtudag að möguleikar á lestarenging milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins verði tryggðir í aðalskipulagi Reykjavíkur og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

„Þetta eru í raun tilmæli borgarráðs til skipulagssviðs og stýrihóps um aðalskipulag,“ segir Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingar og fulltrúi í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkur.

„Málið snýst um að sveitarfélögin



HJÁLMAR SVEINSSON

Hjálmar segir aðspurður að þessar hugmyndir séu hluti af framtíðarstefnumörkun fyrir flugvallarsvæðið í Vatnsmýri.

hagi sínu aðalskipulagi þannig að þau útiloki ekki lestarsamgöngur í framtíðinni. Það felst engin ákvörðun í þessu nema að sveitarfélögin haldi möguleikunum opnum.“

„Þess utan er þetta ein mikilvægasta samgönguleið landsins og umferð á bara eftir að aukast þar sem gert er ráð fyrir milljón ferðamönnum til landsins eftir tíu til fimmtán ár.“

Engar hugmyndir eru enn uppi um hvar slík spor gætu legið, en stefnt er að því að mynda starfsþóp sveitarfélaganna um málið.

„Orð eru til alls fyrst,“ segir Hjálmar að lokum. „Þetta er viðleitni til að halda leiðum opnum og sjá til þess að ekkert gerist sem útilokar þennan möguleika.“

- þj



**VETUR Í VATNSMÝRI** Borgaryfirvöld vilja tryggja möguleika á lestarsamgöngum við Keflavík í framtíðinni. Málið tengist veru flugvallar í Vatnsmýrinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Heiðraður 70 árum eftir björgunarafrek

Magnús Pálsson frá Veturhúsum í Eskifirði tók við viðurkenningu frá bresku ríkisstjórninni í gær fyrir einstakt björgunarafrek. Hann og nánasta fjölskylda bjargaði 48 breskum hermönnum frá bráðum bana í aftakaveðri í janúar 1942.

**SAGA** Sjötíu árum eftir einstakt björgunarafrek var Magnúsi Pálssyni frá Veturhúsum í Eskifirði fært þakkarbréf bresku ríkisstjórnarinnar fyrir einstakt björgunarafrek aðfaranótt 21. janúar 1942. Magnús, móðir hans og systkini björguðu þá 48 breskum hermönnum frá bráðum bana í aftakaveðri sem gekk yfir Austurland. Átta hermenn urðu úti þessa nótt en mun fleiri hefðu farist ef ekki hefði verið fyrir hugrekki fjölskyldunnar, eins og segir í þakkarbréfinu sem er undirritað af Nick Harvey, hermálaráðherra Breta.

Magnús, þá aðeins fjórtán ára gamall, var nýsofnaður um kvöldið, eftir að hafa unnið samfleytt í tvo daga við uppskipun á salti, þegar hann var vakinn af bróður sínum Páli. Páll hafði þá af tilviljun gengið fram á aðframkominn hermenn á milli útihúss og bæjar.

„Hann er hetjan í þessari sögu,“ segir Magnús sem vísar fremur á framtak annarra heimilismanna á bænum en síns eigin. Og það þrátt fyrir að hafa alla nóttina lagt út í sortann og dregið hvern hermenninn af öðrum inn í hlýjuna í Veturhúsum. „Við gengum á hljóðin í vesalings mönnum sem voru aðframkomnir. Þeir sáu ljósið frá fjósaluktinni okkar. Margir voru skólausir, en allir rennblautir og kaldir,“ segir Magnús sem heldur því fram að lífsbjörgin hafi verið kerti sem móðir hans setti út í glugga um kvöldið og sneri að heiðinni.

Bretarnir tilheyrðu herflokki, The King's Own Yorkshire Light Infantry (KOYLI), sem var hluti



**SÍÐBÚNAR ÞAKKIR** Magnús tók við þakkarbréfinu úr hendi Jerry Hudson, ofursta og varnarmálafultrúa, sem kom sérstaklega til landsins í gær vegna samkomu á heimili breska sendiherrans á Íslandi, Ians Whitting, sem er hér fyrir miðri mynd. Hudson ofursta sagði hlýhug bresku þjóðarinnar fylgja bréfinu, en af hverju það beiddi svo lengi að þakkir bárust sagðist hann ekki geta skýrt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

nýstofnaðrar fjallgönguhersveitar. Þeir voru við æfingar, ætluðu að ganga frá Reyðarfirði yfir Hrævarsskörð til Eskifjarðar. En vegna erfiðra aðstæðna þurftu þeir að fara lengri leið, en hrepptu aftakaveður.

Magnús lýsir því að þeir bræður báru mennina í hús, systur hans hlúðu að þeim og móðir hans stóð og bakaði brauð og hitaði kaffi þessa löngu nótt. Átta hermenn urðu hins vegar úti, einn dó í Veturhúsum en sjö í túnfætinum,

eins og kom í ljós þegar dagur reis. Tvo þeirra fann Magnús sem telur atburðinn ekki hafa haft áhrif á sig. „Þetta var bara verk sem þurfti að vinna,“ segir Magnús af því lítillæti sem einkennir hann.

Þorsteinn J. Vilhjálmsson er að leggja lokahönd á heimildarmynd um atburðina og heitir því víðeigandi nafni Veturhús. Myndin verður frumsýnd á páskadag á Stöð 2. Framleiðendur eru Sturla Pálsson og Arnar Knútsson.

svavar@frettabladid.is



VILJA ÓLAF Guðni Ágústsson er einn forsvarsmanna síðunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Fyrirum ráðherrar styðja Ólaf:

## Stuðningsíða opnuð í gær

**STJÓRNSÝSLA** Stuðningsmenn Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, hafa opnað heimasíðu þar sem hægt er að skora á hann til að bjóða sig fram til forseta í næstu kosningum. Heimasíða hópsins, askoruntillforseta.is, var formlega opnuð í gær.

Meðal forsvarsmanna heimasíðunnar eru Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, Asgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands, Ragnar Arnalds, fyrrverandi ráðherra, Grétar Mar Jónsson, fyrrverandi þingmaður, og Baldur Óskarsson, fyrrverandi framhaldsskólakennari. Ólafur hefur ekki upplýst hvort hann mun bjóða sig fram.

- sv

Opið fyrir sand og salt:

## Borgin verður með snjóvaktir

**REYKJAVÍK** Hverfastöðvar og síma-ver Reykjavíkur verða með opnar vaktir yfir helgina vegna færðar og snjókomu. Íbúar geta sótt sand og salt á hverfastöðvarnar og síma-ver veitir upplýsingar og tekur við ábendingum.

Í gærnótt voru snjóruðnings-tækin ræst til að ryðja umferðar-götur og göngustíga. Í tilkynningu frá borginni segir að unnið hafi verið sleitulaust í gærðag við ruðninga og voru vélar sendar í húsagötur eftir þörfum.

Hverfastöðvar og síma-ver verða opin á milli klukkan 10.30 og 15 yfir helgina.

- sv

Kaupmaður sakfelldur fyrir að selja læknaðóp í verslun sinni:

## Júlli í Draumnum í árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Júlíus Þorbergsson, kaupmann í Draumnum við Rauðar-árstíg, í eins árs fangelsi fyrir að selja læknaðóp í versluninni. Þá var hann fundinn sekur um að hafa selt munn- og neftóbak.

Lögregla réðst í húsleitir í Draumnum og víðar sumarið 2010, fann þar mikið af læknaðópi og inn-siglaði verslunina. Júlíus opnaði hana að nýju nú rétt fyrir áramót.

Fyrir dómnum báru vitni viðskiptavinir Júlíusar, nágarnar og fleiri og voru svo til allir sammála um að hjá Júlíusi hefði um langa hríð mátt kaupa lækna-dóp. Því neitaði hann statt og stöðugt en dómurinn tók meira mark á vitnunum og sakfelldi Júlíus.

Á heimili Júlíusar fannst 21 gramm af kókaíni sem honum var gefið að sök að hafa ætlað að selja, en því neitaði hann og sagði það hafa verið skilið eftir hjá honum.

„Dótt saga ákærða um hina erlendu iðnaðarmenn sem hann réði til starfa án þess að vita haus né sporð á þeim sé ekki beint trúleg þá er ekki hægt, gegn neitun hans, að sakfella hann fyrir vörslur kókaíns á þeim grundvelli einum að efnin hafi fundist á heimili hans,“ segir í dómnum. Er hann því sýknaður af þeim lið.



SEKUR Dómurinn tók ekki mikið mark á skýringum Júlíusar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Loks var hann ákærður fyrir peningabætti, en á heimili hans fannst jafnvirði fjórtán milljóna króna sem taldar voru ágóði lyfjasölu. Hann sagði þetta vera löglegan ávinning starfsemi sinnar og afgang af ferðafé, en dómnum þykir það hæpin skýring og finnst ótrúlegt að nokkur geymi sparifé í rykfallinni ferðatösku. Féð er því gert upptækt.

- sh



UMHVERFISSTOFNUN

## Landvarðanámsskeið

Skemmtileg störf í náttúru Íslands

16. febrúar til 11. mars

Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum, sjá dagskrá á umhverfisstofnun.is

Námsskeiðsgjaldið er kr. 120.000

Umsókn skal skilað fyrir 5. febrúar 2012 til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24 eða rafrænt á umhverfisstofnun.is

Í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, sími og netfang. Skilyrði er að umsækjendur séu fæddir 1992 eða fyrr.

Þátttaka í námskeiðinu veitir landvarðaréttindi.



Stóll fullt verð: 49.950  
**39.950**

3ja sæta fullt verð: 109.950  
**89.950**

2ja sæta fullt verð: 79.950  
**59.950**

**SPARIÐ  
20.000**

**SPARIÐ  
20.000**

**SPARIÐ  
10.000**

NOVA hægindasófar

Glæsilegir hægindasófar með svörtu PU áklæði. Hægt að halla baki og lyfta skemli. Stærð á 2ja sæta: B146 x H103 x D95 sm. Stærð á 3ja sæta: B207 x H103 x D95 sm.

# GÓÐ KAUP

TILBOÐIN GILDA 21.01.12 - 22.01.12



ALLT AÐ  
**25%  
AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ: 995

**795 mtr.**

Breidd: 40 sm.

LANG kappi

Flottir gardínukappar á frábæru verði!  
Breidd: 40 sm. Fullt verð: 995 mtr. nú: 795 mtr.  
Breidd: 55 sm. Fullt verð: 1.195 mtr. nú: 895 mtr.



**23%  
AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ: 1.695

**1.295**

SCALA útidrymotta

Sterk og góð útidrymotta á frábæru verði!  
Stærð: 60 x 80 sm.



Norsk gæða-  
framleiðsla

FULLT VERÐ: 9.995

**5.995**



**høie**  
OF SCANDINAVIA

HØIE CLEAN & GREEN  
thermosæng

Góð sæng fyllt með polyester kúlutrefjum. Í raun tvær sængur saumaðar saman á þann hátt að hitaainangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. Áklæði: 50% bómull og 50% viscose/bambus. Þolir þvott við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm.

**40%  
AFSLÁTTUR**



U.P.B.  
**50%  
AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ: 995

**500**

Gardínustangir

Mikið úrval af flottum gardínustöngum á frábæru verði!  
Komið og skoðið úrvalið! Stærð: 71-122 sm.



**26%  
AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ: 2.295

**1.695**

31 lítra plastkassi

Góður plastkassi með smeltu loki.  
Stærð: 50 x 39 x 26 sm.



**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)



FULLT VERÐ: 5.295

**3.995**

STÆRÐ: 80 x 170 SM.

SCREEN gardínur

Góðar screen rúllugardínur sem eru gæddar þeim eiginleikum að þú sérd út en síður inn. Litur: Hvítt. Stærðir:

80 x 170 sm. Fullt verð: 5.995 nú: 3.995  
100 x 170 sm. Fullt verð: 7.295 nú: 4.995  
120 x 170 sm. Fullt verð: 8.295 nú: 5.995  
140 x 170 sm. Fullt verð: 9.495 nú: 6.995  
150 x 170 sm. Fullt verð: 10.490 nú: 7.995  
160 x 170 sm. Fullt verð: 10.990 nú: 8.495  
180 x 170 sm. Fullt verð: 11.990 nú: 8.995  
200 x 170 sm. Fullt verð: 12.990 nú: 9.995  
150 x 250 sm. Fullt verð: 13.990 nú: 10.990  
90 x 250 sm. Fullt verð: 9.995 nú: 6.995

ALLT AÐ  
**30%  
AFSLÁTTUR**



GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	123,72 124,32
	Sterlingspund	191,24 192,16
	Evra	159,83 160,73
	Dönsk króna	21,492 21,618
	Norsk króna	20,879 21,001
	Sænsk króna	18,229 18,335
	Japanskt jen	1,6014 1,6108

SDR 189,79 190,93

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
220,392

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skráardeilisíðunni Megaupload á Nýja-Sjálandi lokað og starfsfólk handtekið:

# Réðust til atlögu gegn ólöglegu niðurhali

**BANDARÍKIN** Hópur ónafngreindra tölvubrjóta, sem nefnir sig Anonymous, réðst í gær á vefsíður bandaríska dómsmálaráðuneytisins, bandarísku alríkislögreglunnar og fleiri bandarískra stofnana og samtaka.

Þetta voru viðbrögð við aðgerðum lögreglu í Bandaríkjunum og Nýja-Sjálandi gegn vefsíðunni Megaupload.com, sem var ein af mest notuðu skráardeilisíðum heims.

Stofnandi og þrjú starfsmenn síðunnar voru handteknir og sakaðir um að auðvelda fólki að stunda ólöglegt niðurhal á tónlist, kvikmyndum og öðru efni, með þeim afleiðingum að réttthafar hafi orðið af 500 milljónum dala í tekjum af sölu hugverka.

Megaupload var með 150 milljónir skráða notendur og fékk 50 milljónir heimsóknna á dag. Stofnandinn, sem nefnir sig Kim Dotcom en hét upphaflega Kim Schmitz, er sagður hafa þénað 42 milljónir dala á starfseminni á síðasta ári.

Mikil umræða er í Bandaríkjunum um ólöglegt niðurhal í tengslum við tvö lagafrumvörp, sem virðast þó varla ætla að verða að veruleika vegna harðrar andstöðu.

Bæði frumvörpin snúast um vernd hugverkaréttinda á netinu, en hafa verið gagnrýnd fyrir að geta skaðað frjálsa netnotkun.



**HANDTEKINN** Kim Dotcom, stofnandi Megaupload, kom fyrir rétt á Nýja-Sjálandi í gær. - gb NORDICPHOTOS/AFP



Í **FOSSVOGSDAL** Stefnt er að byggingu sundlaugar á hinu veðursæla útivistarsvæði.

Samstarf á bæjarmörkum:

## Fossvogslaug í aðalskipulag

**REYKJAVÍKURBORG** Borgarráð vill samstarf við Kópavogsbæ um að sundlaug í Fossvogsdal verði sett inn í aðalskipulag beggja bæjarfélaganna.

„Haft verði að leiðarljósi að sundlaugin raski ekki gildi Fossvogsdals sem útivistarsvæðis og náttúruverlu,“ segir í samþykkt borgarráðs.

Bygging laugarinnar hefur þó ekki verið ákveðin. Borgarráð vill að þegar þar að kemur verði kostnaðinum skipt jafnt milli Reykjavíkur og Kópavogs. - gar

Leigubýrlan TF-SÝN:

## Þrjár þýrlur í verða til taks

**ÖRYGGISMÁL** Gengið hefur verið frá leigu á Super Puma þýrlu fyrir Landhelgisgæsluna til næstu 12 mánaða, en það er þýrla sömu tegundar og TF-LÍF og TF-GNÁ.

Með þessum hætti er tryggt að tvær þýrlur verði í rekstri næstu vikurnar á meðan TF-LÍF er í viðamikilli skoðun í Noregi.

Stærstan hluta ársins verða síðan þrjár þýrlur í rekstri sem eykur möguleika Landhelgisgæslunnar á að skipuleggja viðhald og skoðanir á þýrlunum þannig að ávallt séu tvær þýrlur til taks eins og nauðsynlegt er og stefnt hefur verið að. - shá

# Norræn bros í þrot með tannígræðslur

Tannlæknastofunni Nordic Smile var lokað eftir fárra mánaða rekstur. Leita fjárfesta og stefna að því að opna á ný. Samningaviðræður standa yfir við Höfðatorg vegna ógreiddrar leigu. Seljandi tannlæknastóla bjargaði sér fyrir horn.

**HEILBRIGÐISMÁL** Loka varð tannlæknastofunni Nordic Smile á Höfðatorgi í lok júlí í fyrra þar sem erlendir fjárfestar brugðust. Stofan hafði þá aðeins verið rekin í nokkra mánuði. Reyna á að opna Nordic Smile á ný, að sögn dr. Ólafs Ólafssonar, talsmanns fyrirtækisins.

Í nefndaráli frá því í júní um lækningar yfir landamæri, sem birt var á heimasíðu velferðarráðuneytisins, sagði að með nýrri tækni gæti Nordic Smile boðið tannígræðsluþjónustu sína á verði sem væri um 30 prósent af verðinu í Bretlandi og Bandaríkjunum. Markhópur fyrirtækisins væri alþjóðlegur en gera mætti ráð fyrir að það yrðu aðallega Bretar og Bandaríkjamenn sem nýttu sér þjónustuna til að byrja með. Þar sagði jafnframt: „Fólk hér á landi mun einnig geta nýtt sér þjónustu fyrirtækisins.“

Þegar stofunni var lokað í fyrrasumar voru nokkrir íslenskir viðskiptavinir fyrirtækisins með ókláraða tannígræðslu. „Þeim var vísað á íslenska tannlækna sem höfðu starfað á Nordic Smile ásamt sænsku tannlæknunum tveimur sem þar störfuðu. Þetta voru tannlæknar sem voru með eigin stofur annars staðar,“ segir Ólafur.

Tíu tannlæknastólar voru settir upp á áttundu hæð í turninum á Höfðatorgi auk annarra tannlækningatækja. Þar sem ekkert fjármagn var í Nordic Smile var ekki hægt að greiða seljandanum.

„Við gátum selt íslenskum tannlæknum stóla. Með því að kaupa þá var okkar fyrirtæki bjargað



**NORDIC SMILE** Reyna á að opna tannígræðslustofuna á ný.

Við gátum selt íslenskum tannlæknum stóla. Með því að kaupa þá var okkar fyrirtæki bjargað fyrir horn.

**HRAFNHILDUR SIGÞÓRSDÓTTIR** SKRIFSTOFUSTJÓRI TANNHJÓLS EHF.

fyrir horn,“ segir Hrafnhildur Sigþórsdóttir, skrifstofustjóri Tannhjóls ehf.

Nordic Smile leigði hjá Höfðatorgi en stóð ekki í skilum með hörsaleigu.

„Við erum með nokkrar kröfur

á þá. Við höfum átt ágætis samstarf við þetta fólk og stefnan hjá þeim er að gera upp. Ég held að þeir ætli að reyna að opna aftur. Við erum allavega í þannig viðræðum við þá,“ segir Pétur Guðmundsson, fulltrúi Höfðatorgs.

Ólafur segir reynt að róa öllum árum að því að fá fjárfesta til þess að fyrirtækið verði ekki sett í gjaldþrot.

„Það á að reyna að opna aftur. Þetta er mjög spennandi verkefni og áhugavert fyrir ferðaþjónustuna. Það er gert ráð fyrir að ef starfsemin væri á fullu gætu viðskiptavinir verið um 300 á mánuði.“ ibs@frettabladid.is

## Brugðist við ófremdarástandi: Aðgerðahópur vegna ófærðar

**REYKJAVÍKURBORG** Sérstakur aðgerðahópur hefur nú verið skipaður til að meta hvernig staðið skuli að snjómokstri og hálkuvörnum í Reykjavík og hvort bæta megi verklag í þessum efnum.

Í erindisbréfi frá borgarráði er aðgerðahópnum meðal annars falið að gera úttekt á núverandi stöðu og gera viðbragðs- og neyðaráætlanir og skoða helstu umkvörtunarefni almennings. Huga á sérstaklega að samvinnu við björgunarsveitir, lögreglu og slökkvilið. Næsta haust eiga að liggja fyrir tillögum um framtíðarfyrirkomulag. Fulltrúar allra flokka í borgarstjórn sitja í hópnum. - gar

Neskirkjuprestur í kjörið:

## Sigurður Árni vill í biskupsstól

**ÞJÓDKIRKJAN** Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju, ætlar að bjóða sig fram til biskups. Hann sendi út fréttatilkynningu þess efnis til fjölmiðla í gær. Sigurður ætlar að beita sér fyrir breytingum og eflingu þjóðkirkjunnar og segist hafa viðtæka reynslu á öllum sviðum kirkjustarfs. Hann hefur verið prestur á landsbyggðinni og í Reykjavík. Meðal stefnumála Sigurðar er að efla jafnrétti og virkni allra aldurshópa innan kirkjunnar. Þá vill hann taka hlutverk framkvæmdastjóra kirkjunnar af biskupi. - sv



**SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON**




**BYLGJAN**  
989

## Sprengisandur kraftmikill þjóðmálapáttur

**Sigurjón M. Egilsson**  
stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

### VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**  
veðurfréttamaður

**ÉLJAGANGUR**  
verður um norðanvert landið næstu daga en sunnan til verður hins vegar bjart eða nokkuð bjart veður. Vindur verður skaplegur víðast hvar en þó strekkjngur norðvestanlands á morgun. Það gefst því færi á útiveru þessa helgina, allavega sunnan til.

**Á MORGUN**  
Strekkingur NV-til annars hægari. -3

**MÁNUDAGUR**  
Hægur vindur en vaxandi S- og V-lands um kvöldið. -3

**HEIMURINN**

Alicante	17°
Basel	10°
Berlín	5°
Billund	4°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	4°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	19°
London	12°
Mallorca	16°
New York	2°
Orlando	24°
Ósló	-4°
París	13°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



## Munið að skila **launamiðum, hlutafjármiðum**

**og öðrum gögnum**

Skilafrestur  
á eftirtöldum  
gögnum  
á rafrænu formi  
vegna framtalsgerðar  
2012 er til  
**10. febrúar 2012**

**LAUNMIÐIL 2012**  
LAUNGERÐIR APR 2011

210272-2229  
1.967.043  
78.684  
860  
Jóna Jónsdóttir  
Ríma 24  
112 Reykjavík  
274.670  
RSK 2.01 21-12-2011

Sjá leiðbeiningar á bakið

Verksmiðjan hf.  
421212-1919  
Ríma 25, 112 Reykjavík

Eindregið er mælt með því að launamiðum sé skilað rafrænt  
á þjónustuvélu ríkisskattstjóra [www.skattur.is](http://www.skattur.is)

- ▶ Launamiðar og verktakamiðar
- ▶ Bifreiðahlunnindamiðar
- ▶ Hlutafjármiðar
- ▶ Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi
- ▶ Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit
- ▶ Greiðslumiðar – leiga eða afnot
- ▶ Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf
- ▶ Ýmis lán til einstaklinga
- ▶ Stofnsjóðsmiðar
- ▶ Bankainnstæður
- ▶ Fjármagnstekjumiðar



FRÉTTASKÝRING: Frávísun á máli Geirs H. Haarde

# Frávísun felld eftir langar umræður

Þingmenn ræddu tillögu um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde fram á kvöld í gær. Lagt var til að henni yrði vísað frá og niðurstaða lá ekki ljós fyrr en í gærkvöldi. Frávísunartillagan var felld með 31 atkvæði gegn 29. Tekist var á um laga-túlkana og hvort ný efnisleg rök hefðu komið fram.

Aðeins eitt mál var á dagskrá Alþingis í gær: tillaga Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að Alþingi afturkalli ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra. Umræðan hófst klukkan 10.30 í gærmorgun og stóð fram á tíunda tímum í gærkvöldi.

Bjarni Benediktsson mælti fyrir tillögu sinni. Hann sagði margt hafa komið fram síðan ákæran var samþykkt sem ætti að hafa áhrif á afstöðu manna. Þá hefði Landsdómur vísað frá fyrstu tveimur liðum af sex í ákærinni. Þeir liðir sem eftir stæðu hefðu aldrei einir og sér leitt til þess að Alþingi hefði ákveðið að höfða sakamála á hendur fyrrverandi forsætisráðherra. Frávísun veigamestu liðanna jafngilti því að meginforsendur málsóknarinnar væru brostnar.

Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, talaði fyrir rökstuddri dagskráartillögu um að vísa málinu frá.

Hann sagði engan forsöndubrest hafa orðið á málinu sem réttlætti að fallið verði frá því. Engin beiðni hefði borist um slíkt, hvorki frá saksóknara Alþingis né Landsdómi. Landsdómur hefði hins vegar hafnað því að vísa málinu frá í heild sinni og því stæðu



**PUNGT HUGSI** Maraþonumræða fór fram um tillögu Bjarna á þingi í gær. Sömu spurningarnar komu ítrekað upp og fengu sömu svörin. Fátt nýtt kom fram þegar leið á daginn, en þingmenn héldu umræðum áfram fram á kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Legið á mönnum, skipt um skoðun og heimför flýtt

Óhætt er að segja að andrúmsloftið á Alþingi hafi verið þrjúgandi í gær, þegar málefni varðandi ákæru á hendur Geir H. Haarde voru rædd. Stálin stinn mættust í ræðustól Alþingis og mátti oft og tíðum sjá að þingmenn höfðu litla þolinmæði fyrir málflutningi hver annars. Hin raunverulegu átök fóru hins vegar fram utan þingsalar. Legið var á þingmönnum um að sveiflast til fylgilags ýmist við tillögu Bjarna um afturköllun ákærunnar eða við frávísun á þeirri tillögu.

Einn heimildarmanna Fréttablaðsins sem rætt var við á fimmtudagskvöld reyndist sannspár, en hann sagði að hann mundi ganga í þingsal morguninn eftir án þess að víta hver afdrif málsins yrðu. Það er fáheyrd staða að ekki sé ljóst við upphaf umræðu hvernig þingmenn muni kjósa um tillöguna. Hvað sem stjórnmálamenn segja um mikilvægi umræðunnar og lýðræðisleg vinnubrögð og hversu mikið sem þeir neita því að flokkslíkur skipti engu

heldur aðeins þeirra eigin sannfæring, þá liggur það nú yfirleitt nokkuð ljóst fyrir hvernig línur liggja á Alþingi við upphaf umræðu.

Ljóst var hins vegar að örfá eða jafnvel eitt atkvæði gætu skipt sköpum varðandi málið. Því skipti miklu hverjir væru í salnum. Því hefur Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra gert sér grein fyrir, en hann flýtti heimkomu sinni um nokkra daga, tók sæti á þingi og greiddi atkvæði gegn frávísunartillögunni, sem samflokksmaður hans Magnús Orri Schram mælti fyrir. Þá var legið á þingmönnum sem þóttu ekki einarðir í afstöðu sinni fram eftir degi.

Sú vinna virðist hafa skilað árangri. Þeir sem bjuggust við því að frávísunartillagan yrði samþykkt urðu svart-sýnni eftir því sem leið á daginn. Það stóð enda heima að frávísunartillagan var felld og samþykkt að málið færi áfram í nefnd.

fjögur atriði málshöfðunarinnar eftir óhöggðu.

Deila þingmanna snérist í gróf-

um dráttum um þrjú atriði: Hvort Alþingi væri sætt á því að grípa inn í stórf Landsdóms, hvort einhver ný efnisleg rök hefðu komið fram fyrir afturköllun og hvort mistök hefðu verið gerð við atkvæðagreiðsluna í september 2010 sem bæri að leiðrétta.

### Löglegt eða ekki?

Drjúgur tími þingmanna fór í að rökraða um hvort Alþingi væri heimilt að draga tillöguna til baka. Vísað var í greinargerð með lögum um Landsdóm, sem Ólafur Jóhannesson samdi og Bjarni Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra, mælti fyrir.

Var þar helst vísað í tilvitnun sem Fréttablaðið birti í gær, en þar segir, eftir leiðsögn um saksóknarnefnd: „En eins og nú er, hefur Alþingi engin skipti af málinu, eftir að það hefur kjörð sóknara.“

Þeir sem styðja tillögu Bjarna vísuðu hins vegar í seinni tíma lögspekinga, svo sem Stefán M. Stefánsson, Róbert Spanó og Ragnar Hall. Þeir hefðu allir metið það svo að Alþingi hefði heimild til að afturkalla ákæruna, enda saksóknaraðili. Fjöldi þingmanna lýsti sig andsnúinn niðurstöðu forseta Alþingis að tillagan væri þingtækt.

## Hvaða nefnd?

Meðal deiluefna gærdagsins var hvert ætti að vísa málinu ef frávísun yrði felld. Flutningsmaður tillögunnar, Bjarni Benediktsson, lagði til að þingsályktunartillagan færi til saksóknarnefndar. Henni væri málið skylt, enda væri hennar að fylgjast með saksókninni.

Mörður Arnason, þingmaður Samfylkingarinnar, og fleiri bentu á að það væri einfaldlega ekki heimilt. Þingsályktunartillögu bæri, samkvæmt þingsköpum, að vísa til einnar af fastanefndum þingsins eða að skipa um hana sérstaka nefnd. Hvorugt fælist í tillögu Bjarna. Mörður sagði eins hægt að vísa málinu til þingvallanefndar og til saksóknarnefndar.

Kallaði Mörður eftir úrskurði forseta Alþingis fram eftir degi.

### Mistök eða ekki

Atli Gíslason, formaður þingmannanefndarinnar sem lagði ákærunar til, sagði mistök hafa verið gerð við atkvæðagreiðsluna. Hann hefði ætíð skilið málið svo að um eina heildstæða tillögu um ákæru á hendur fjórum fyrrum

„...svo er borið á þá að hafa gerst sekur um einhvers konar rökvillu, af því að þeir héldu einhverju öðru fram í einhverju öðru máli.“  
Bjarni Benediktsson

Þó að þetta mál sé á dagskrá þingsins þá þarf það ekki að þýða að það sé þingtækt. Það er einfaldlega hér á dagskrá af því að forseti þingsins setti það á dagskrá.  
Þór Saari

Ég vona að háttvirtum þingmanni reki minni til líkt eins og mér þegar þessari atkvæðagreiðslu var lokið, þegar þingmenn þustu hér út sumir hverjir með kókkinn í hálsinum og öðrum brugðið, vegna þess hvernig þetta endaði og nú eru þeir að koma fram og lýsa því hvernig þeim var brugðið mörgum hverjum og hvernig málið breyttist.  
Gunnar Bragi Sveinsson

Eru tilfinningar þingmanna og samviskubit þeirra hugsanlegt efnislegt tilefni til þess að Alþingi fari að taka afstöðu til þess að fella niður ákæru á hendur sakborningi í þessu tilfalli.  
Ólína Þorvarðardóttir

Tillagan var afgreidd hér, ekki eins og ég greiddi atkvæði að öllu leyti, og ég var með fullri meðvitund og opin augun og ég hélt að það ætti almennt við um þingmenn, að minnsta kosti þá sem hafa eitthvað sinnt þingsörfum, að þeir vissu hvernig það gerist.  
Steingrímur J. Sigfússon

ráðherrum væri að ræða, en ekki fjórar sjálfstæðar tillögur.

Þegar í ljós kom að aðeins var samþykkt að ákæra einn ráðherra hefði átt að gera hlé á þingfundi og kalla þingmannanefndina saman. Heggur hann þar í sama knérunn og Ógmundur Jónasson innanríkisráðherra sem lýst hefur yfir sömu skoðun.

Atla ber þar ekki saman við Eygló Harðardóttur, þingmann Framsóknarflokksins, en hún sat með honum í nefndinni. Hún sagði það alla tíð hafa verið sinn skilning að um fjórar aðskildar tillögur væri að ræða. Annað hefði ekki gengið enda væri um að ræða tillögur um persónulega ábyrgð hvers og eins sem gæti leitt til ákæru. Slíku væri ekki hægt að slá saman í einn pakka.

Fylgismenn tillögu Bjarna vitnuðu ótt í ummæli Atla og töldu að það að sumir þeirra sem samþykktu ákæru töluðu nú um mistök verra næg ástæða fyrir því að hleypra málinu áfram.

Skúli Helgason, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði það hins vegar af og frá. Mýmörg dæmi væru um að menn skiptu um skoðun þegar nokkuð væri liðið frá atkvæðagreiðslu. Slíkt kallaði ekki á endurupptöku mála.

Kolbeinn Óttarsson Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



## Sanngirnissbætur Innköllun

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnissbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skrifleg sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á: **heimavistar skólanum að Jaðri**

Hér með er skorað á alla þá sem voru vistaðir á heimavistar skólanum Jaðri einhvern tíma á árabílinu 1946-1973 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 20 apríl 2012. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum [www.sanngirnissbætur.is](http://www.sanngirnissbætur.is) og hjá tengiliði vegna vistheimila..

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

Verði kröfu ekki lýst fyrir 20. apríl 2012 fellur hún niður.

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Hverfisgötu 4a-6a, þriðju hæð, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045. Veffang er [www.tengilidur.is](http://www.tengilidur.is).

Siglufirði 6. janúar 2012

Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður

## Talar um mistök en settist í saksóknarnefnd

Beðið var með eftirvæntingu eftir máli Atla Gíslasonar, þingmanns utan flokka, en hann var formaður þingmannanefndarinnar sem lagði til ákæru á hendur fjórum fyrrverandi ráðherrum. Atli sagði að hann hefði litið á tillögu meirihlutans sem eina heildstæða tillögu um að kæra fjóra ráðherra, ekki fjórar sjálfstæðar tillögur.

„Það er mín skoðun að fyrrkomulag atkvæðagreiðslunnar hafi verið bjagað,“ sagði Atli, og jataði að hafa gert mistök með því að gera ekki hlé á atkvæðagreiðslunni til að funda frekar um málið. Þá sagði Atli þá hafa verið sína skoðun að ákæra ætti alla eða engan.

„Ég lýsti þeirri skoðun minni á þingflokksfundi VG og í óformlegum samræðum fyrir atkvæðagreiðsluna að annaðhvort ætti að ákæra fjóra eða engan. Þessi skoðun mín kom svo fram í fjölmiðlum eftir atkvæðagreiðsluna.“



ATLI GÍSLASON

Þetta kemur illa saman við orð Atla í Fréttablaðinu tveimur dögum eftir atkvæðagreiðsluna, en spurður um hvort rétt væri að Geir einn yrði dreginn fyrir Landsdóm sagði hann þá: „Ég hugsaði einhvern tíma með sjálfum mér: Fjórir, enginn eða einn. Það er algengt í sakamálum að aðalmaður sé ákærður en aðrir ekki, án þess að ég vilji heimfæra það beint yfir á þetta.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, gaf lítið fyrir það að koma fram og ræða um mistök 15 til 16 mánuðum eftir umrædda atkvæðagreiðslu. Hefðu menn gert það strax eftir hana hefði verið betra að vinda ofan af málinu, ekki nú þegar ferlið væri komið af stað. Þá sagði hann sérkennilegt af Atla að taka sæti í saksóknarnefnd, sem er saksóknara Alþingis til ráðgjafar, ef hann taldi alla tíð að mistök hefðu verið gerð við atkvæðagreiðsluna.



# Í FLOTTU FORMI Á NÝJU ÁRI!

**HYDOXYCUT**  
Eykur brennslu, minnkar matarlyst og gefur orku í dagsins önn.



GOTT VERÐ  
**4.999** kr/pk

**HYDOXYCUT HARDCORE**  
er eitt sterkasta brennsluæfni í heiminum í dag. Margfalдар fitubrennslu, minnkar matarlyst og gefur orku. 250 mg af koffeini í einum skammti.



TILBOÐ  
**8.999** kr/stk  
fullt verð 9.999.-

**MAXX KREATÍN**  
Kreatín gefur sprengikraft, styrk og byggir upp vöðva.



TILBOÐ  
**20%**  
afsláttur við kassa

**MAXX GLÚTAMÍN**  
Glútamín verndar vöðvana gegn niðurbroti við æfingar.



**WHEY MAXX**  
Hreint mysuprótein til að byggja upp vöðva eða brenna fitu.



TILBOÐ  
**20%**  
afsláttur við kassa

**ARNAR & ÍVAR KYNNA Í DAG**  
kl.15-17 í Smáralind



GOTT VERÐ  
**199** kr/stk



**ROSEBERRY**  
Gott við blöðrubólgu, virkar innan 24 tíma. Inniheldur þykni úr trönuberjum.



TILBOÐ  
**1.999** kr/pk  
fullt verð 2.199.-

**HEILNÆM SAFAHREINSUN**  
Detox með lífrænum sófum frá Beutelsbacher.



**NÝTT**  
OMEGA3 DHA



**COQ10**  
Spilar mikilvægt hlutverk í orkuframleiðslu líkamans.



TILBOÐ  
**20%**  
afsláttur við kassa

**BIO-KULT CANDÉA**  
hefur reynt vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvafa sem er örugg fyrir börn, barnshafandi og mjólkandi mæður.



TILBOÐ  
**20%**  
afsláttur við kassa

**HVEITIKÍMOLÍA**  
Rík af E-vítamíni, sem hefur græðandi áhrif á erfiða húðkvilla. Einnig öflug til varnar hættulegum sindurefnum sem er jafnfram forvörn gegn krabbameini. Gott er að taka inn eða bera á húð.



TILBOÐ  
**20%**  
afsláttur við kassa

**KONJAK**  
Grenningarvara - Getur aukið þyngdartap um 60%



**NÝTT**

**NUPO NÆRINGARFÆÐIÐ**  
Einhver áhrifamesta og öruggasta aðferð sem þekkt þegar markmiði er að léttast, vottað af læknum og lyfjafræðingum. Nupo tryggir að líkaminn fái öll þau vítamín, steinefni og næringarefni sem hann þarfnast. Það eina sem skorið er við nögl eru hitaeiningarnar.



**NÝTT**  
MANGÓ  
VANILLA

**AMINO ENERGY**  
Orka fyrir æfingar eða yfir daginn. Inniheldur grænt te og grænt koffín. Vatnslosandi og eykur fitubrennslu.




**NÝTT**

TILBOÐ  
**20%**  
afsláttur við kassa



TILBOÐ  
**20%**  
afsláttur við kassa

**CLIPPER DETOX TE**  
Ljúffengt og bragðgott te sem inniheldur lakkrísrot, netllu og aloa vera. Létt hreinsun.



TILBOÐ  
**399** kr/pk  
fullt verð 529.-

Gildir til 23. janúar á meðan birgðir endast.

**24** Hagkaup  
**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



## KJÖRKASSINN



Á ÁTVR að hætta að selja neftóbak þar sem margir nota það sem munntóbak?

Já	48,9%
Nei	51,1%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni?

Segðu þína skoðun á visiris



Foreldrar í Hamrahverfi ósáttir við svör formanns skóla- og frístundaráðs:

## Bjóða Oddnýju til opins fundar á ný

**MENNTAMÁL** Foreldrar barna í Hamraskóla í Grafarvogi hafa ítrekað boð til Oddnýjar Sturludóttur, formanns skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar, um að mæta á opinn fund í skólanum og ræða fyrirhugaðar breytingar á skólastarfi. Fundurinn er áætlaður á fimmtudaginn eftir viku.

Foreldrarnir, sem eru margir hverjir óánægðir með fyrirhugaðan flutning unglinda-eildar Hamraskóla yfir í Foldaskóla, hafa gagnrýnt Oddnýju fyrir að hafna slíku fundarboði



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

gær að þetta væri misskilningur. Boðað hefði verið til fundarins einhliða og hún í staðinn boðið foreldrunum til fundar við sig.

og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í ráðinu lét bóka á fundi þess að fáheyrt væri að kjörinn fulltrúi neitaði að eiga samráð við þá sem ættu hagsmuna að gæta.

Pegar hefði verið haldinn opinn fundur um málið.

Marta Kristín Hreiðarsdóttir, einn talsmanna foreldranna, er óánægð með þessi viðbrögð Oddnýjar. Hún bendir á að enginn kjörinn fulltrúi hafi verið á opna fundinum í desember.

Í tölvupósti frá Oddnýju til eins talsmannanna segir að hún telji ekki þörf á opnum fundi um málið, en því eru foreldrarnir ósammála og hafa því boðað annan slíkan fund og vonast eftir þátttöku kjörinna fulltrúa.

- sh

## Naumur meirihluti fylgjandi: Króatar kjósa um ESB-aðild

**KRÓATÍA, AP** Skoðanakannanir benda til þess að Króatar muni samþykkja aðild að Evrópusambandinu í kosningum á morgun, þó varla með miklum meirihluta.

Aðildarviðræðum lauk síðastliðið sumar og höfðu þá staðið yfir í nærri fjögur ár. Samningur var svo undirritaður 9. desember síðastliðinn.

Verði samningurinn samþykktur er reiknað með að aðild verði að veruleika um mitt næsta ár, að því tilskyldu að aðildarrákin 27 samþykki einnig samninginn.

- gb



AKRANES Fórna á öryggi strætisvagnarfarþega að sögn bæjarfulltrúa.

## Bæjarfulltrúi efins um öryggi: Tuttugu standi í Akranesvagni

**SAMGÖNGUR** „Það er ekki með nokkru móti eða góðri samvisku hægt að samþykkja þann samning er fyrir liggur um akstur strætisvagns milli Akraness og Reykjavíkur,“ sagði Einar Benediktsson, fulltrúi Samfylkingar, í bókun á fundi bæjarstjórnar Akraness í gær.

Einar benti á að gert sé ráð fyrir allt að tuttugu standandi farþegum. „Þarna er verið að fórn öryggi farþega á altari Mammons,“ sagði Einar og minnti á að strætisvagn lenti utan vegar á Vesturlandsvegi fyrir nokkrum vikum. „Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda ef þar hefði verið á ferð vagn með allt að tuttugu standandi farþega.“ Málinu var vísað til bæjarráðs.

-gar

Alþjóðlegir bankar heyri undir alþjóðlegt eftirlit:

## Bankar ættu að fá mismunandi leyfi

**EFNAHAGSMÁL** Á meðan sum ríki Evrópu standa fyrir utan evrusamstarfið ganga markmið Evrópusambandsins (ESB) um sömu leikreglur fyrir öll fjármálafyrirtæki ekki upp. Þetta er meðal þess sem fram kom í erindi Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á fyrsta fundi ársins í Evrópufundaröð Alþjóðamálastofnunar HÍ í gær.

Már fjallaði um hvernig gallar í regluverki ESB hefðu komið berlega í ljós við fall íslensku bankanna haustið 2008. Starfsleyfi banka á innra markaði Evrópu, í gegnum aðild landsins að EES, hafi orðið til þess að bankarnir gátu safnað upp gífurlegri gjaldeyrisáhættu sem gerði Seðlabanka Íslands ómögulegt að standa við hlutverk sitt sem

lánveitandi til þrautavara.

Fram kom í máli Más að hugmyndir sem hann og fleiri hafa víðrað um mögulega lausn hafi hlotið góðan hljómgrunn í hópi annarra seðlabankastjóra, en óvíst sé hvernig endanleg endurskipulagning á reglum fjármálamarkaða komi til með að líta út á vettvangi ESB. Framkvæmdastjórn ESB hafi aðrar áherslur en séu ofan á í hópi seðlabankastjóra álfunnar.

Már hefur lagt til að búin verði til að minnsta kosti tvönn konar starfsleyfi fyrir banka í Evrópu. „Starfsleyfi á millibankamarkaði í Evrópu þarf að kallast á við evrópskt eftirlit og öryggisnet, en með öryggisneti á ég við innstæðu-tryggingakerfi og lánveitanda til þrautavara,“ segir hann. Lönd á evrópska efnahagssvæðinu gætu svo gefið út annars konar starfsleyfi handa bönkum sem einungis ætluðu að starfa innanlands. Hér myndu slíkir bankar heyra undir Fjármálaeftirlitið (FME) og hafa bakland í Seðlabankanum.

Síðan mætti mögulega aðgreina starfsleyfi enn frekar, svo sem með því að bankar með mjög einfalda starfsemi, líkt og sparisjóðir, fengju annars konar starfsleyfi og þyrftu ekki að hlíta jafnströngum reglum og aðrir.

- óká



MÆTTIR Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórólfur Matthíasson, forseti Hagfræðideildar HÍ, sem stýrði fundi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Á RÁÐSTEFNUNNI Liz Kelly var meðal þeirra sem héldu erindi á ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Nauðgunarmál sjaldan fyrir dóm

Líklegra er að menn séu dæmdir fyrir nauðgun ef þeir eru útlendir og ókunnugir. Sakkfellingar ýta undir staðalmyndir sem reynt hefur verið að útrýma. Fjögur prósent kæra eru talin fölsk.

**SAMFÉLAGSMÁL** Mun meiri líkur eru á því að nauðgarar fáiast dæmdir ef þeir eru útlendingar, þekkjast ekki fórnarlamb sitt og hafa áður verið sakaðir um glæp. Þetta sýna samanburðarrannsóknir á ellefu Evrópulöndum, sem greint var frá á ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota í gær. Innanríkisráðuneytið og Háskóli Íslands stóðu fyrir ráðstefnunni í samstarfi við Evrópuráðið.

Liz Kelly, prófessor við London Metropolitan háskóla í Bretlandi, kynnti rannsóknina sem hún hefur meðal annars unnið að. Ef fórnarlamb nauðgunar hafði farið í lækniakönnun og hafði áverka, hafði ekki sögu um geðsjúkdóma og var kona var líklegra að sakkfellt væri. Kelly segir að þrátt fyrir að reynt hafi verið að útrýma staðalmyndum um nauðganir og nauðgara sé enn að mestu leyti sakkfellt í málum sem falli inn í staðalmyndirnar.

Fimmtán prósent nauðgunarmála sem kærð eru til lögreglu enda með sakkfellingu, en allt að 68 prósent málanna eru látin niður falla á fyrstu stigum rannsókna. Kelly segir oft talað um að réttarhöld séu gríðarlega erfið fyrir þolendur kynferðisofbeldis. „En mikill meirihluti þeirra fer aldrei nokkurn tímann inn í dómssal.“

Málin voru látin niður falla vegna ónægra sönnunargagna í þrjátíu prósentum tilfella, en í 27 prósentum tilfella hættu þolendurnir þátttöku. Það segir Kelly fyrst og fremst merki um vantraust á kerfinu. Fjögur prósent

mála voru talin falskar kærur og í slíkum málum var algengast að meintur árársamaður væri óþekktur og frásagnir voru óljósar.

Kelly segir vel þekkt að þolendur kynferðislegs ofbeldis finni fyrir vanmætti í kjölfarið. Allir sem komi að málum af þessu tagi þurfi að hafa það í huga og gera sér grein fyrir því að með sínum gjörðum geti þeir viðhaldið eða aukið á þjáningu þolendanna með því að taka stjórnina enn frekar af þeim. Því skipti viðbrögðin á öllum stigum máli.

Hún segir að niðurstaða dómstóla sé aðeins ein leið til réttlætis fyrir þolendur. Þeim geti líka fundist réttlætinu fullnægt á öðrum stigum málsins. Rannsóknir hafi sýnt að það sem mestu máli skipti fyrir nauðgunarfórnarlömb sé að þeim sé trúað. Þess vegna sé þau líklegri til þess ert segja einhverjum frá sem þau treysta og halda að muni trúa þeim.

„Í réttarkerfinu er oft gerð krafa um að konur fari beinustu leið til lögreglunnar. Af hverju? Af hverju ættirðu að gera það? Af hverju ættirðu að leita til stofnunar sem þú ert ekki viss um? Eru ekki manneskjulegri viðbrögð að segja einhverjum frá sem þú treystir og þekkir?“

Hún segir allar fullorðnar konur gera sér grein fyrir því að verði þær fyrir ofbeldi verði þeim mögulega ekki trúað eða þeim sé á einhvern hátt kennt um. „Á meðan þessi menning er við lýði verða alltaf til konur sem kjósa að segja ekki frá ofbeldinu.“

thorunn@frettabladid.is

## ÚTHLUTUN ÚR HÖNNUNARSJÓÐI AURORU Í MARS 2012



### FRESTUR TIL AÐ SKILA INN UMSÓKNUM RENNUR ÚT 21. FEBRÚAR

**HÖNNUNARSJÓÐUR** Auroru hefur að markmiði að skjóta styrkum stöðum undir íslenska hönnun með því að veita hönnuðum og arkitektum fjárhagslega aðstoð. Nánari upplýsingar um úthlutaða styrki og leiðbeiningar vegna umsókna er að finna á [www.honnunarsjodur.is](http://www.honnunarsjodur.is) Umsóknir og fyrirspurnir sendist á [info@honnunarsjodur.is](mailto:info@honnunarsjodur.is) Hönnunarsjóður Auroru



# BETRA VERÐ OG AFLMEIRI VÉL FYRIR LAND OG ÞJÓÐ



Pajero kostar frá  
**9.850.000 kr.**

Pajero Intense dísel sjálfskiptur

Stadalbúnadar í Intense útfærslu er meðal annars:  
200 hestöfl, stöðugleikastýring, 18" álfelgur, 7 sæta, 100%  
læsing að aftan, útvarp með 6 diska magasíni, þakbogar o.fl.

## PRAUTREYNDUR VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Íslenskir vegir gera kröfur um fullkomið fjórhjóladrif með 100% læsingu að aftan og stöðugleikastýringu. Íslenskir ökumenn gera kröfur um 3.300 kílóa dráttargetu og óviðjafnanleg þægindi fyrir allt að sjö manns, útvarp með 6 diska magasíni með tengingu við farsíma (Bluetooth), 18" álfelgur og dökkan rúður. Komdu og finndu hvernig Pajero stendur undir þessum kröfum lands og þjóðar.



**MITSUBISHI PAJERO ER TIL AFHENDINGAR STRAX**

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt







1. Hvaða erlenda útgáfufyrirtæki hefur samið við Bjarna Hauk Þórsón um bókarshrift?
2. Hvar vilja kinnverskir fjárfestar leggja fé í heilsuþorp?
3. Hvar er ráðstefna um læsi haldin um helgina?

## SVÖRIN

Norrena vnaorin  
1. Ransom House, 2. Á Flúðum, 3. Í

Síldargengd í Breiðafirði hefur mikil áhrif á fuglalíf við norðanvert Snæfellsnes:

## Aldrei sést fleiri hafernir á svæðinu en í ár

**NÁTTÚRA** Árleg talning vetrarfugla, sem er nýlökð, sýnir mikið og fjölskrúðugt fuglalíf á norðanverðu Snæfellsnesi. Á talningasvæðunum nú voru 29 þúsund fuglar af 39 tegundum.

Fuglalífið er óvenju blómlegt vegna mikillar síldargengdar í Breiðafirði, og á það við fjórða veturinn í röð. Nú sást enn fleiri fuglar en áður, að því er kemur fram á vef Náttúrustofu Vesturlands.

Á meðal þess sem mesta athygli vekur er gríðarlegur fjöldi máfa, súlna og annarra fiskæta. Algengustu tegundirnar voru svartbakur, æðarfugl og hvítmáfur en máfar, æður, súla og fýll voru samtals ríflega 80% af heildarfjölda. Samtals sást

16 hafernir, fleiri en nokkru sinni fyrr.

Náttúrufræðistofnun tekur við niðurstöðum talninganna og er búist við að talið hafi verið á nærri 180 svæðum á Íslandi í ár.

Árlegar vetrarfuglatalningar hófust á Íslandi um jólaleytið 1952 að bandarískri fyrirmynd. Á síðustu árum hafa hátt á annað hundrað manns tekið þátt. Talningar fóru lengst af fram um jólin og af þeim sökum hafa talningar þessar oft verið nefndar jólatalningar.

Markmiðið er að safna upplýsingum um fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi. Talningar eru staðlaðar og geta því nýst til vöktunar einstakra stofna.



**MÁFAR ÁBERANDI** Vetrarfuglatalningar hafa verið samfelld á Íslandi frá 1952.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Brautargengi í Reykjavík

Námskeið fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd í nýju eða starfandi fyrirtæki

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- skrifi viðskiptaáætlun
- kynnist grundvallaratriðum varðandi stofnun fyrirtækja
- öðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestur, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu og hentar jafnt konum sem eru að hefja rekstur og konum sem reka nú þegar fyrirtæki.

**Kennsla hefst 13. febrúar. Umsóknarfrestur er til 27. janúar.**

Umsóknarform er að finna á [www.nmi.is](http://www.nmi.is). Upplýsingar veitir Jóhanna Ingvarsdóttir í síma 522 9267 og [johanna@nmi.is](mailto:johanna@nmi.is).

ÞEKING - KRAFTUR - TENGL



Nýsköpunarmiðstöð Íslands



**NEMENDUR Í VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS** Nemendum sem fengu hvorki skólavist í vali eitt né tvö fækkaði um þriðjung milli árunna 2008 og 2010.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Flestir fengu inni í skóla að eigin vali

Samkvæmt nýaflögðu innritunarkerfi framhaldsskóla fengu 98 prósent nemenda inni í öðrum hvorum þeirra skóla sem þeir völdu. Stefnt er að því að kynna nýtt bráðabirgðafyrirkomulag í næsta mánuði.

**MENNTAMÁL** Námsráðgjafar hafa orðið varir við óryggi meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla og foreldra þeirra vegna óvissu um hvernig staðið verði að innritun í framhaldsskóla næsta haust.

Samkvæmt heimildum blaðsins verður málið tekið upp á vettvangi Félags náms- og starfsráðgjafa eftir að menntamálaráðuneytið kynnir í byrjun næsta mánaðar bráðabirgðafyrirkomulag við innritun.

Fyrirkomulag sem hefur verið við lýði síðustu ár var aflagt í janúarbyrjun eftir nýtt álit umboðsmanns Alþingis. Í því kom fram að lagastöð hafi skort fyrir hverfaskiptingu nemenda í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Breytt fyrirkomulag innritunar sem tekið var í notkun árið 2010 kvað á um að ákveðið hlutfall plássá í hverjum skóla skyldi tekið frá fyrir nemendur úr hverfi skólans. Val nemenda fór þannig fram að þeir tildóku tvo skóla, þann sem þeir vildu helst sækja í fyrsta vali og svo næstbesta kost í öðru vali.

Samkvæmt gögnum frá menntamálaráðuneytinu virðist innritun samkvæmt nýja kerfinu, sem nú hefur verið aflagt, hafa verið skilvirkari en fyrri aðferðir og mun færri nemendur staðið uppi án skóla

við lok innritunar. Árið 2009 urðu nokkur vandræði við innritun þegar gildi tóku lög um fræðsluskyldu allt til 18 ára aldurs. Það ár voru 342 nemendur án skóla að vali loknu og þurftu sérstaka íhlutun ráðuneytisins. Haustið 2010 var þessi fjöldi kominn niður í 209 og í fyrrahaust þurftu einungis 80 nemendur sérstaka íhlutun.

Samkvæmt tölum ráðuneytisins fengu síðasta haust rúmlega 98 prósent nemenda skólavist í öðrum hvorum þeim skóla sem þeir völdu og 87 prósent fengu inni í þeim skóla sem þeir vildu helst.

Álit umboðsmanns Alþingis kemur í kjölfar umkvartana til hans frá tveimur nemendum í 10. bekk grunnskóla. Annar taldi innritunarreglurnar fela í sér mismun og á grundvelli búsetu og brjóta í bága við jafnræðisreglur.

Í kvörtuninni var bent á að framhaldsskólar væru ekki allir sambærilegir og að í þeim væri ekki sama námsframboð. Hinn nemandinn taldi innritunarreglurnar ekki byggjast á málefnalegum sjónarmiðum. „Með þeim væri réttur nemenda til valfrelsis skertur og þeim mismunad á ómálafnalegum forsendum,“ segir í áliti umboðsmanns.

olikr@frettabladid.is

## Velferð á óvissutímum

Þann 27. janúar n.k. standa Félagsráðgjafardeild og Þroskajálfabraut Háskóla Íslands, Ís-Forsa, Þroskajálfafélag Íslands og Félagsráðgjafafélag Íslands fyrir opinri ráðstefnu undir yfirskriftinni **Velferð á óvissutímum**. Í ágúst 2011 var haldin ráðstefnan The Joint Nordic Conference on Welfare and Professionalism in Turbulent Times. Af því tilefni verður endurflutt efni forráðstefnunnar og íslensku aðalfyrirlestranna og dregnar saman helstu niðurstöður ráðstefnunnar.

### Dagskrá

13:00 – 13:10	Opnun ráðstefnu	Anni G. Haugen, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
13:10 – 13:20	Ávarp	Guðbjartur Hannesson, velferðarráðgjafi
13:20 – 13:50	Þekking og áhrifavald í félagsráðgjöf – siðfræðilegt og pólitískt sjónarhorn	Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
13:50 – 14:20	Fatlað fólk og velferðarríkið: Uppgjör við fortíð – hvert stefnir í framtíð?	Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands
14:20 – 14:40	Kaffi	
14:40 – 15:10	Hverjir eru lærdómar bankahrunsins?	Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands
15:10 – 15:40	Lífskjör í kreppu	Kolbeinn Stefánsson, aðjúnkt við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
15:40 – 16:00	Samantekt af ráðstefnu frá í ágúst	Gunnar Sandholt, félagsmálastjóri

Léttar veitingar í boði ráðstefnuhaldara í lok ráðstefnu

Ekkert þátttökugjald en þörf er á að skrá sig á [www.throska.is](http://www.throska.is)

## Allir velkomnir



**Staðsetning:**  
Grand hotel Reykjavík  
Sigtúni 38, 105 Reykjavík.

### Innritun nýnema 2008-2011

Nemendur sem hvorki fengu skólavist í vali 1 né 2 við innritun í framhaldsskóla	
Haut 2008	310
Haut 2009	342
Haut 2010	209
Haut 2011	80

Heimild: Menntamálaráðuneytið



SÝNING Í DAG  
frá kl. 12-16

LAND ROVER

# FRUMSÝNUM DISCOVERY 4 Í ÞREMUR NÝJUM ÚTFÆRSLUM

Við bjóðum ykkur velkomin til okkar að skoða í fyrsta skipti Land Rover Discovery 4 í þremur nýjum útfærslum með nýjum sparneytnari vélum og nýrri 8 þrepa takkasjálfskiptingu.



Við sýnum nýju og glæsilegu gerðirnar af Land Rover í fallegri umgjörð í samstarfi við 66°NORÐUR.



## VERIÐ VELKOMIN Í KAFFI

Verið velkomin til okkar í dag milli kl. 12-16 að skoða það nýjasta frá Land Rover. Sölumenn okkar sýna nýjan Discovery 4, nýjan og glæsilegan Range Rover Evoque og reynsluboltann Land Rover Defender.





Hundrað karlar skrifa gegn nauðgunum:

## Meira svona, strákar!

**H**undrað karlar, sem skrifuðu bjar- og lögreglu-yfirvöldum og skipuleggjendum Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum bréf og kröfðust aðgerða til að koma í veg fyrir nauðganir, eiga hrós skilið. Karlmennt láta of sjaldan að sér kveða með þessum hætti í umræðum um kynferðisglæpi.

Það sem hundraðmenningarnir segja í bréfi sínu ættu flestir að geta tekið undir; ábyrgð á nauðgun liggur aðeins hjá gerandanum sjálfum og það er sorglegt að lítill hópur öfbeldismanna geti valdið svo miklum skaða og varpað skugga á það sem á að vera gleðiviðburður. Hins vegar berum við öll ábyrgð á að gera allt sem við getum til að hindra slíka glæpi. Yfirvöld í Eyjum bera sinn hluta af þeirri ábyrgð.



SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is

Eitthvað hefur borið á því að Eyjamönnum hafi sárnað tilskriðið og spurt af hverju spjótunum sé eingöngu beint að

Þjóðhátíð í Eyjum en ekki öllum öðrum stöðum og viðburðum, þar sem nauðganir eiga sér stað.

Það er þó fullkomlega eðlilegt að athyglin beinist nú að Þjóðhátíð. Þar voru tilkynntar fimm nauðganir í fyrra, sem er fimm of mikið. Það gerðist nokkrum vikum eftir að formaður Þjóðhátíðarnefndar viðhafði vægast sagt óheppileg ummæli um kynferðisglæpi. Hann sakaði Stígamót, samtök gegn kynferðisofbeldi, um að ýta undir vandamálið og að fleiri kynferðisafbrot væru framin þegar samtökin væru á svæðinu! Þetta getur ekki kallast annað en sérþöntun á athygli, umræðu og aðhaldi að Þjóðhátíð í Eyjum í þessum efnunum.

Viðbrögð bjar- og lögreglu-yfirvalda í Eyjum við bréfaskriftunum hafa að þessu sinni verið jákvæð og yfirveguð. Hjá þeim kemur fram eindreginn vilji til að standa þannig að málum að hæg sé að gera það sem hægt er til að fyrirbyggja kynferðisbrot á þjóðhátíð í sumar.

Vonandi eru þessi viðbrögð ekki til merkis um að því sé betur tekið þegar hundrað karlar skrifa bréf en þegar Stígamót eða kvennasamtök gagnrýna sömu hluti. Vonandi er frekar um það að ræða að Eyjamenn hafi lært af vondri reynslu á síðustu Þjóðhátíð. Kannski er þó um sambland af þessu tvennu að ræða.

Það er þó mikilvægt að karlar taki sig saman og fordæmi nauðganir opinberlega eins og hundraðmenningarnir gera. Í langflestum nauðgunarmálum er glæpamaðurinn karl og fórnarlambið kona. Framtak hundraðmenninganna er til þess fallið að senda hugsanlegum nauðgurum þau skilaboð að aðrir karlar líti niður á verknadinn; að hann sé merki um ómennsku en ekki karlmennsku.

Árangur næst ekki í baráttunni gegn kynferðisofbeldi né jafnréttisbaráttunni yfirleitt nema bæði kyn taki höndum saman um að beita sér fyrir breytingum. Vonandi stækkar hópur hundraðmenninganna og lætur duglega í sér heyra, alls staðar þar sem þörf er á. Því að kynferðisofbeldið er ekki einangrað við Þjóðhátíð í Eyjum, þótt athyglin hafi beint að henni um stund.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLÉL: Ari Edwald  
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Iðn 1670-3871



Lúka ehf. umboðsaðili Paul Mitchell, Schwarzkopf Professional, Indola, Via, Brazilian Blowout og Euro.So.Cap á Íslandi óskar eftir solumanni í 100% starf.  
Einungis aðili með ríkan metnað, frumkvæði sem getur unnið sjálfstætt kemur til greina.

#### Starfið

Umsjón með Schwarzkopf Professional vörulínunni  
Umsjón með markaðsmálum  
Gerð söluáætla  
Ábyrgð á innkaupum frá birgja  
Samskipti við erlenda birgja  
Sala og kennsla til viðskiptavina  
Námskeiðahald  
Ferðalög erlendis

#### Hæfniskröfur

Menntun í hárið  
Reynsla af sölustörfum  
Góð almenn tölvuþekking  
Þekking á Navison bókhaldskerfi kostur

Nánari upplýsingar veitir Elín Friðjónsdóttir hjá Vinna.is - elin@vinna.is.  
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á www.vinna.is Númer starfs: 565933



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Uppgjörið við frjálshyggjuna

**R**eykjavíkurfélag VG sendi frá sér ályktun í vikunni þar sem sakamálinu gegn Geir Haarde, fyrrum forsætisráðherra, fyrir landsdómi var lýst sem mikilvægum þætti í pólitísku uppgjöri við frjálshyggjuna. Þetta er stærsta félag áhrifamesta stjórnmalaflokks í landinu. Það gefur ályktuninni óneitanlega verulegt vægi.

Tílefni ályktunarinnar var að styðja forystu flokksins í átökunum við Ögmund Jónasson. Engin önnur stjórnmalasamtök og engir einstakir stjórnmalamenn sem styðja landsdómsréttarhöldin hafa af jafnmikilli hreinskiptni og einlægni sagt berum orðum að breyta eigi Íslandi í ríki



ÞORSTEINN PÁLSSON

Hitt er lögfræðilegt verkefni að ákæra, verja og dæma menn á grundvelli laganna. Alþingi hefur tekið að gera slíkt lögfræðilegt viðfangsefni að einhverju heitasta pólitíska átakamáli síðari ára og hefur þó ekki verið

þar sem nota eigi dómstóla til að gera upp pólitískan ágreining. Í lýðræðisríkjum fer uppgjör við stjórnmalastefnur fram í almennum kosningum.

Það er pólitískt viðfangsefni að setja refsilög. Það er lögfræðilegt verkefni að ákæra, verja og dæma menn á grundvelli laganna. Alþingi hefur tekið að gera slíkt lögfræðilegt viðfangsefni að einhverju heitasta pólitíska átakamáli síðari ára og hefur þó ekki verið

skortur á þeim. Ástæðan fyrir því eru þau viðhorf sem bjuggu að baki upphaflegri ákvörðun Alþingis og koma skýrt fram í ályktun Reykjavíkurfélags VG.

Ögmundur Jónasson skýrir sinnaskipti sín í landsdómsmálinu með því að hann hafi strax og koma skýrt fram í ályktun Reykjavíkurfélags VG.

Þó að það hafi ekki verið tilgangur ályktunarinnar hefur hún varpað góðu ljósi á pólitískt eðli landsdómsmálsins.

## Úrelt lög

**L**engi hefur verið ljóst þeim sem til þekkja að lögin um landsdóm eru úrelt. Þau eru leifar réttarfars sem ríkti áður en þingræðisskipulagið var viðurkennt. Þrátt fyrir hálftrar aldar gamlar endurbætur á lögunum stríða þau gegn mörgum grundvallarreglum nútíma sakamálaréttarfars. Nokkur óvissa er því um að réttarhöldin sem nú standa samræmist alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum.

Þeir sem stóðu að ákvörðun um að nota lögin í fyrsta skipti í sögunni á haustmánuðum 2010 svöruðu gagnrýni af þessu tagi með þeim einfalda útrúningi að fyrst þau stæðu enn í lagasafninu væri

einbúið að nota þau. Þetta mikilvæga álitaefni fékkst því ekki rætt.

Umræðan í þjóðfélaginu frá þeim tíma og reyndar allur framgangur málsins þar sem tveimur veigamestu ákæruefnunum hefur verið vísað frá dómi ætti að hafa sýnt mönnum fram á að það var misráðið að beita þessum úreltu lögum. Það er því bæði rétt og skylt að vega og meta framhaldið í þessu ljósi og láta á það reyna á ný á Alþingi.

Einn af þingmönnum Samfylkingarinnar hefur réttilega vakið athygli á því að tillagan um að breyta fyrri ákvörðun snýst ekki um æru Geirs Haarde. Hann nefndi hins vegar ekki að ástæðan fyrir

því er sú að hún snýst um heiður og sóma Alþingis. Þingið er ekki að blanda sér í meðferð máls fyrir dómstóli. Það er einungis að endurmeta eigin ákvörðun.

Segja má að Alþingi sé beinlínis skylt að taka málið til endurskoðunar þegar hluti þeirra sem stóðu að upphaflegri ákvörðun hefur efasemdir um að rétt hafi verið farið að. Það myndi gerast ef ákærandinn væri sjálfstæður og óháður. Gallinn við landsdómslögin er sá að ákærvaldið er í höndum Alþingis en ekki sjálfstæðs saksóknara eins og nútímaréttarfar krefst. Alþingi getur ekki horft framhjá þessum ágalla svo mikill sem hann er.

## Flótti frá rökræðu

**V**ið fyrstu umræðu málsins í gær var flutt frá-vísunartillaga til þess að koma í veg fyrir þinglega meðferð málsins. Þó að slíkt sé ekki með öllu dæmalaust er það í meira lagi óvenjulegt svo vægt sé til orða tekið. Í raun getur ekkert annað hafa búið að baki frá-vísunartillögunni en að þeir þingmenn sem hlut eiga að máli treysti sér ekki í málefnalegar rökræður

um forsendur þessa afbrigðilega ákærums.

Margir þeirra þingmanna sem standa að frá-vísuninni hafa deilt áhyggjum með þeim sem séd hafa virðingu Alþingis þverra jafnt og þétt vegna flóttu undan málefnalegri rökræðu. Nú eru það örlög þessara þingmanna sjálfra að lækka ris Alþingis með slíkum flóttu. Málefnaleg rök geta ekki staðið til þess að leggja til að mál

sem snýst um grundvallaratriði réttarfars og nútíma mannréttinda fái ekki þinglega meðferð.

Með alveg óskiljanlegum hætti hafa forystumenn stjórnarflokkanna litið svo á að þingleg meðferð tillögunnar gæti ógnað stjórnarsamstarfinu. Ekki er unnt að vefengja það mat. En svarið er þetta: Ekkert stjórnarsamstarf er mikilvægara en lýðræðisleg meðferð þeirra mála sem fyrir Alþingi eru lögð.



ISLENSKA SMÁLSÍÐI 57442 01/12



# DENVER

FRÁ 43.400KR

*Ég er skidakona. Það er mín ástríða.  
Ég hef farið út um allan heim á  
skíði og það er einstakt að vera  
í Denver þar sem frábærir  
Vertingastadir og hámennung er  
rétt við útivistarparadís.*



**Sendu ljósmynd frá upphaldsborginni þinni**

Finndu eina mynd úr myndasafninu þínu, farðu inn á [www.icelandair.is/ferdaminning](http://www.icelandair.is/ferdaminning) og sendu mynd með sögu. Þú gætir verið á leið til upphaldsborgarinnar þinnar í boði Icelandair.







adv



**Skýrr, HugurAx og  
norræn dótturfyrirtæki  
sækja fram  
undir nýju nafni:**

# advania

Í tvö ár höfum við unnið að því að sameina og samþætta starfsemi Skýrr og dótturfélaga hér heima og á Norðurlöndunum. Lokahnykkurinn er nýtt nafn – **Advania** – sem er dregið af enska orðinu „Advantage“ og þýðir forskot.

Advania er eitt af öflugustu fyrirtækjunum í upplýsingatækni á Norðurlöndum, með um 1.100 starfsmenn, 20 starfsstöðvar í fjórum löndum og 110 þúsund viðskiptavinum um allan heim. Verkefni okkar spanna öll svið upplýsingatækni; hugbúnað, vélbúnað, hýsingu og rekstrarþjónustu.

Við munum halda áfram að vaxa og skapa viðskiptavinum okkar forskot á sínum vettvangi með traustri þjónustu og skapandi lausnum.

**Við ætlum að standa undir nafni.**



**advania**

Welcome to IT



## AF NETINU

## Ólafur þarf að svara áskorendum

Það er ekkert víst að það borgi sig að vera alltof snemma á ferðinni í þessu geimi. En Ólafi Ragnari er viss vandi á höndum. Hann verður að fara að segja af og á um hvort hann verður í framboði. Annað er í raun ókurteisi við kjósendur og við þá sem hyggja ef til vill á framboð. Þannig að í raun þarf hann að svara áskorendunum Guðna, Ragnari og Ásgerði nokkuð fljótt.

<http://silfuregils.eyjan.is>

Egill Helgason

## Sannleiksnefnd er svarið

Sannleiksnefnd um hrúnið og aðdraganda þess er það sem við Íslendingar þurfum. Sannleiksnefnd sem starfar fyrir opnum tjöldum. Sannleiksnefnd þar sem markmiðið er að draga fram þau mistök sem við gerðum fyrir hrún, í hrúninu og í kjölfar hrúnsins. Það er eina leiðin til þess að við getum lært af því. Það á ekki að elta menn fram í rauðan dauðann.

<http://blog.eyjan.is/hallurm/>

Hallur Magnússon

## Af talnakúnstum

## Skattamál

Tómas Már Sigurðsson

formaður Viðskiptaráðs Íslands



Áramótaumfjöllun um skatta-hækkanir fer nú fram fjórða árið í röð. Að vanda kveinka forsvarsmenn skattastefnu stjórnsvalda sér undan henni. Í grein í Fréttablaðinu síðastliðinn laugar-dag fjallar fyrrverandi fjármála-ráðherra um yfirlit Viðskiptaráðs um skattkerfisbreytingar síðustu ára þar sem bent er á að skattar hafi hækkað verulega og að skattkerfi, sem var að grunngerð gott, hafi verið umbylt og orðið svo flókið að sé til óþurftar.

Skattar varða hag allra og því mikilvægt að um þá sé fjallað af vandvirni og án skætinga. Hér verður athyglinni því beint að viðfangsefninu eingöngu, þ.e. hvort skattar hafi hækkað, hvort skattkerfið sé orðið of flókið og hvort breytingar síðustu ár séu líklegar til að styðja eða hamla efnahagslegri endurreisn.

Fyrst er þó rétt að nefna að eitt mikilvægasta verkefni frá hrúni er að tryggja hallalaus rekstur hins opinbera. Þó einhverjar skatta-hækkanir hafi því verið nauðsynlegar eru flestir þeirrar skoðunar að gengið hafi verið of langt og skattastefnan ógni nú uppbyggingu atvinnu- og efnahagslífs.

## Hafa skattar hækkað eða lækkað?

Það er raunar kostulegt að deilt sé um hvort skattar hafi hækkað. Í þeirri rökræðu bregður fyrir ýmsum „talnakúnstum“ (hlutfalli af landsframleiðslu, föstu eða breytilegu verði, mati á áhrifum á mismunandi hópa, o.fl.) og aðferðin ræðst oft af hagsmunum þess er flytur skilaboðin. Þar geta allir litið í eigin barm.

Ráðherra heldur því fram að skattar hafi lækkað því skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu eru lægri nú en árin 2005 til 2007. Þetta er rétt og er bæði eðlilegt og æskilegt að heildarskatttekjur séu nærmar fyrir efnahagssveiflum, þ.e. að hlutfallið dragist saman í niðursveiflu og hækkir í uppsveiflu. Fallandi skatttekjur þýða þó ekki að skattar hafi lækkað, heldur endurspeglar þar mikill samdráttur í landsframleiðslu og veruleg lækkingun raunlauna. Lækkingun skatttekna sem hlutfall landsframleiðslu er því varla til að stæra sig af. Það er aftur á móti krefjandi verkefni að skapa réttar aðstæður til að snúa þeirri þróun við og vafamál hvort uppbygging skattkerfisins nú stuðli að því.

## Skattar stighækkandi eftir tekjum ...


Íslenska tekjuskattkerfið er, og var fyrir upptöku þrepaskiptingar, svo uppbyggt að þeir tekjuhærri greiða ekki aðeins fleiri krónur í skatta en þeir tekjulægri heldur greiða þeir einnig hlutfallslega meira af sínum launum. Árið 2007 var skattprósenta í staðgreiðslu 35,72% og persónuafsláttur 32,150 kr. á mánuði. Það þýddi að af 150.000 kr. tekjuskattsstofni greiddu einstaklingar 14,3% í skatt, 25% af 300.000 kr. og 30,4% af 600.000 kr. Þegar skattstofninn fjórfaldaðist þá tvöfaldaðist skatthlutfallið og skattgreiðslan áttfaldaðist.

## ... og skattbyrðin hefur aukist hjá öllum

Samanburðarhæf skattbyrði (þ.e. reiknuð á föstu verðlagi og út frá staðgreiðsluhlutfalli tekjuskatts, útsvari og persónuafslætti) hefur aukist hjá öllum þeim sem greiða tekjuskatt. Af 150.000 kr. mánaðarlaunum var hún 14,3% árið 2007 en 16% 2011. Sambærilegar tölur fyrir 300.000 kr. laun eru 25% og 28,1% og 30,4% og 35,2% fyrir 600.000 kr. laun (sjá mynd). Það er erfitt að sjá að skattbyrði, jafnvel tekjulágra, hafi lækkað. Það kemur reyndar ekki á óvart, enda

## Skattbyrði eftir tekjuskattsstofni

## á föstu verðlagi ársins 2007.



tekið fram í fjárlagafrumvörpum ríkisstjórnar síðustu ára að skatta verði að hækka.

## Skattar á atvinnu, fjármagn, eignir og neyslu hafa einnig hækkað

Fyrir einstaklinga sem borga skatta af launum eru fullyrðingar um að skattar hafi lækkað fjarstæðukenndar. Það sjá þeir á launa-seðlinum, í matvöruversluninni, í ÁTVR, þegar þeir kaupa flugmiða, bensín o.fl. Það sama má segja um atvinnurekendur og þá sem hafa tekjur af fjármagni, en skattar á hagnað, launagreiðslur, fjármagnstekjur og eignir (o.fl.) hafa hækkað eða verið teknir upp nýir frá árinu 2008.

## Tíðar breytingar eru vandamál

Ráðherra gerir athugasemdir við að Viðskiptaráð haldi yfirlit um skattabreytingar, en slíkt yfirlit er hvergi aðgengilegt hjá opinberum aðilum. Ráðherra telur yfirlitið marklausar tölur, enda skipti efnis skattabreytinga máli en ekki fjöldi. Þó efnis skipti máli þá gerir fjöldi og flækjustig kerfisins það einnig. Við það eykst kostnaður fyrirtækja og opinberra aðila, hættu er á mistökum í lagasetningu og óvissa skapast um rekstrarforsendur fyrirtækja. Flækjustig kerfisins dregur úr hvötum til framtaks fólks og fyrirtækja þegar sist skyldi. Góð yfirsýn yfir skattaumhverfið er nauðsynleg og yfirlit Viðskiptaráðs því gagnlegt. Ívilnandi skattabreytingar er einnig að finna í yfirlitinu, en ráðherra eru þakkaðar gagnlegar ábendingar um atriði sem vantar. Vegna fjölda breytinga kemur kannski ekki á óvart að eitthvað misfarist í samantektinni.

Í öllum þessum arágruga skatta-breytinga má finna breytingar til bóta, eins og t.d. eðlilega lækkingun tryggingargjalds í ár eftir mikla hækkun undanfarið og ívilnanir fyrir nýsköpun. En stóru drættirnir skipta máli fyrir áhrif kerfisbreytinga á gangverk hagkerfisins og þeir felast í umfangsmiklum breytingum á skattkerfinu sem í langflestum tilvikum fela í sér nýja og hækkaða skatta. Um þetta hefur Viðskiptaráð fjallað ítarlega áður.

## Raunveruleiki heimila og fyrirtækja skiptir mestu

Þótt töluleg rýni sýni ótvírætt að skattar hafi aukist á undanföllum árum mætti svara spurningunni um hvort skattar hafi hækkað eða lækkað með könnun á skodunum heimila og fyrirtækja. Fáir velkjást í vafa um hvert svarið yrði. Ef mörgum líður þannig að skattar hafi hækkað verulega hefur það áhrif á vinnubrögð þeirra og starfs-hætti.

Vandinn blasir við: Hvatarinn sem umbreytt skattkerfi býr fólki og fyrirtækjum vinna gegn framtakssemi, fjárfestingu, sparnaði, hóflegri neyslu, aðkomu að atvinnu-starfsemi, verðmætasköpun og nýráðningum starfsfólks. Um leið stuðla þeir að flótta fólks og fyrirtækja í aðrar skattalögsögur, af vinnumarkaði eða skattaundanskotum. Þessir hvatar eru nú orðnir verulega óheilbrigðir endurreisn og uppbyggingu hagkerfisins. Því þarf að breyta og fyrr frekar en seinna.

Athugið!  
Næsti umsóknarfrestur  
er til 15. febrúar 2012

Tækniþróunarsjóður  
Styrkir til nýsköpunar

- Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.
- Tækniþróunarsjóður fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs.
- Sjóðurinn styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
- Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.
- Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggja vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.

Nánari upplýsingar um sjóðinn  
eru á [www.rannis.is](http://www.rannis.is)



frá kr. 92.200

# Einstakt tækifæri!

# Kanarí

7. febrúar

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólinu á Kanaríeyjum þann 7. febrúar í viku á frábærum kjörum. Í boði er m.a. frábær sértíloð á hinum vinsælu gististöðum Las Camelias og Beverly Park. Einnig erum við með aðra gististaði á sérlega hagstæðu verði. Ekki missa af þessu einstaka tilboði. Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara!

**Kr. 92.200 – Las Camelias**  
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og eitt barn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi í 7 nætur.  
Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi kr. 104.900 á mann.

**Kr. 109.900 – Beverly Park með allt innifalið**  
Netverð m.v. 2 fullorðna og eitt barn í herbergi á mann á Beverly Park hótelinu í 7 nætur.  
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 134.700 á mann.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



# Útsöluur!

# 40-50%

## afsláttur af útsöluvörum

[www.herragardurinn.is](http://www.herragardurinn.is)

*herra*  
**GARÐURINN**  
*-klæðir þig vel*

KRINGLAN 568 9234 - SMÁRALIND 544 2410

nýjar vörur frá

SAND

POLO  
RALPH LAUREN

eterna

nýjar vörur frá



ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201

# Lokadagar!

# HUGO BOSS

KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242



# Tólfta lífið

## Bókmenntir

**Guðrún Jónsdóttir**  
dóttir Brynhildar  
Georgíu Björnsson



Það var í janúar fyrir ári sem ég sá viðtal í DV við Hallgrím Helgason rithöfund. Þar kom fram að hann væri að skrifa bók byggða á sögu móður minnar sem hét Brynhildur Georgía Björnsson og lést í febrúar 2008. Þó ég hefði ekkert af skrifum Hallgríms vitað komu þau mér ekki á óvart því móðir mín hafði eitt sinn sagt mér af símtali á milli þeirra tveggja.

Hann hafði hringt í hana vorið 2006 til að afla atkvæða fyrir Reykjavíkurlistann í borgarstjórnarkosningum. Mamma

sagði mér að eftir að hún hafði útskýrt stjórnmalaskoðanir sínar fyrir þessum manni hefðu þau átt langt spjall saman. Hann hefði verið mjög áhugasamur um hennar hagi. Hún spurði mig síðan hver hann væri, hann hefði sagst heita Hallgrímur Helgason og vera rithöfundur. Þótt móðir mín læsi manna mest af bókmenntum hafði hún ekki lesið bók eftir Hallgrím og þekkti hann því ekki sem höfund. Þegar ég las áður nefnt viðtal í DV rifjaðist þetta símtal upp fyrir mér. Mér fannst samt með ólíkindum að Hallgrímur væri í raun byrjaður á bók þar sem ævi móður minnar væri kveikjan án þess að fjölskylda hennar hefði af því vitað. Ég hafði í framhaldinu samband við hann og fékk þetta staðfest. Ég sagðist þá myndu vilja aðstoða

“Mín eina huggun síðustu vikur er sú að margir lesenda bókarinnar hafa borið sig eftir raunverulegri ævisögu móður minnar...”

hann ef hann vildi, til að dýpka sýn hans og í þeim tilgangi kom hann á heimili mitt í Borgarnesi í eitt skipti. Okkar samtál var gott og ég skynjaði að merk saga mömmu hefði vakið athygli hans. Ég sagði honum að ég gerði mér grein fyrir því að ég gæti engu ráðið um hvernig sögu hann skrifaði, en vildi hjálpa

honum að varpa sem bestu ljósi á persónuleika hennar.

Við áttum í framhaldi af þessu nokkur samskipti í tölvupósti en handrit fékk ég ekki í hendur – utan eins af fyrstu köflunum – fyrr en föstudaginn 2. september 2011. Á þeim tímapunkti var bókin hins vegar þegar fullskrifuð og komin í prentun í Þýskalandi þar sem hún kom fyrst út. Eftir því sem liðið hafði á sumarið höfðu áhyggjur mínar vaxið nokkuð því ég hafði ekki hugmynd um efnistökin. Ég treysti Hallgrími hins vegar og reyndi því að vera róleg. Eftir að ég hafði síðan fengið handritið í hendur settist ég strax við lestur, með allmiklum kvíða þó. Eftir nokkra tugi blaðsíðna áttaði ég mig á að þó verkið væri vel skrifað væri það engu að síður mjög grófur texti, en við þetta

hlyti nú að vera hægt að lifa.

Þegar á leið er hins vegar skemmt frá að segja að ég varð fyrir þungu áfalli. Textinn leiddist yfir í meiri ljótleika en ég hafði nokkurn tíma gert mér grein fyrir, uppáferðir, nauðganir og klám tóku yfir og þannig hélst sagan út bókina. Á þriðjudagskvöldi lauk ég við lesturinn. Eftir andvökunótt skrifaði ég Hallgrími strax og sagði honum að ég gæti ekki búið við þessi skrif – ég gerði mér nú grein fyrir hvernig bók hann hefði verið að semja og það hann eins og guð mér til hjálpar að breyta því sem hann gæti.

Þá var bókin hins vegar svo langt komin í Þýskalandi að ekkert var hægt að gera. Hallgrímur fann til með mér og reyndi að fást við breytingar á íslensku útgáfunni. Þetta virði ég mjög við hann þótt það hafi ekki gengið upp, við mildun textans fannst honum sem kjarninn í verkinu biði skaða af. Hann sýndi hluttekningu sína að lokum í raun með því að setja verkinu sterkan formála og fyrir það á hann þakkir skildar. En á næstu dögum varð ég því að gera mér grein fyrir að barátta mín fyrir frekari verndun minningar móður minnar var vonlaus.

Við tók tími svefnlausra náttu og sálarbaráttu og ótal spurninga. Hvernig var þetta hægt? Að skrifa svona texta um látna manneskju sem ekki gat borið hönd fyrir höfuð sér? Nota einhver æviatriði hennar, nafngreina fólkið hennar, segja sögurnar hennar, en um leið draga minningu hennar inn í grótesku og klám undir merkjum skáldsögunnar? Svör við þessum spurningum fæ ég aldrei. Það skal tekið fram að ég hef ekki reynt Hallgrím Helgason að öðru en drengskap í okkar samskiptum – en hann vissi þó allan tímann að hann var að skrifa verk á þessu plani – og sagði mér aldrei af því, kannski skiljanlega.

Ég dæmi hann ekki af reiði, sá einn getur dæmt sem er gallalaus sjálfur. En í huga mínum er djúp hryggð yfir að þetta verk skyldi hafa orðið til. Eru bókmenntir yfir siðferði og réttlæti hafnar? Kannski er það svo og við fjölskylda mín vorum bara óheppin að lenda í þessu. En í mínum huga er ekki siðlega rétt að skrifa svona texta og tengja hann við minningu fólks. Jafnvel þó það sé löglegt.

Mín eina huggun síðustu vikur er sú að margir lesenda bókarinnar hafa borið sig eftir raunverulegri ævisögu móður minnar sem var gefin út árið 1983 og heitir Ellefu líf. Fyrir þetta er ég þakklát. Ég veit að Þjóðleikhúsið hefur keypt réttinn að leikgerð Hallgríms á verkinu en vildi óska að önnur leið yrði farin, þ.e. að láta gera leikgerð af Ellefu lífum, þar er næg saga og engin þörf á að bæta neinu við.

Af ýmsum ástæðum átti móðir mín erfitt með að sinna börnunum sem hún eignaðist í lífinu. Engu að síður áttum við gott og gefandi samband. Okkur þótti vænt um hana og skynjuðum hennar mögnuðu sögu og persónuleika. Barnabörnin hennar náðu að kynnast henni og eiga hana að vini. Þó var hún rúmleggjandi sjúklingur árin sem þau þekktu hana. Hún átti tryggðavini sem litu til hennar. Hjúkrunarfólkið og lækarnir voru vinir hennar, þar ríkti traust, virðing og skilningur.

Þrátt fyrir erfiða ævi bar móðir mín höfuðið hátt og sýndi andlega reisn og mikilfengleika til hinstu stundar. Nú er komin út skáldsaga langt fyrir neðan það plan. Þar á hún neistann en bara brotabrot af söguþræðinum. Þó verkið sé skáldsaga hlýtur það að vera atlega að minningu hennar sem er dýrmæt fjölskylda og vinum. Eftir sitja spurningarnar um hið siðferðilega.

**KPMG**

cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDÖGUM

## Skattadagur 2012

Fimmtudaginn 26. janúar | kl. 8:45 - 11:00 | Borgartúni 27

Á hverju ári eru fjöldi skattalagabreytinga sem snerta fólk og fyrirtæki. Á þessum fróðleiksfundi verða helstu breytingarnar kynntar auk þess sem handbók KPMG um skattamál einstaklinga og rekstraráðila 2012 verður dreift.

[kpmg.is](http://kpmg.is)

### Dagskrá fróðleiksfundarins

Farið verður yfir nýja skatta á árinu 2012 og breytingar á eldri sköttum. Gerð verður grein fyrir ágreiningi við skattyfirvöld um skuldsettar yfirtökur og fjallað verður um áhrif skattlagningar á atvinnulífið. Að lokum verður farið yfir mikilvæg atriði í stjórnun og stjórnarháttum fyrirtækja.

#### Helstu skattalagabreytingar árið 2011

Alexander G. Eðvardsson, KPMG

#### Er eitthvað öfugt við öfuga samruna?

Sigurjón Högnason, KPMG

#### Skattar og hvatar

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Ví

#### Hvernig er stjórnunin í þínu fyrirtæki?

Ása Kristín Óskarsdóttir, KPMG

### Aðrir fróðleiksfundir

Breytingar á skattalögum snerta alla landsmenn og því munu skattasérfræðingar KPMG leggja land undir fót og fjalla um ýmis skattaleg málefni á fjórum stöðum á landinu.

**Egilsstaðir** | mánudaginn 30. janúar | kl. 16:00

**Selfoss** | miðvikudaginn 1. febrúar | kl. 16:00

**Akureyri** | föstudaginn 3. febrúar | kl. 9:00

**Reykjanesbæ** | föstudaginn 10. febrúar | kl. 9:00



Skattabæklingar KPMG 2012

Skráning og frekari upplýsingar um fróðleiksfundina er að finna á [kpmg.is](http://kpmg.is)



# Kynhvöt karla og kvenna

## Heilbrigðismál

Teitur Guðmundsson  
læknir



Kynhvötin er ein af grunnhvötum beggja kynja og einn af drifkröftunum í samskiptum þeirra. Vætanlega munu flestir vera því sammála að hún sé nauðsynleg, á stundum óáreiðanleg og ekki til staðar, en á hjá sumum jafnvel yfirdrifin.

Hægt er að skilgreina kynhvöt sem tilfinningu eða líðan sem byggir á flóknu samspili andlegra, líkamlegra og samfélagslegra þátta sem leiða af sér líffræðilegar, hugrænar og hegðunarlegar breytingar hjá einstaklingum þar sem markmiðið er einhvers konar fullnæging.

Ekki skal lagt sérstaklega mat á það hvað er eðlilegt í sjálfu sér, enda engin mælistika til um það. Einstaklingar eru mismunandi eins og þeir eru margir og spila aldur, aðstæður, sjúkdómar, lyf og margt fleira hér auðvitað stórt hlutverk.

Það er hins vegar áhugavert að velta fyrir sér hvaða þættir hafa áhrif á og draga úr kynhvöt og þar af leiðandi samlífi einstaklinga. Þetta eru gjarnan mjög persónuleg mál og ekki á borð borin alla jafna í samtölum milli vina og kunningja, jafnvel ekki milli aðila í sambandi eða hjá hjónum.

Við læknar og heilbrigðisstarfsfólk sem eignum samskipti við einstaklinginn í trúnaði og á bak við luktur dyr fáum oft að heyra um slík vandamál, ekki síst þegar erfiðleikar stöðja að í samböndum og lífi fólks en einnig t.d. sem aukaverkun við lyfi sem hefur verið ávísað. Það getur reynst fólki erfitt að tjá sig og stundum þarf að brjóta ísinn og opna umræðuna til þess að fá fram orsakir og afleiðingar.

Þá er kynhvöt á stundum ruglað saman við kyngetu sem er

allt annars eðlis þó þar geti verið samhengi á milli. Mjög mikilvægt er að fá fram góða sögu og nálgast vandann út frá kyni og aldri einstaklings auk þess sem taka þarf tillit til aðstæðna og umhverfis viðkomandi.

Rannsóknir sýna að stór hópur kvenna, sérstaklega eftir tíðahvörf, finnur fyrir því sem á fagmáli er kallað FSD (Female Sexual Dysfunction) sem mætti lauslega þýða sem kynlífs- eða kynhvatartruflun. Það er þó umtalsverður hluti kvenna fyrir tíðahvörf sem hefur svipaðar kvartanir og er almenna reglan að þetta er vangreint vandamál hjá báðum hópum og þar af leiðandi vanmeðhöndlað.

Algengast er að karlmenn eftir miðjan aldur finni fyrir ristruflun þar sem vandinn getur verið líkamlegur jafnt sem andlegur, yngri menn geta lýst svipuðum einkennum en orsakir þeirra eru sjaldnar líkamlegar.

Hér er svipaða sögu að segja eins og með konurnar, nema umræðan er orðin opnari gagnvart þessum vanda eldri karla eins og ávísanir stinningarlyfja bera með sér.

Hvað er þá það sem ber að hugsa um finni einstaklingar til minnkaðrar kynhvatar?

Alþekkt er að andleg og líkamleg þreyta, svefnleysi, streita, áhyggjur, vanlíðan og samskiptaörðugleikar hvers kyns eru stórir áhrifaþættir hjá báðum kynjum. Áfengi og vímuefni losa um hömlur en dempa skilningarvitin og samskipti, þannig dregur úr kynhvöt og ánægju af samlífi. Dæmi um lyf sem geta haft áhrif á kynhvöt eru háþrýstingslyf, þunglyndislyf, ofnæmislyf, krabbameinslyf, getnaðarvarna- og hormónalyf.

Mikilvægt er að átta sig á líkamlegum orsökum og gæta að andlegu jafnvægi en í grundvallaratriðum verður að huga að nánd, trausti, opnum og heiðarlegum samskiptum milli aðila auk þess að virða þau mörk sem hver einstaklingur setur.



**Svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs boðar til samráðsfunda um Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir nýtt svæði (Langasjó – Eldgjá) sem bættist við þjóðgarðinn sl. sumar með útgáfu reglugerðar nr. 763/2011.**

Kynntar verða hugmyndir svæðisráðs og leitað álits fundarmanna varðandi verndarákvæði, samgöngur, þjónustusvæði o.fl.

**Fundirnir verða haldnir sem hér segir:**

- Á veitingastaðnum Nauthóli, Reykjavík, mánud. 23. janúar, kl 20:00.
- Á Geirlandi, Skaftárhreppi, þriðjud. 24. janúar, kl 20:30.
- Á Laugalandi í Holtum, miðvikud. 25. Janúar, kl 20:30.

Allir velkomnir.

SVÆÐISRÁÐ VESTURSVÆÐIS

PHOT: Nónun

# Nýr kostur í sparnaði

**Eignabréf er nýr blandaður fjárfestingarsjóður**

sem hentar vel fyrir reglubundinn sparnað.

Sjóðurinn hentar vel í langtímasparnað fyrir

einstaklinga sem vilja ávaxta hluta af sparnaði


sínum í öðrum verðbréfum en ríkisskuldabréfum.

Sjóðurinn fjárfestir í dreifðu safni skuldabréfa, hlutabréfa og hlutdeildarskírteina. Grunnfjárfesting sjóðsins er í verðbréfum með ábyrgð ríkisins. Þannig verður áhættan meiri en í hreinum ríkisskuldabréfasjóðum og vænt ávöxtun til lengri tíma hærri.

**Reglubundinn sparnaður**

Með reglubundnum sparnaði í sjóðum getur þú byggt upp eignasafn með áskrift frá 5.000 kr. á mánuði. Enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Sparnað í sjóðum má alltaf innleysa.

## Eignabréf – Eignasamsetning 01.01.2012



Eignasamsetning ræðst af fjárfestingarstefnu og markaðsaðstæðum hverju sinni. Fjárfestingarstefnu má finna í útboðslýsingu á landsbankinn.is.

**Komdu við í næsta útibúi,** hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á [fjarmalaradgjof@landsbankinn.is](mailto:fjarmalaradgjof@landsbankinn.is).

Fyrirvari: Eignabréf er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um

framfærðavöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á [landsvaki.is](http://landsvaki.is) eða [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is). Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsingu áður en fjárfest er í sjóðnum, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu sem felst í fjárfestingu í honum.

Landsbankinn

[landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)

410 4040





# KJARRA

**20%**  
afsláttur

**30%**  
afsláttur

## RÝMUM FYRIR



**32.900**

VERÐ  
VERND

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMIÐJUNNAR

**Fjölþjálfingarmælingarútgáfa**  
púlsmælir, skeiðklukka,  
vegalengdamælir,  
hraða og kalóríumælir, þyngd 39 kg.  
3899531



**Helgartilboð**

**99.900**  
~~126.900~~

**Hlaupabretti**  
Sterkt afrafagnað álagsþolið  
fjaðrandi færiband 167x41.5 cm  
Hægt að leggja saman.  
3899525

Innimálning

**20%**  
afsláttur



**7.695**  
~~10.295~~

**Slípirokkur**  
Hitachi G13SS, 580 W  
125 mm.  
5247394

Ljós  
**30-70%**  
afsláttur

**1.393**  
~~1.990~~

**Kastari**  
Design.  
6001124



Blöndunar  
tæki  
**20-50%**  
afsláttur



**6.599**  
~~8.249~~

**Handlaugartæki m/lyftitappa**  
Emmevi Winny.  
7900012

Flísar  
**20-70%**  
afsláttur

**1.314 m<sup>2</sup>**  
~~4.379 m<sup>2</sup>~~

**Gólfflísar frostþolnar**  
Québec Beige, hentar jafnt inn  
sem úti. 33x59 cm.  
8610503

Búsáhöld  
**30-70%**  
afsláttur



**1.245**  
~~2.490~~

**Ostabakkur**  
30 cm með þrem ostahnífum.  
2908624

Útivistar  
fatnaður  
**30-70%**  
afsláttur

**3.897**  
~~12.990~~

**Dúnúlla**  
Andardúnn  
Til í svörtu og rauðu.  
Dömu og herra.  
5869822/828



**KAFFI GARÐUR**  
**SKÚTUVOGI**

opið til kl. 17 um helgar.



Pylsa eða pizza  
og kók **199** kr.



ís  
**99** kr.

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMIÐJUNNAR

\* Afsláttur gildir ekki af vörum merktum  
Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar



# DAGGAR

**50%**  
afsláttur

**70%**  
afsláttur

## NÝJUM VÖRUM

Rafmagns  
verkfæri

**15-30%**  
afsláttur

**16.795**  
~~23.995~~

Hjólsög  
Worx WU430.  
1400W, 185 mm blað, taska fylgir.  
5244844

Hand  
verkfæri

**25-40%**  
afsláttur

Klaufhamar  
Neo 450 gr.  
5003065

**1.795**  
~~2.995~~

Rafmagns  
verkfæri

**15-30%**  
afsláttur

**13.495**  
~~17.995~~

Háprýstidæla  
Nilfisk  
110 Bar 1400W.  
5254241

Parket  
valdar vörur

**20-70%**  
afsláttur

**1.840m<sup>2</sup>**  
~~2.629m<sup>2</sup>~~

Plastparket Eikarplanki  
8mm, ath! hærra slitþol, Klassi 32  
Frá Kaindl, Austurríki  
147048

Smáraftæki

**20-30%**  
afsláttur

**11.830**  
~~16.900~~

Electrolux



Ryksuga  
Electrolux ZIM6810, 1800W  
1805285

Electrolux

**5 ÁRA**  
ÁBYRGÐ

**30 DAGA**  
SKILARETTUR

Heimilistæki

**20-30%**  
afsláttur

**65.836**  
~~82.295~~

Purrkari  
Electrolux EDE77550W  
Með barka og rakaskyrjara.  
1805423



Vinnufatnaður

**30-50%**  
afsláttur

**9.093**  
~~12.990~~

Kuldagalli  
Hlýr og góður,  
fyrir útivinnuna.  
5868255



Smáraftæki

**20-30%**  
afsláttur

**6.290**  
~~8.990~~

Blandari  
Bomann Estate  
UM 1354  
1850036



Allir velkomnir í Kjaraklúbbinn.  
Skráning í næstu verslun, afsláttur tekur gildi strax.



**HÚSASMÍÐJAN**





ÁNÆGDUR MEÐ SAMSTARFIÐ Mark Wahlberg er gríðarlega ánægður með samstarfið við Baltasar Kormák og vill gera nýja kvikmynd með honum sem fyrst.

# Til í hvað sem er með Baltasar

Contraband, kvikmynd Baltasars Kormáks, fór beint á toppinn í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Leikarinn og framleiðandinn **Mark Wahlberg** fer með aðalhlutverkið í myndinni og er virkilega ánægður með samstarfið við Baltasar. **Atli Fannar Bjarkason** ræddi við Wahlberg sama kvöld og myndin var forsýnd í Reykjavík og komst að því leikarinn hefur mikið dálæti á Ólafi Darra.

**B**altasar lofaði að bjóða mér til Íslands, en ég hef ekki ennþá fundið tíma. Mig langar mikið til að heimsækja landið," segir leikarinn, framleiðandinn og fyrverandi rapparinn Mark Wahlberg.

Wahlberg er mikill Hollywood-hardjagl og símanævervan rímar við það; hann hlær ekki (enda reyndi ég ekki að vera fyndinn) og skilar orðunum frá sér skýrt og skorinort. Hann er raunar svo mikill hardjagl að hann segir í nýju viðtali að hann hefði gripíð í taumana áður en önnur flugvélin hafnaði á háhýsi í New York 11.

september 2001. Bara ef hann hefði verið um borð í vélinni (hann átti bókaðan miða, en forfallaðist). Hann hefur reyndar beðist afsökunar á þeim ummælum.

Mark Wahlberg fer með aðalhlutverkið í Contraband, nýjustu kvikmynd Baltasars Kormáks, sem var frumsýnd í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Hann var staddur í New Orleans í Bandaríkjunum þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum. Þar er hann að framleiða og leika í kvikmyndinni Broken City ásamt velsku þokkadísinni Catherine Zeta-Jones og ástralska þumbanum Russell Crowe.

Þú hefur unnið með heims-

„Ég óttaðist að það yrðu einhvers konar tungumálaörðugleikar, en strax á fyrsta degi sá ég að hann var með hlutina á hreinu og var handviss um að samstarfið yrði gott.“

frægum leikstjórum á borð við Martin Scorsese og Paul Thomas Anderson, hvernig var að leika undir stjórn leikstjóra frá eyju sem fæstir vita að sé til?

„Ég naut þess. Baltasar er svo hæfileikaríkur leikstjóri og hæfileikaríkur leikari. Hann stóð sig stórkostlega og sá til þess að allir leikararnir gerðu sitt besta. Þá hvatti hann alla til að prófa nýja hluti með frábærum árangri. Málið með Baltasar er að hann er ekki vanur að vinna með jafn stórar upphæðir og tíðkast í Hollywood. Þess vegna er hann ekki hræddur við að óhreinka á sér hendurnar og ganga í öll verk, stór og smá. Þess vegna

vonast ég til að gera aðra mynd með Baltasar sem fyrst.“

**Vá, þessi náungi er hæfileikaríkur** Contraband er endurgerð kvikmyndarinnar Reykjavík Rotterdam, eftir Óskar Jónasson. Baltasar Kormákur lék aðalhlutverkið í henni og Mark Wahlberg tók svo við keflinu af honum og lék sömu persónu í Contraband.

Wahlberg fékk sent eintak af Reykjavík Rotterdam í gegnum umboðsskrifstofuna William Morris/Endeavour, skömmu eftir að skrifstofan gerði samning við Baltasar. „Þau bjuggust við að ég kynni að meta myndina. Ég horfði á hana og fannst hún algjörlega

## MARK WAHLBERG Í 15 ÁR

**FLOTTUR FERILL** Frammistaða Marks Wahlberg í hinni frábæru Boogie Nights vakti mikla athygli. Síðan þá hefur leiðin legið upp á við og í dag er hann ein skærasta stjarnan í Hollywood.

1997 BOOGIE NIGHTS



2000 PERFECT STORM



2003 THE ITALIAN JOB



2006 THE DEPARTED



2010 THE FIGHTER





frábær og hugsaði með mér: „Vá, þessi náungi er mjög hæfileikaríkur. Bæði fyrir framan og aftan linsuna.“ Eftir það horfði ég á allar myndirnar hans Baltasars. Það sem ég elskaði við Reykjavík Rotterdam er hvernig aðal-karakterinn er jafn klár og hann er harður. Þá fundu þeir fundu mjög ferska leið til að gera hasarmynd.“

En urðu engir menningar-árekstrar þegar Hollywood mætti norðrinu?

„Ég óttaðist að það yrðu einhvers konar tungumálaörðug-leikar, en strax á fyrsta degi sá ég að hann var með hlutina á hreinu og var handviss um að samstarfið yrði gott. Við unnum líka saman í leikaravali, vegna þess að ég var að framleiða, og það gekk mjög vel. Ég hafði strax mikla trú á honum.“

#### Höfðu trú á Contraband

Contraband var frumsýnd hér heima á föstudag, en úti í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Myndin fór beint á topp aðsóknarlistans vestanhafs og þegar þetta er skrifað er hún komin langleiðina með að borga upp rúmlega 40 milljón dala framleiðslukostnaðinn. Ekki slæmt á tæpum tveimur vikum. En bjóst Wahlberg við þessum árangri?

„Við vorum að vona að myndin næði toppnum, enda höfðum við mikla trú á henni. Við gerðum okkar besta við að kynna myndina og Universal stóð sig líka vel í því. En þegar öllu er á botninn hvolft er ástæðan fyrir velgengi myndarinnar sú að fólk sá stíkluna og sjónvarpsauglýsingarnar. Þær vöktu áhuga fólks. Þannig ákveð ég líka hvort ég ætli að sjá mynd – áhugavert brot úr kvikmynd er það sem fær mig til að fara út og kaupa miða.“

Nú horfa menn í aurinn í Hollywood, þannig að þegar menn ná myndum á toppinn hlýtur það að vekja athygli. Hvernig myndirðu ráðleggja Baltasar að vinna úr stöðunni sem er komin upp?

„Hann verður að sjálfsgöðu að velja næstu verkefni vel. Hann er mjög klár og þarf finna verkefni sem mun vekja viðbrögð áhorfenda.“

#### Gera aðra mynd saman

Samstarf þitt og Baltasars virðist hafa gengið mjög vel, þið talið allavega afar fallega hvor um annan og eruð búnir að ákveða að vinna saman á ný, ekki satt?

„Já, við vonumst til að gera aðra mynd í byrjun sumars. Myndin heitir 2 Guns og við vorum að gera nýjum leikara tilboð um hlutverk og bíðum átekta. Ef hann samþykkir ættum við að geta hafist handa í maí eða júní. En ég myndi gera hvað sem er með Baltasar, hann er svo hæfileikaríkur náungi og þægilegur í samstarfi. Við erum mjög líkir að því leyti að vinnan er í forgangi. Ég er mikill aðdáandi hans.“

Það hefur verið talsvert slúðrað um frekara samstarf ykkar í vefmiðlum, meðal annars um að þú viljir að Baltasar leikstýri mynd sem yrði undanfari The Fighter, er eitthvað til í því?

„Ég veit það ekki, enda erum við ennþá að bíða eftir handritinu. Hún yrði augljóslega afar frábrugðin upprunalegu myndinni, en þetta kemur síðar í ljós. Við finnum út úr þessu.“

## WAHLBERG ELSKAR ÓLAF DARRA

Ólafur Darri Ólafsson fer með lítið hlutverk í Contraband og eins og við mátti búast er hann með sterka nærveru í atriðunum sem honum bregður fyrir í. Hann lék einnig í Reykjavík Rotterdam á móti Baltasar Kormáki, sem leikstýrir honum í Hollywood-endurgerðinni.

Nýi mótaleikarinn, Mark Wahlberg, er virkilega hrifinn af Ólafi – svo hrifinn að Baltasar sagði í ræðu á frumsýningu Contraband á miðvikudagskvöld að sá skeggjaði væri eflaust orðinn uppáhaldsleikari Hollywood-stjörunnar. „Hann er frábær,“ segir Wahlberg, spurður út í samstarfið við Ólaf Darra. „Það er frábært að vinna með honum. Hann er svo ljúfur náungi. Við kölluðum hann ljúfa risann. Ég elska hann og vildi að við værum í fleiri atriðum saman. Vonandi fæ ég að vinna með honum aftur.“

Á Ólafur frekari möguleika á meðal stórlaxanna í Hollywood?

„Auðvitað. Hann er alveg jafn hæfileikaríkur og gaurarnir sem ég hef unnið með í gegnum tíðina.“



### Lífeyrissparnaður


# Frjálsi lífeyrissjóðurinn ber ávöxt

Þegar við segjum fólki frá ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins getum við ekki lofað neinu, aðeins bent á ávöxtun síðustu ára og þrenn alþjóðleg verðlaun.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opinn öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað. Sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru um 43 þúsund og stærð sjóðsins er um 100 milljarðar króna.


Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er mikil áhersla lögð á gagnsæi. Þú getur nálgast ítarlegar upplýsingar um eignir sjóðsins á vefnum [frjalsilif.is](http://frjalsilif.is) og sent fyrirspurnir á [lifyrsthjonusta@arionbanki.is](mailto:lifyrsthjonusta@arionbanki.is)

#### Nafnávöxtun 2011



\*Stofnaður 1. janúar 2008.

#### 5 ára meðalnafnávöxtun



Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun á tímabilinu 31. desember 2006 til 31. desember 2011 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á [frjalsilif.is](http://frjalsilif.is)

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

#### 2012 CONTRABAND



FRJÁLSI  
LÍFEYRISJÓÐURINN

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlaut alþjóðleg verðlaun sem besti lífeyrissjóður á Íslandi árin 2009, 2010 og 2011.





# Sjálfstæð gagnvart kröfuhöfum

**Monica Caneman** hefur verið stjórnarformaður Arion banka í tæp tvö ár. Hún sagði *Pórði Snæ Júlíussyni* frá upplifun sinni á íslenska bankageiranum, krefjandi verkefnum og að það megi vel kenna bönkunum um margt sem gerðist á Íslandi fyrir hrún.

**É**g veit að það er ekki auðvelt að vinna í bankageiranum í kreppum og að ýmsar meiningar eru um starfsemi bankanna á slíkum tímum. En mér hefur fundist mikið til starfsfólks bankans koma og þeirrar þekkingar sem það býr yfir," segir Monica Caneman, stjórnarformaður Arion banka.

Monica, sem er sænsk, tók við starfi stjórnarformanns vorið 2010. Hún situr sem sjálfstæður stjórnarformaður og er því ekki eiginlegur fulltrúi neins eiganda. Monica hefur töluverða reynslu af bankastarfsemi á krepputímum þar sem hún sat í framkvæmdastjórn sænska bankans Skandinaviska Enskilda (SEB) í bankakreppunni í Svíþjóð á tíunda áratug síðustu aldar. Hún segir undanfarið tæp tvö ár hafa verið erfið en lærdómsrík. „Þegar ég réð mig í starfið voru aðstæður á Íslandi mjög sérstakar. Landið var í miðri kreppu og Arion banki sjálfur var tiltölulega nýr, þótt hann byggði á gömlum grunni. Það var að mjög mörgu að huga innan bankans. Þetta hafa því verið tvö frekar krefjandi ár fyrir stjórnina og flestalla starfsmenn bankans sem fylgt hefur mikið álag.“

## Stórar áskoranir

Aðspurð um hverjar stærstu áskoranirnar hafi verið þá segir Monica þær hafa verið að búa til starfhæfan banka. „Þegar ég kom að áttu margir viðskiptavinir Arion banka við mikil vandamál að stríða.

Síðan þá hefur verið unnið að því innan bankans að sigrast á þeim vandamálum og ná árangri í endurskipulagningu fyrir marga viðskiptavinum okkar. Það að búa til bankann, takast á við þau vandamál sem hann glímdi við og að sjá til þess að bankinn yrði starfhæfur til framtíðar voru stærstu áskoranirnar. Að mínu mati erum við að þoka okkur út úr þessum endurskipulagningarfasa og inn í nýja tíma þar sem kröftum starfsmanna bankans verður í mun meiri mæli beint að venjubundinni bankastarfsemi. Það er því komið að þeim tímamarki að við getum farið að horfa fram á við í ríkari mæli.“

## Ekki í útrás

Hún telur möguleika íslensku bankanna þó fyrst og síðast liggja á heimamarkaði. Ný útrás sé ekki fyrirhuguð.

„Arion banki er íslenskur banki og þetta er okkar heimamarkaður. Við erum ekki að horfa til þess að kaupa erlenda banka eða annað slíkt. Við erum hins vegar með viðskiptavinum sem hafa þörf fyrir bankaþjónustu erlendis og það skiptir okkur máli að geta veitt þeim þjónustu. Það verður fyrst og síðast í gegnum samstarf við aðra banka.“

Við erum alhliða banki og ætlum okkur að vinna með fyrirtækjum jafnt sem einstaklingum. Það eru tækifæri á öllum sviðum og möguleikar fyrir okkur til að vaxa. Í viðskiptabankastarfseminni höfum við kynnt ýmsar nýjar vörur, til dæmis óverðtryggt húsnæðislán. Þau hafa fengið góðar viðtökur.

## ERLEND UMFIJÖLLUN UM LANDIÐ ER JAFNAN JÁKVÆÐ



Vissulega er eftirspurn eftir sumum þáttum bankaþjónustu ekki mikil sem stendur. Það fer þó vonandi að taka við sér. Það er líka hlutverk bankans að koma fram með nýjar lausnir og góðar vörur sem laða að viðskiptavinum.“

## Sjálfstæð gagnvart eigendum

Eignarhaldið á Arion banka er í dag með þeim hætti að Kaupskil ehf., félag í eigu slitastjórnar Kaupþings,

## Íslendingar eiga að horfa fram á við

Monica telur að Íslendingum ætti að finnst mikið til þess koma hversu fljótt landið virðist vera að ná sér eftir efnahagshrunið. „Hagvöxtur hér er 2-3% sem er mun hærra en hjá flestum ríkjum Evrópu. Þegar ég les greinar um Ísland í erlendum fjölmiðlum eru þær mjög jákvæðar. Þær fjalla um að landið sé að ná sér hratt eftir efnahagsáfall og á listum yfir þau lönd sem ferðamenn vilja helst heimsækja er Ísland oftar en ekki í fyrsta sæti. Efnahagur landsins, í samanburði við mörg önnur lönd í Evrópu, er mjög sterkur. Ísland hefur jafnað sig nokkuð vel og hratt. Að mínu mati væri það Íslendingum mjög hollt að dvelja ekki um of við fortíðina og einbeita sér, reynslunni ríkari, að framtíðinni og möguleikum“

## Eðlilegt að bankar eignist fyrirtæki

Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um eignarhald banka á fyrirtækjum í óskyldum rekstri á undanföllum mánuðum, en þau voru 132 talsins í nóvember síðastliðnum. Að sögn Monica er þetta því miður eðlilegur fylgifiskur efnahagskreppu. „Að taka yfir fyrirtæki er alltaf það síðasta sem banki vill gera. Það er lokaúrræði. Í þrengingum verður að taka tillit til tvennra mismunandi hagsmuna. Annars vegar ertu að eiga við viðskiptavin bankans og verður að veita honum þá möguleika sem eru til staðar til að komast með sem bestum hætti út úr þeim aðstæðum sem eru uppi. Á hinn bóginn verður að hafa hagsmuni bankans til hliðsjónar.“

Ég held að þessir hlutir þurfi oft að taka tíma. Við Svíar fórum í gegnum svona ferli þegar við lentum í okkar bankakreppu á tíunda áratugnum. Sumar þeirra eigna sem bankarnir tóku þá yfir tók nokkur ár að selja. Markaðsaðstæður leyfðu það einfaldlega ekki fyrir. Ef ekki er eftirspurn eftir tilteknum tegundum af fyrirtækjum og við getum ekki skapað slíkar aðstæður, þá er erfiðt að selja. Þetta er því náttúrulegt ástand við svona aðstæður.“

á 87% hlut og íslenska ríkið á 13%. Monica segir það vera langtíma-stefnu eigendanna að bankinn verði seldur. Með hvaða hætti og til hversra verði framtíðin að leiða í ljós. „Þegar ég byrjaði hérna var áætlunin sú að bankinn yrði seldur á fimm árum. Það gæti orðið aðeins lengri tími eða aðeins skemmri. Okkar hlutverk í stjórninni er að gera stöðu bankans eins góða og hægt er og við höfum skýrt umboð frá eigendum okkar til

þess. En í framtíðinni mun eignarhaldið örugglega taka breytingum frá því sem það er í dag. Hvernig bankinn verður seldur eða til hvers er eitthvað sem eigendur hans hafa með að gera. Það er spurning sem þeir verða að svara.“

Kröfuhafar Kaupþings, sem í raun eiga Arion banka, hlaupa á þúsundum. Á meðal þeirra eru alþjóðlegir bankar og vögunarsjóðir sem keypt hafa skuldabréf á

## Áfram veginn í nýjum CAPTIVA

Það er ekkert sem stöðvar vinsældir Chevrolet Captiva hjá Íslendingum og engin tilviljun að hann var einn söluhæsti sportjeppi síðasta árs. Fólki veit að Captiva er hlaðinn staðalbúnaði, býr yfir afburða togkrafti og er þrælfallegur. Komdu í reynsluakstur og kynntu þér hvað sölumenn okkar eru tilbúnir að gera fyrir þig.

Chevrolet salurinn er opinn alla virka daga frá 10 til 18 og frá 12 til 16 á laugardögum - benni.is

Eigum Captiva til afgreiðslu strax!



bankann á eftirmarkaði með það að markmiði að græða á því. Monica segir að stjórn Arion banka hafi engin samskipti við kröfuhafana. „Ég veit ekkert hverjir þeir eru. Fyrir mér eru þeir óþekktur hópur. Eigendur Arion banka eru tveir: Kaupskil og íslenska ríkið. Við eigum í samskiptum við þessa eigendur til dæmis á ársfundum. Að öðru leyti er stjórn bankans sjálfstæð. Ég er sjálfstæður stjórnarmaður og við í stjórninni rekum þennan banka á sjálfstæðan máta gagnvart eigendum hans.“

#### Samkeppni af hinu góða

Á Íslandi starfa þrír stórir viðskiptabankar auk fjölda minni fjármálafyrirtækja. Iðulega hefur komið fram sú gagnrýni að íslenska bankakerfið sé allt of stórt fyrir ekki stærra samfélag. Monica telur það ástand sem er á íslenskum markaði bæði hafa kosti og galla.

„Að sumu leyti er hægt að rökstyðja að það séu of margir bankar hérna. Það eru hins vegar tvær hliðar á þessu máli. Þessi fjöldi er nefnilega góður fyrir samkeppni. Það gerir að verkum að það er krefjandi að verða besti valkosturinn á markaðinum.“

Monica lét hafa eftir sér í árskýrslu Samtaka fjármálafyrirtækja á síðasta ári að stjórnmalamenn á Íslandi virtust telja það greiðustu leið til vinsælda að gagnrýna bankanna. Hún stendur fullkomlega við þau orð. „Mér finnst mikilvægt að stjórnmalamenn búi til umhverfi þar sem fólk upplifir ekki óvissu heldur er afslappað varðandi framtíðina. Við þannig aðstæður held ég að efnahagslífið taki við sér á jákvæðan hátt. Það má kenna bönkum um margt sem gerðist á Íslandi. En til framtíðar þá þarf gott og stöðugt bankakerfi til að byggja upp stöðugleika og hagsæld á Íslandi. Það hagnast því allir á því að vera með áreiðanlegt bankakerfi.“

#### STJÓRNARFORMAÐURINN

„Ég er sjálfstæður stjórnarmaður og við í stjórninni rekum þennan banka á sjálfstæðan máta gagnvart eigendum hans,“ segir Monica Caneman.



**CHEVROLET**

**CAPTIVA**

**Bilabúð Benna**  
Sérfræðingar í bilum

Bilabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636



# MAXÚ



**Mikill  
afsláttur af  
kæliskápum**




**49.989**



**1400sn  
Whirlpool  
þvottavél**

**79.989**

**ALLT Á LÁGMAX VERÐI - ALLT Á LÁGMAX VERÐI -**



**Saumavélar**

**25% afsl.**



**Heyrnartól**

**30% afsl.**



**Pottar, pönnur  
og búsáhöld**

**30% afsl.**



**Tökuvélar**

**20% afsl.**



**Sjálfvirkar kaffivélar**

**20% afsl.**



**Hljómborð**

**30% afsl.**



**Sjónaukar**

**25% afsl.**



**Fartölvutöskur**

**35% afsl.**

**Síðustu eintök og útlitsgölluð tæki**

**Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil**



# TSAVA



**- ALLT Á LÁGMAX VERÐI - ALLT Á LÁGMAX VERÐI**



**með miklum afslætti**

Opið mán. - fös. kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupúni 1 - Garðabæ  
Sími 412 2200 - [www.max.is](http://www.max.is)

**MAX**  
RAFTÆKI





**JÓLIN GANGA Í GARÐ** Söfnuður rétttrúnaðarkirkjunnar fær afnot af Kristskirkju fyrir hátíðarmessuna sem markar upphaf jólnanna. Prestur safnaðarins, Tímur Zolotuskiy, stendur hér við altarið.

# Jól í janúar

Flestir íbúar landsins kveðja jólin á þrettándanum. Sá dagur markar hins vegar upphaf jólahátíðar rétttrúnaðarkirkjunnar en í söfnuði hennar eru nokkur hundruð manns hér á landi. *Valgarður Gíslason*, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með jólahaldi í janúar sem hófst við hátíðarmessu í Kristskirkju að kvöldi 6. janúar en lauk síðastliðinn fimmtudag í Nauthólsvík.



**KOMA VÍÐA AÐ** „Síðast þegar ég taldi voru fjórtán þjóðerni í söfnuðinum okkar sem telur tæplega 500 manns,” segir Zolotuskiy sem hefur búið hér í nokkur ár ásamt fjölskyldu sinni.



**HÁTÍÐARMESSA Á HÁTÍÐLEGUM STAÐ** „Vanalega eru messur safnaðarins haldnar í húsi okkar á Öldugötu. Á jölunum leitum við til bræðra okkar í kaþólsku kirkjunni en páskamessan er haldin í Dómkirkjunni,” upplýsir Zolotuskiy.



**ÞRÍGGJA TÍMA MESSA** „Jólamesan hófst klukkan ellefu að kvöldi 6. janúar og stóð í um þrjá tíma. Að henni lokinni hittust messugestir yfir hlaðborði og fengu sér te og kaffi,” segir Zolotuskiy.





7 ára ábyrgð á öllum  
nýjum Kia bílum

HVÍTA HUSBÍLA - 11-1713

# NÝR RIO

Einn sparneytnasti bíll í heimi!

Eyðir aðeins **3,2** lítrum á hundraðið



## Má bjóða þér að reynsluaka nýjum Kia Rio?

Nútíma tækni og hönnun hefur ekki einungis skilað glæsilegum gæðabíl, heldur er hann einn sparneytnasti fjöldaframleiddi bíll í heimi. Nýr Rio eyðir frá aðeins 3,2 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri og magn CO<sub>2</sub> í útblæstri er með því allra minnsta sem þekkest eða aðeins 85 g/km.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan framúrskarandi bíl. Við tökum vel á móti þér.

Rio LX, 1.1 dísil, beinskiptur, eyðsla **3,2** l/100 km

Verð **2.497.777 kr.**

Rio LX, 1.4 dísil, beinskiptur, eyðsla 3,8 l/100 km

Verð 2.697.777 kr.

Rio EX, 1.4 dísil, beinskiptur, eyðsla 3,8 l/100 km

Verð 2.997.777 kr.

Rio EX, 1.4 bensín, sjálfskiptur, eyðsla 6,4 l/100 km

Verð 3.197.777 kr.

**Opið í dag kl. 12-16**



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Þú finnur „Kia Motors Ísland“  
á Facebook

www.kia.is





**HELGILEIKUR** Að morgni 7. janúar tíðkast að opna gjafir en síðdegis komu saman rússneskumælandi fjölskyldur á jólaskemmtun. „Í Sovétríkjunum var bannað að halda jólin hátíðleg og hátíðarhöldum beint að áramótunum. Margir þar, með talið ég, ólust því upp við að opna gjafir 1. janúar. Sumir halda enn í þann sið og fá tvöfaldan skammt af gjöfum,“ segir Zolotuskiy.



**SKÁL** „Ég bauð fjölskyldunni minni og vinum, bæði úr kirkjunni og annars staðar að, í boð á jóladag. Við föstum í 40 daga fyrir hátíðina þannig að hátíðarmáltíðin er kærkomin,“ segir Margarita Fakhruudinova sem er frá Rússlandi. Hún sést hér þriðja frá hægri skála með boðsgestum í trönuberjavodka. „Ég bjó til alls konar mat og fékk líka hjálp frá vinkonu minni við veislumatinn. Ég útbjó trönuberjavodkann sjálf, keypti ber og setti í vodkann viku fyrir jólin, alveg eins og mamma gerði alltaf.“



**BESTUR HREINN** Með hátíðarmatnum var fram borinn vodki, íslenskur sem sjá má á myndinni. „Við blöndum ekki vodka með gosi, heldur drekkum hann hreinan, það er ekki vit í öðru,“ segir Fakhruudinova.



**SKÍRNIN STAÐFEST** Zolotuskiy segir það aldagamla hefð að skíra á þrettánda degi jóla. „Upphaflega var skirt í ánni Jórdan og sú hefð að skíra í vatni hefur fylgt kristni,“ segir Zolotuskiy og bætir við að í rétttrúnaðarkirkjunni hafi sú hefð myndast að staðfesta skírnaheitin á þrettánda degi jóla. Á Íslandi fer athöfnin fram í Nauthólsvík. „Við endurnýjum þannig loforðin sem við höfum gefið guði,“ segir hann. Þrettánda dagur jóla rétttrúnaðarkirkunnar var fimmtudagurinn síðastliðið, 19. janúar. Ástæða þess að rétttrúnaðarkirkjan heldur jólin frá 6. janúar til 19. janúar er sú að hún fylgir júlíönsku tímatali en ekki gregorísku.





## Fögur fyrirheit, svikin loforð

### Stjórnvöld verða að standa við sitt!

VR gagnrýnir stjórnvöld harðlega fyrir vanefndir á gefnum loforðum við gerð síðustu kjarasamninga. VR telur ekki forsendur að segja upp samningum, að svo stöddu, en krefst þess að ríkisstjórn Íslands bregðist tafarlaust við og standi við orð sín.

### Við krefjumst þess líka að:

- Hækkun almannabóta haldist í hendur við lægstu laun.
- Horfið verði frá ósanngjarnri og vanhugsaðri skattlagningu á lífeyrissjóði fólksins í landinu.
- Endurskoðun fari fram á tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta.
- Breytingar verði gerðar á lögum um opinber innkaup svo samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks verði betur tryggð.



# Ég er frjáls eins og fuglinn

Pegar **Lára Jónsdóttir** var um fimmtugt seldi hún þakið ofan af höfði sér, sagði upp góðri framkvæmdastjórstöðu og fann til mikils léttis. Síðan hefur hún ferðast vítt og breitt um heimsbyggðina, meðal annars til hins hertekna Gasasvæðis, þar sem hún kynntist botnlausri gestrisni mitt í ólýsanlegri neyð. Lára sagði *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* óvenjulega sögu sína.

**F**yrir rúmum tveimur árum var Lára Jónsdóttir í góðu starfi sem framkvæmdastjóri, átti sitt heimili sem hún greiddi samviskusamlega af í hverjum mánuði, rétt eins og flestir aðrir landsmenn á fullorðinsárum. Undir niðri kraumaði í henni ævintýraþrá sem að lokum fékk hana til að kollvarpa lífi sínu. Um leið og ungarnir hennar tveir voru báðir flognir úr hreiðrinu sagði hún upp starfi sínu, seldi íbúðina sína og ákvað að nú væri tími til kominn að skoða heiminn. „Ég var búin að vinna í tíu ár sem framkvæmdastjóri Fulbright-stofnunarinnar, sem var frábært starf. En þegar ég var búin að vinna þarna í tíu ár hugsaði ég með mér: Ef ég á að breyta einhverju í þessu lífi, verður það að gerast núna. Svo ég sagði upp. Þegar ég seldi íbúðina mína og gat borgað niður öll lán fann ég fyrir ólýsanlegum létti. Þá fór ég beinustu leið inn á sölusíðu Icelandair og pantaði mér far út í heim.“

Hún segir að vissulega hafi það verið erfið ákvörðun að segja upp svo góðu starfi. En það hafi helst verið vinir og kunningjar sem undruðu sig á því. „Það er óalgengt að fólk geri þetta á mínum aldri. Það var eiginlega magnað að sjá að margir í kringum mig voru í nettu sjokki yfir þessari ákvörðun – að ég ætlaði að hætta sem framkvæmdastjóri en væri ekki á leið í betra starf,“ segir Lára, sem hefur verið svo heppin að fá að stökkva til og vinna á veitingastað hjá vinkonu sinni, á milli ferðalaga, því eins og aðrir þarf hún að afla tekna til að lifa. „Ef maður ætlar að lifa fyrir að ferðast kostar það að maður er ekki með sinn starfsframa í fyrsta sæti.“

## Eins og eins árs í boltalandi

Lára situr í stjórn Félagsins Ísland-Palestína. Hún hefur lengi fylgst með málefnum Palestínu og haft hug á því að heimsækja Gasasvæðið. Ekki síst hafði hún áhuga á að sjá með eigin augum hvernig það fé sem samtökin afla hér á landi nýtist þar. En það er ekki hlaupið að því að komast inn á Gasa, né út af því aftur, ef því er að skipta.

Síðastliðið haust ákvað Lára að reyna að komast inn á Gasa í gegnum Rafah í Egyptalandi. Umsóknina sendi hún egypska utanríkisráðuneytinu, og dreif sig svo af stað til Kaíró, þar sem hún ákvað að bíða eftir því að leyfið gengi í gegn. Þetta var í október síðastliðnum. „Ég vissi að ég myndi lenda í einhverjum töfum og og í raun langaði mig líka að athuga sjálf hvað það tæki langan tíma að komast yfir, ef maður mætti á staðinn og segðist bara ætla. Maður fer ekki þarna út nema maður sé tilbúinn til að láta hlutina hafa sinn gang. Enda kom það í ljós, þegar ég var komin til Kaíró, að umsóknin mín hafði týnst.“

## ■ HLAUÐA MARAPON Á GASA FYRIR BÖRNIN

Eitt þeirra verkefna sem Ísland-Palestína styrkir er Gasamaraponið sem fram fer 1. mars næstkomandi í annað sinn. Gasasvæðið er mjó strandlengja, 42 kílómetra löng, sem er einmitt vegalengd heils marapóns. Hlaupið verður frá Beit Hanoun í Egyptalandi í norðri, suður til Rafah í suðri. Búist er við að um 1.000 palestínsk börn taki þátt. „Þau fá skó, bol til að hlaupa í og mat yfir daginn. Í einn dag fá þau að upplifa sig sjálf eins og börn sem skipta máli og umheimurinn lætur sig verja,“ segir Lára. Hún segir að börnin hlaupi þær vegalengdir sem þau treysti sér til, en mörg þeirra þjáist af næringarskort og hafa því ekki fullan þrótt.

Bæði atvinnu- og áhugahlauparar taka þátt í hlaupinu auk annarra stuðningsmanna Palestínanna víðs vegar að. Þátttaka er öllum frjál.



**GASABORG AÐ BAKI** Lára Jónsdóttir er gjaldkeri Félagsins Ísland-Palestína og hafði lengi látið sig dreyma um að heimsækja Gasasvæðið. Hún lét verða af því í október síðastliðnum.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Tilvera fólks sem þarna býr er upp á líf og dauða, hvern einasta dag. Þar var tekið svo vel á móti mér, mér boðnir ávextir og te, af fólki sem á bókstaflega ekki neitt. Svona mikil gestrisni í þessari svakalegu eynd var bæði hjartaskerandi og upplífandi.

Þá var ekki annað að gera en að sækja aftur um og bíða. Lára setti það ekki fyrir sig. „Ef fólk hefur gaman af sögu er Egyptaland eins og að vera eins og hálf árs í boltalandi. Ég er heilluð af Kaíró og Egyptalandi öllu.“

## Gott að vera ein á ferðalagi

Þegar kallið kom frá Dínu, nýju vinkonu Láru hjá egypska utanríkisráðuneytinu, var hún búin að ferðast vítt og breitt um Egyptaland, norður til Alexandríu og suður eftir, alveg niður að landamærum Norður-Súdan. Í Kaíró bjó hún meðal annars á Tahrir-torginu sjálfu, þar sem þúsundir Egypta höfðu mótmælt fyrir á árinu, sem

leiddi til þess að Hosni Mubarak forseti hrökklaðist úr embætti. Á meðan Lára var úti var uppþot meðal kristinna Kopta og átök brutust út á torginu, stuttu eftir að hún var farin frá Egyptalandi. Það truflaði Láru ekki að vera ein á ferð á svo róstusömu svæði. „Mér finnst bara spennandi að fara á framandi og kannski dálítið „shaky“ staði,“ segir hún, og tekur fram að henni finnst ekkert að því að ferðast ein-sömul. „Mér finnst fínt að vera ein með sjálfri mér. Þá get ég stökkið til og breytt um plan með klukkutíma fyrirvara og þarf ekki að taka ábyrgð á öðrum en sjálfri mér. Línur úr gömlum dægurlagatexta koma oft upp í hugann á mér þegar

ég er ein á ferðinni. „Ég er frjáls eins og fuglinn...“ syngur hún og hlær. „Mín reynsla er að það taka allir einsamalli konu, ferðalangar, opnum örmum. Ég hef kynnst svo yndislegu fólki. Í Egyptalandi voru flestir ferðalangar líka einir eins og ég og þannig er auðvelt að kynnst fólki. Egyptar eru ofsalega opnir og yndislegir. Svo er gott að muna að þó að þú farir á skrýtna staði, sem þú hefur aldrei komið á áður, finnst alltaf einhverjar tengingar, þó að þú áttir þig ekki endilega á þeim.“

## Fylltist von á Gasa

Starf Félagsins Ísland-Palestína gengur út á að kynna málstað

Palestínu og ekki síst að safna fé sem rennur til styrktar verkefnum þar. Lára er gjaldkeri félagsins og hafði sem fyrr segir áhuga á að sjá hvernig þau verkefni sem félagið styrkir ganga og hitta það fólk sem stýrir þeim. Hún heimsótti meðal annars Aid and Hope Center, sem er eftirferðarmiðstöð fyrir krabbameinssjúkar konur og börn, Aisha-miðstöðina, sem er starfrækt fyrir konur sem hafa þurft að þola ofbeldi, andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, Rachel Corrie Center í Rafah og ALPC, Artificial Limbs and Polio Center, sem hefur verið í miklu samstarfi við Ísland-Palestínu undanfarin ár. Þá fræddist hún um og hreifst af Gasamaraponinu, sem segir frá í hliðarefni hér á síðunni.

Lára fylltist von við að heimsækja Gasa. „Það er tekið á móti öllum útlendingum sem koma til Gasa eins og þeir séu þjóðhöfðingjar. Palestínammenn eru ofsalega stoltir af uppruna sínum og fullir baráttuhug, þrátt fyrir að þarna sé 80 prósent atvinnuleysi og 60 prósent barna séu vannærð. Ástandið er rosalegt og það sést hvarvetna hvernig Ísraelsmenn vinna að því að eyða palestínsku þjóðinni. Sam-einuðu þjóðirnar halda uppi þeirri litlu þjónustu sem þarna er. Leikskólar, skólar og sjúkrahús eru rekin af þeim og stór hluti fólks reiðir sig á matargjafir frá þeim.“

Á Gasa býr meirihluti fólks í flóttamannabúðum, flest fólk sem hefur verið rekið úr þorpum sínum á Vesturbakkanum. Lára heimsótti flóttamannabúðirnar Beach Camp, þriðju stærstu flóttamannabúðir á Gasa, þar sem 82 þúsund manns búa á hálfum ferkílómetra. „Tilvera fólks sem þarna býr er upp á líf og dauða, hvern einasta dag. Þar var tekið svo vel á móti mér, mér boðnir ávextir og te, af fólki sem á bókstaflega ekki neitt. Svona mikil gestrisni í þessari svakalegu eynd var bæði hjartaskerandi og upplífandi. Þrátt fyrir alla þeirra erfiðleika er fólkið sem þarna býr ekki búið að gleyma því hvernig það er að vera manneskja.“



**PALESTÍNSKIR HLAUÐADRENGIR** Þessi mynd var tekin í fyrra, þegar Gasamaraponið fór fram í fyrsta sinn. Búist er við að um þúsund palestínsk börn taki þátt í Gasamaraponinu sem fram fer í mars næstkomandi. Öllum er frjálst að taka þátt í hlaupinu og rennur þátttökufé beint í Sumarbúðir Sameinuðu þjóðanna, sem öllum börnum á Gasa verður boðið að taka þátt í.



Pottaplöntu  
**Útsala**

miki úrval

**30-50%**  
afsláttur

# POTTAPLÖNTU Útsalan

## Hefst í dag

Stórar og  
fallegar  
Orkideur  
**1990** kr  
tilboðsverð

### Fjölskylduhátíð Heillakeðju barnanna dagskrá laugardag

#### Teiknisamkeppni

- í Blómavali um allt land

Kept í þremur flokkum:

5 ára og yngri, 6 til 11 ára og 12 ára og eldri.

Vegleg verðlaun fyrir þrjár bestu myndirnar í hverjum flokki.

#### Börnin rækta

- í Blómavali um allt land

Öll börn sem koma í Blómaval í dag fá gefins blómavali og fræ. Börnin fá leiðsögn við gróðursetninguna.

Gerður Kristný les upp úr bókinni sinni - Forsetinn, prinsessan og höllin sem svaf  
SKÚTUVOGI, LAUGARDAG  
kl. 14



Stúlknakór Reykjavíkur tekur lagið  
SKÚTUVOGI, LAUGARDAG  
kl. 15:00

#### Kanínuklapp

SKÚTUVOGI, LAUGARDAG

kl. 13 - 17

Allir krakkar fá að klappa kanínunum okkar!



Blómaval er samstarfsaðili Barnaheilla. Þegar þú verslar hjá okkur í janúar rennur hluti ágóðans til Barnaheilla.

### Túlípanavöndur 15 stk

Komdu og náðu þér í fallegan túlípanavönd á

**1.699** kr.

Allur ágóði rennur óskertur til Barnaheilla.

10 Túlípanar  
**1.199** kr.

Skoppa og skrítla

skemmta og gefa ís

kl. 14:30

í Skútuvogi

**blómaval**  
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri  
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær






ÞJÁLFARINN Sigursteinn Þjálfari Leikni frá 2008 til 2011. Hér er hann í leik gegn Haukum sumarið 2009.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




BESTUR Sigursteinn var valinn leikmaður tímabilsins 1994, en Skagamenn unnu fimm Íslandsmót í röð á árunum 1992 til 1996.

MYND/BRYNJAR GAUTI SVEINSSON



Á SKIPASKAGA Sigursteinn var mikilvægur hlekkur í hinu sigursæla liði ÍA í upphafi tíunda áratugarins.



SÁ NÍUNDI Haustið 2003 fagnaði Sigursteinn sínum níunda Íslandsmeistaratitli ásamt Magnúsi Sveini syni sínum. Sigursteinn grínaðist gjarnan með að KR yrði ekki Íslandsmeistari fyrr en hann sjálfur sneri aftur til félagsins, en sú varð einmitt raunin.

MYND/EINAR ÓLASON

# Einn sá allra sigursælasti

Knattspyrnumaðurinn **Sigursteinn Gíslason** lést í vikunni eftir harða baráttu við krabbamein. Sigursteinn lék lengst af með ÍA og KR og er einn allra sigursælasti leikmaður íslenskrar knattspyrnusögu, en alls varð hann ný sinnum Íslandsmeistari og þrisvar sinnum bikarmeistari, og hlaut fjölda annarra titla. *Kjartan Guðmundsson* leit yfir feril þessa mikla sigurvegara.

**E**inn allra sigursælasti leikmaður íslenskrar knattspyrnu, Sigursteinn Gíslason, féll frá mánudaginn 16. janúar eftir stutta en harða baráttu við krabbamein, aðeins 43 ára að aldri. Sigursteinn lék lengst af með ÍA og KR en með þessum félögum vann hann alls níu meistararitla í efstu deild og þrjú bikarmeistararitla, auk fjölda annarra bikara í smærri mótum. Þá lék Sigursteinn 22 A-landsliðsleiki fyrir Íslands hönd. Hann var kosinn besti leikmaður Íslandsmótsins í knattspyrnu haustið 1994 og var sæmdur gullmerki KSÍ á síðasta ári.

## Sigurganga á Skaganum

Sigursteinn var fæddur og uppallinn á Akranesi og tilheyrði

mikilli knattspyrnuætt, en eftir því sem næst verður komist hafa að minnsta kosti átta afkomendur ömmu Sigursteins leikið með meistaraflokki ÍA. Hann lék með ÍA í yngri flokkum þar til hans fluttist í vesturbæ Reykjavíkur haustið 1985 og gekk þá til liðs við KR, þar sem hann hlaut sína eldskírni í efstu deild sumarið 1987.

Að tímabilinu loknu sneri hann aftur upp á Skaga og varð mikilvægur hlekkur í hinu ótrúlega sterka og sigursæla liði ÍA sem tryggði sér sæti í efstu deild haustið 1991. Árin á eftir tók við óslitin sigurganga þar sem fimm Íslandsmeistararitlar komu í hús á árunum 1992 til 1996. Þar af unnu Skagamenn tvöfalt, Íslandsmót og bikar, árin 1993 og 1996 og er þetta lið af mörgum talið með þeim öflugustu

í íslenskrar knattspyrnusögu. Ásamt óbilandi sigurvilja þótti Sigursteinn einnig einkar laginn við að tileinka sér flestar stöður á vellinum, þótt lengst af hafi hann leikið í vörninni.

## Mikilvægasta gjöfin til KR

Eftir að hafa glímt við meiðsli tímabilin 1997 og 1998 gekk Sigursteinn til liðs við KR-inga á ný og tók þátt í að færa fylgismönnum liðsins mikilvægustu gjöf sem þeir gátu hugsað sér: Fyrsta Íslandsmeistaratitil félagsins í 31 ár haustið 1999. Á þessu aldarafmælisári KR tryggði félagið sér einnig bikarmeistaratitil, en þrjár aðrir Íslandsmeistararitlar fylgdu í kjölfarið árin 2000, 2002 og 2003.

Í millitíðinni reyndi Sigursteinn fyrir sér hjá Stoke undir stjórn

Guðjóns Þórðarsonar á hálfis árs lánsamningi, þá 31 árs gamall. Meiðsli settu strík í reikninginn í Englandi, en alls lék Sigursteinn átta leiki með Stoke. Þá stóð honum til boða að skrifa undir samning hjá sænska félaginu Örgryte haustið 1994 en kaus heldur að taka þátt í áframhaldandi velgengni Skagamanna.

Sigursteinn var spilandi aðstoðarþjálfari hjá Víkingi í efstu deild sumarið 2004 en hóf að því loknu þjálfun 2. flokks KR og tók svo við þjálfun meistaraflokks KR frá miðju sumri 2005 og út tímabilið. Hann var svo aðstoðarþjálfari meistaraflokks KR tímabilin 2005, 2006, síðari hluta 2007 og 2008.

Haustið 2008 gerðist Sigursteinn þjálfari meistaraflokks Leiknis í Breiðholti. Hann gegndi þeirri

stöðu þar til hann fór í veikindafrí á vordögum 2011 þegar hann greindist með krabbamein í nýrum og lungum.

## Vinsæll og hugrakkur

Í júní síðastliðnum skipulögðu vinir og velunnarar knattspyrnuleik til stuðnings Sigursteini og fjölskyldu hans milli ÍA og KR á Akranesvelli, þar sem margir af fyrrum liðsfélögum hans og fleiri leikmenn víðs vegar að tóku þátt. Tæplega 4.000 áhorfendur mættu á völlinn þennan laugardag, enda Sigursteinn vinsæll maður sem þótti sýna mikið hugrekki og æðruleysi í baráttu sinni.

Sigursteinn lætur eftir sig eigin konuna Önnu Elínu Daníelsdóttir og þrjú börn: Magnús Svein, Unni Elínu og Teit Leó.

## ■ SIGURVEGARINN SKEIN AF HONUM

„Ég var svo heppinn að kynna Sigursteini þegar hann kom til KR fyrir tímabilið 1999. KR hafði verið í vandræðum með að vinna Íslandsmeistaratitil og ég er sannfærður um að koma hans til félagsins hjálpaði mikið til við að landa titlinum. Sigurvegarinn skein af honum,“ segir Guðmundur Benediktsson sem lék með Sigursteini hjá KR og kynntist honum og fjölskyldu hans vel. Guðmundur bætir við að fátt hafi verið leiðinlegra en að vera á móti Sigursteini á æfingum. „Hann ekki sérlega skemmtilegur andstæðingur þegar hann var að vinna mann, en þannig er það oft með þá sigursælustu. Það er á hreinu að það var mun betra en hafa Steina í liði með sér en á móti.“

Guðmundur segir það forréttindi að hafa fengið að kynna Sigursteini og söknudúrinn sé mikill. „Steini var aldrei með neitt múður heldur gerði það vel sem hann tók sér fyrir hendur og ætlaðist einnig til þess af öðrum. Árangur hans sem þjálfari, þegar hann var svo nálægt því að koma Leikni upp um deild, kom alls ekki á óvart því þar var Steini bara að halda áfram því starfi sem hann vann sem leikmaður.“

Guðmundur var einn þeirra leikmanna sem tóku þátt í stuðningsleiknum milli ÍA og KR á Akranesi í sumar og segir það hafa verið frábæran dag í alla staði. „Þar sýndi það sig svart á hvítu hvaða hug allir báru og bera



LANGPRÁÐIR TITLAR Sigursteinn Gíslason og Guðmundur Benediktsson fagna bikarmeistaratitli KR-inga haustið 1999 ásamt félögum sínum.

MYND/HILMAR ÞÓR GUÐMUNDSSON

til Steina. Allir voru tilbúnir að leggja sitt af mörkum og settu það ekki fyrir sig hvar í heiminum þeir voru eða hvernig stóð á hjá þeim. Þessu hefur maður líka tekið eftir svo um munar síðustu mánuði og það segir það sem segja þarf um Steina.“

## ■ SKARÐ SEM EKKI VERÐUR Fyllt

„Ég man eftir Steina þegar hann var smápolli í fótbolta á Merkurtúni,“ segir Guðjón Þórðarson knattspyrnu-stjóri, sem þjálfari Sigurstein hjá ÍA og einnig með hjá Stoke, en milli fjölskyldna Sigursteins og Guðjóns mynduðust sterk tengsl. „Eitt haustið þurfti ég að vera erlendis í á fjórðu viku og þá fluttu Steini og Anna inn í húsið og þessuðu tvo yngstu strákana mína allan tímann. Heimili þeirra var líka alltaf opið fyrir öllum strákunum mínum og við höfum öll misst afar góðan og tryggan trúnaðarvin.“

Guðjón lýsir Sigursteini sem jafnlyndum og góðum dreng sem var ávallt reiðubúinn til að takast á við það sem ætlast var af honum. „Hann leitaði alltaf lausna í stað þess að væla og vera með vandræðagang. En ekki skipti minna máli hversu staðráðinn hann var í að gera alltaf gott úr hlutunum og sjá húmorinn í öllu. Ég hef oft sagt að karakterar fólks kristallist á fótboltavellinum og þar var Steini eins og í lífinu sjálfu, lagði sig allan fram og var jafnframt mjög hvetjandi fyrir alla í kringum sig. Steini skilur eftir sig stórt skarð sem verður aldrei fyllt,“ segir Guðjón.



MEISTARI Guðjón Þórðarson og Sigursteinn, sem klæddist sérhannaðri ÍA og KR-treyju í stuðningsleiknum í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR BJARKI



# ÚTSALAN ER NÚNA ...

ATHUGIÐ  
NÝTT  
KORTATÍMABILI!



**25%**  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
FATNAÐI  
GILDIR AF OUTLETVERÐUM\*

**40%**  
AFSLÁTTUR  
AF FATNAÐI  
FRÁ  
**ZARA\***

## ... KLUKKAN TIFAR!

\* AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR  
ÞÚ VERIÐ ALLT AÐ **80%** FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!

**KORPU** **OUTLET**



Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opíð mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400





## ■ MERKILEGIR KAFFIBOLLAR

„Kallakaffisbollann fékk ég að gjöf frá starfsmanni á RÚV sem seinna sagðist leiður yfir að hafa ekki getað gefið mér Hringekju- og Kexvexmiðjubolla. Hann sá fyrir sér að þetta væri hægt að selja í áskrift í sjónvarpsmarkaði undir yfirskriftinni „It builds to this lovely collection“. Því fylgdi sögunni að ástæðan fyrir því að dagskrárstjórinn svarar ekki tölvupóstum frá mér sé sú að ég sé einfaldlega ekki í þessum sama gæðaflokki,” segir Halldór Högurður, fristundahandritshöfundur og ráðgjafi hjá Dugi, um kaffibolla sem merktur er gamanþáttaseríunni Kallakaffi sem vakti misjávæða athygli fyrir nokkrum árum. Halldór segir meira söfnunargildi í öðrum kaffibolla sem hann á, sem nú er reyndar í útláni, en það er bolli merktur Icesave. Sá bolli varð ein af helstu táknmyndum efnahagshrunsins þegar fjölmiðlar gripu til þess trekk í trekk að birta af honum myndir með nánast hverri einustu frétt sem sögð var af málinu lengi vel. „Ég á líka spilastokk merktan



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafskipum og þarna er nú vísis að viðskiptasögusafni. Icesavebolli hefur mikið söfnunargildi, alveg þangað til það verður farinn annar hringur og Icesave-reikningar opnaðir erlendis aftur með allri

þeirri bollaframleiðslu sem því fylgir. Annars er ég ekki mikill safnari, en ef einhver á kveikjara merktan Café Óperu, Laugarásvideó, Kaffi Krók eða skemmtistaðnum Batteríinu þá má hann láta mig víta.“

# Menningarverðmæti framtíðar

Hversdagslegir hlutir sem endurspegla að einhverju leyti tíðarandann á hverjum tíma fyrir sig eiga það til að enda á ruslahaugum, því erfitt er að sjá fyrir hverjir þeirra gætu reynst fróðlegir, fyndnir eða nytsamlegir þegar fram í sækir. *Kjartan Guðmundsson* þefaði uppi nokkra slíka hluti sem fólk ætti með réttu að verða sér úti um eða varðveita með hliðsjón af framtíðinni.

## ■ EYÐI ÆVINNI MEÐ THOR OG BIRGITTU



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég hef enga hugmynd um hvernig þessi brúsi endaði heima hjá mér,” segir Hildur Lilliendahl, deildarfulltrúi í Ráðhúsinu, sem er stoltur eigandi vatnsbrúsa með mynd af rithöfundinum Thor Vilhjálmssyni heitnum, en brúsinn vakti nokkra athygli þegar hann var framleiddur fyrir nokkrum árum. „Ég hef eins lítinn áhuga á íþróttum og hreyfingu og hugsast getur en einhvern veginn sit ég samt uppi með þennan brúsa. Ég hefði alveg getað hent honum í einhverju tiltektaðri einhvern tímann en eftir andlát Thors öðlaðist hann algjörliga nýja merkingu og ég er forsjóninni þakklát fyrir að hann skuli enn vera hjá mér,” segir Hildur.

Brúsinn góði er þó ekki eini hversdagslegi hluturinn í eigu Hildar sem hún sér fram á að öðlist aukid gildi í framtíðinni. Hún heldur einnig mikið upp á dúkku í líki söngkonunnar Birgittu Haukdal sem kom á markað um miðjan síðasta áratug og vakti jafnvel enn meiri athygli en brúsinn. Dúkkuna fékk hún að gjöf frá manneskjum sem henni þykir óskaplega vænt um. „Það var táknræn gjöf og ætlað að sýna mikinn hlýhug, enda gefur maður svona gersemar ekki hverjum sem er. Ég brosi alltaf

þegar ég horfi í andlitið á þessari dúkku. Þetta gæti verið klæðskiptingur, eða Ruth Reginalds, eða geimvera. Í raun gæti þetta verið næstum allt annað en Birgitta Haukdal. Utan á kassanum stendur að hann innihaldi meðal annars „viðeigandi skart“ enda væri vissulega óviðeigandi að láta Birgittu ganga með óviðeigandi skart eða skartlausu með öllu. Á kassanum segir líka „Í fyrsta sinn á Íslandi“ eins og Birgittu Haukdal dúkkur hafi verið í sölu í útlöndum í þó nokkurn tíma áður en þær náðu til Íslands.“

Hildur segir bæði brúsann og dúkkuna verða sér kærari með tímanum. Hún hlakki til að verja með þeim ævinni og draga fram á viðeigandi gleðistundum í framtíðinni. Aðspurð segir hún að listinn yfir aðra slíka hluti sem hana langar í sé endalaus, en á honum eru til að mynda apaskinnsgalli, neonlitaður krumpusundbolur, ljóðabók Silvíu Nætur, sigarettuyggjög og varningur merktur Sophiu Hansen. „Svo ef einhver á gamla og merka minjagripri frá lútherskum hjónahelgum sem voru og eru haldnar á hótélum víðs vegar um landið má sá endilega koma þeim til mín.“

## ■ PRENTUÐU EINTÖKIN AF SKÝRSLUNUM



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, bindi 1 til 9 eftir Rannsóknarnefnd Alþingis, sem gengur undir nafninu Rannsóknarskýrslan í daglegu tali, seldist eins og heitar lummur þegar hún var gefin út á vordögum ársins 2010, nánar tiltekið í þúsundum eintaka. Þá var skýrslan einnig gerð aðgengileg á netinu fyrir almenning og því alls óljóst hversu margir komi til með að passa vel upp á prentuðu eintök sín, enda skýrslan tæplega skemmtilesning og fráleitt í hópi fagurbókmennta, þótt lesi megi hana sér til gagns fram og til baka. Í öllu falli er um að ræða fyrirtaks minnisvarða um þennan skrytna tíma í sögu þjóðarinnar og eigueglegan grip fyrir safnara framtíðarinnar.

Þá væri ekki úr vegi að tryggja sér prentað eintak af skýrslu nefndar um ímynd Íslands frá því rétt fyrir hrun árið 2008, þar sem lagt var til að kjarninn í ímynd landsins yrði kraftur, frelsi og friður. Nefndin, sem forsætisráðherra skipaði, komst einnig að þeirri niðurstöðu að náttúrulegur kraftur væri sérkenni Íslands.

## ■ MÁLVERK EFTIR PÖNTUN



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Samhliða tónlistarsköpun hefur Gylfi Aegisson málað myndir í áratugi, oft á skipstýri en einnig á hefðbundnari máta. Gylfi tekur meðal annars að sér að mála samkvæmt pöntunum og sem dæmi pantaði poppræðingurinn Dr. Gunni í afmælisgjöf handa sjálfum sér málverk eftir Gylfa sem átti að vera af Bítlanum og Tinna í íslensku landslagi í draumkenndum stíl, en listamaðurinn bætti sjálfu afmælisbarninu við á myndina ásamt nokkrum húsdýrum, burstabæ og sól. Slík gersemi verður væntanlega ómetanleg þegar fram í sækir enda lifir listin manninn, rétt eins og með Stórval.

## ■ HRESSANDI HÁSKÓLABOLUR

Gleðigjafi Íslands, sjálfur Hemmi Gunn, hefur komið víða við og vafalítið fái sem búa yfir jafn mikilli reynslu og hafa eins fróð- og skemmtilegar sögur að segja úr íþróttahæimnum, skemmtanabransanum og nánast öllu sem mannlegt getur talist. Óbilandi kátina og hressleiki er ekki metinn til fjár og því ætti að varðveita allan varning sem tengist þeirri þjóðgersemi sem Hemmi er eins og sjáaldurs auga síns. Þar fer fremstur í flokki þessi merki- legi háskólabolur sem framleiddur var í tengslum við geysivinsælan spjallþátt Hemma, Á tali, á ofanverðum niunda áratug síðustu aldar, en slíkir bolir ku ganga kaupum og sölum í undirheimum borgarinnar og ættu einnig að fást á einstaka lagersölum.



## ■ BÆKURNAR UM SKÍMÓ OG NYLON

Einkabílanúmerin sem meðlimir hljómsveitarinnar Skítamóralts létu setja á Volkswagen Polo-bifreiðar sínar undir lok tíunda áratugarins, SKÍMÓ 1 til 5, eru fyrir löngu orðin dægurmenningargull, enda tók veitingastaðurinn Hard Rock þau í sína vörslu og líklegt að þau muni dvelja á rokk- og poppmínja-söfnum um aldur og ævi. Ef bílnúmerin slyst á einhverjum tímamarki í Kolaportið væri gráupplagt að tryggja sér þannig áþreifanlegan hluta af poppsögu landsins. Hægara um vik ætti að þó að vera að ná sér í eintak af bókinni sem gefin var út um sögu sveitarinnar árið 1998 og hefur farið lítið fyrir síðan. Sömu sögu má segja um bókina 100% Nylon, sem kom út um kvennasveitina vinsælu í nóvember árið 2004, örfáum mánuðum eftir að sveitin var stofnuð eftir áheyrnarprufur á Hótel Nordica. Þessar bækur koma væntanlega til með að verða víðlíka fágæti og Saga Hljóma eftir Ómar Valdimarsson, fyrsta bókinn sem skrifuð var um íslenska dægurtónlist, er í dag.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



# FERÐIR

LAUGARDAGUR 21. JANÚAR 2012

## Kynningarblað

Sólarlandaferðir,  
borgarferðir,  
innanlandsflug,  
fjölsótt muster og  
sakbitnar ánægjustundir.



Eftirspurnin á Majorjorka hefur ekki minnkað þrátt fyrir efnahagsþrengingar í heiminum og því hefur verið verið of hátt fyrir íslenskan markað undanfarin ár. Með hagstæðum samningum er eyjan nú komin á kortið á ný.

## Majorjorka aftur á kortið

Vor og sumarvertíðin er hafin hjá **Úrval Útsýn** og að vanda er boðið upp á nýjungar í bland við gamalgróna áfangastaði. Meðal nýjunga er beint flug til Majorjorka en það hefur ekki staðið Íslendingum til boða frá hrúni.

Íslendingar hafa verið að kalla eftir ferðum til Majorjorka síðastliðin þrjú ár og er gaman að segja frá því að ferðir þangað koma í sölu hjá okkur í næstu viku," segir Daði Guðjónsson, markaðsstjóri Úrvals Útsýnar. Boðið verður upp á fjölbreytt úrval gistinga beggja vegna eyjunnar, allt frá Alcudia á norðurströndinni til Palma á suðvesturströndinni. Að sögn Daða hefur ekki verið flogið til Majorjorka frá árinu 2008. „Ástæðan er sú að markaðurinn á Majorjorka hefur haldið sér betur en á Spáni og víðar. Eftirspurnin er mikil og því hefur verið lítið sem ekkert lækkað. Eftir efnahagshrunið hér heima og með krónuna eins og hún er hefur einfaldlega verið of dýrt að fljúga til Majorjorka," segir Daði. Hann segir markaðinn þó vera farinn

að jafna sig. „Eins voru aðilar ytra tilbúnir til að koma til móts við okkur. Þeir vilja halda íslenskum ferðamönnum inni og voru farnir að sakna okkar eins og við þeirra.“

Áfram verður flogið til Almería á suðausturhorni Spánar en þangað var farið með fyrstu Íslendingana í fyrra. „Það gafst afar vel og við höldum ótrauð áfram, en Almería er flottur kostur fyrir þá sem vilja fá mikið fyrir peninginn," segir Daði. „Þá bjóðum við ferðir til Tenerife að vanda en þaðan kemur landinn alltaf glaður og ánægður. Eins má nefna smábæinn Albir sem er nærri Benidorm. Þetta er tilvalinn fjölskyldustaður þar sem ríkir friður og ró og eru nýir og spennandi gistimöguleikar á boðstólum. Steinsnar frá bænum eru svo skemmtigarðurinn Terra




Daði segir marga huga að sólarlanda- og borgarferðum um þessar mundir.

Mitica og listamannaþorpið Altea svo dæmi séu nefnd.

Borgarferðir eru eins og al-kunna er vinsælar að vori og

hausti og segir Daði eftirspurnina að aukast. „Fólk er ekki endilega að sækjast eftir því að fara til borga sem eru í alfaraleið heldur að upplifa eitthvað nýtt. Í því skyni bjóðum við ferðir til Zagreb, höfuðborgar Króatíu, Ljubljana, höfuðborgar Slóveníu, Dublin, höfuðborgar Írlands og Brighton á suðurströnd Englands. En hverir sækja í svona ferðir? Það eru einstaklingar og minni hópar, jafnvel fyrirtækjahópar og saumaklúbbar. Þetta er ekki endilega fólk sem ætlar sér að versla, þó að það geri það vissulega líka, heldur fólk sem vill drekka í sig sögu og menningu borganna og nýta sér margir tilboð um skoðunarferðir með íslenskum fararstjórum í því sambandi. Nánari upplýsingar um ferðir Úrvals Útsýnar er að finna á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

## AÐRAR SPENNANDI FERÐIR Á VEGUM ÚRVALS ÚTSÝNAR



### SKÍÐAFERÐIR Í ÖLPUNUM ERU ÆVINTÝRALEGAR

Á hverju ári fara þúsundir Íslendinga í skíðaferðir í Alpana. Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk matargerð og skemmtilegur félagskapur í heilnæmu fjallalofti er upplifun sem allir ættu að njóta. Skíða-áfangastaðir Úrvals Útsýnar eru Selva Val Gardena og Madonna di Campiglio á Ítalíu, en þar eru ein glæsilegustu skíðasvæði heims og hafa verið vinsælustu skíða-áfangastaðir Íslendinga undanfarin ár. Brottfarir eru í febrúar í beinu leiguflugi til Verona og því hver að verða síðastur að bóka!



### SKEMMTISIGLINGAR – FLJÓTANDI LÚXUSHÓTEL

Tilhugsunin um fljótandi lúxushótel sem líður á milli áfangastaða er freistandi. Í skemmtisiglingu vaknar fólk daglega á nýjum og spennandi áfangastaði. Dýrindis matur er í boði allan daginn og langt fram á nótt og um borð er ótrúlega margt til skemmtunar. Úrval Útsýn er með samning við stærstu skipafélög heims og selur fjölbreyttar ferðir sem henta öllum.

Spánn, Andalúsía

Sumar 2012

## ALMERÍA

Falda perlan í Miðjarðarhafinu

*Falda perlan í Miðjarðarhafinu, sem sló í gegn síðasta sumar hjá íslenskum ferðamönnum, er komin aftur í sölu! Sólríkar strendur, hvítkölkud hús og seiðandi flamenco-tónlist.*

Verð frá:

**98.153 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku á Hótel Pierre Vacances í íbúð með 2 svefnherbergjum. Brottför: 19. júní.



LÁGMÚLA 4 108 RVK  
SÍMI 585 4000  
URVALUTSYN.IS





# Taka afmælisárið með trukki

Heimsferðir fjölga ferðum sínum á nýju ári. Endurvekja Majorku og Tenerife, bæta Billund við og bjóða upp á spennandi Vínarferð í tengslum við flug til Búdapest.

Við höldum upp á tuttugu ára afmæli Heimsferða með því að auka framboð á ferðum,“ segir Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, glaðlega. Hann nefnir Billund á Jótlandi í Danmörku sem nýjan áfangastað. „Flugvöllurinn í Billund er við hliðina á Legolandi og þaðan liggja leiðir til allra átta,“ bendir hann á.

Ferðir til nokkurra staða verða endurvaktar hjá Heimsferðum. Þar á meðal til hinnar vinsælu eyju Majorku. „Við endurnýjum líka kynnin við Tenerife og verðum með ferðir þangað allan ársins hring,“ upplýsir Tómas. Hann segir Heimsferðir auk þess bjóða flug til Alicante í sumar á góðu verði. „Við byrjuðum að auglýsa Alicante á Þorláksmessu og höfum fengið ótrúlega góð viðbrögð. Því höfum við sett inn aukaferðir þangað og erum að spá í fleiri sem ná lengra fram á haustið.“

Af áfangastöðum í sérferðum nefnir Tómas þýsku borgina Dresden og portúgölsku eyjuna Madeira og af borgum sem Heimsferðir fljúga til í vor



Schönbrunn í Vín er glæsileg bygging með fögrum garði umhverfis.

telur hann upp Barselónu, Prag, Búdapest, Ljubljana og Sevilla. „Í tengslum við ferð til Búdapest 27. apríl verður boðið upp á spennandi ferð til Vínarborgar enda er bara um tveggja stunda akstur

þar á milli. Í Vínarborg verður gist í tvær nætur, þaðan farið til Bratislava í Slóvakíu og Györ í Ungverjalandi, gist þar aðrar tvær nætur og í lokin er kynnisferð um Búdapest.“



Viva Las Vegas.



Egyptskur maður með vatnspípu.

## Sakbitin skemmtun

Lonely Planet hefur tekið saman nokkra hluti sem ferðamenn leyfa sér á ferðalögum sínum. Svokallaðar „guilty pleasures“ eða sakbitnar ánægjustundir.

### Farðu á spilavíti í Las Vegas

Í syndaborginni Las Vegas í Bandaríkjunum leyfir fólk sér ýmislegt sem það ekki gerir heima hjá sér. Borgin er þekkt fyrir ofdekur. Þar er að finna fleiri spilavíti en í nokkurri annarri borg heimsins og þar eru fimmtán af tuttugu stærstu hótélum jarðar. Orðatiltekið „what happens in Vegas, stays in Vegas“ á hér vel við.

### Reyktu eins og Egypti í Kairó

Vatnspípan shisha er allsráðandi í Egyptalandi þar sem sjá má karlmenn á hverju götuhorni blása reyk um nef og munn. Það er eitt hvað heillandi við þetta apparat sem oft á tíðum er mikið skreytt. Að prófa slíka pípu á einu af fjölmörgum kaffihúsum Kairóborgar er fullkomin leið til að bragða á egyptskri menningu.

### Borðaðu á Ramadan

Umsóknir sendist Hafrannsóknastofnuninni fyrir 15. febrúar nk. Nánari upplýsingar veita Hjalti Karlsson, útibúinu á Ísafirði, í síma 575-2300 og Vignir Thoroddsen í síma 575-2000.

*Hafrannsóknastofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsóknna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur fimm útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði 150 starfsmenn í þjónustu sinni.*

Hafrannsóknastofnunin  
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík  
s: 575 2000

[www.vinna.is](http://www.vinna.is)





# EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í AÐ LEIÐA EITT ÖFLUGASTA FYRIRTÆKI LANDSINS Í KAUPHÖLLINA

Hjá Eimskip starfar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur öflugra starfsmanna og nú leitum við að einstaklingi í þann hóp sem tilbúinn er að takast á við spennandi verkefni og starf.

## Fjárfestatengill

Eimskipafélag Íslands hf. leitar að öflugum og metnaðarfullum aðila í starf fjárfestatengils. Viðkomandi mun m.a. bera ábyrgð á upplýsingagjöf til hluthafa, fjárfesta, markaðsaðila og fjölmiðla.

### Starfssvið

- Vinna og undirbúningur við skráningu félagsins í Kauphöll
- Undirbúningur ársskýrsla og aðalfunda
- Umsjón með tilkynningum til Kauphallar og markaðsaðila
- Undirbúningur fyrir ársfjórðungslegar kynningar á afkomu félagsins
- Samskipti við fjárfesta og fjölmiðla
- Umsjón með upplýsingum til fjárfesta á heimasíðu Eimskips
- Önnur tengd verkefni

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun er skilyrði, framhaldsnám er kostur
- Reynsla og þekking á fjármálamörkuðum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Framúrskarandi færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Færni í mannlegum samskiptum og til að leiða verkefni

Elín Hjálmsdóttir, starfsmannastjóri Eimskips (elin@eimskip.is s: 525 7375) veitir nánari upplýsingar um starfið og tekur á móti umsóknum.

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2012.

Skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip er hreint sakavottorð. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

**EIMSKIP**  
YFIR HAFIÐ OG HEIM





# Leitum að fólki til að sinna enn fleira fólki

Sinum heimþjónusta færir út kvíarnar og leitar nú að fólki í skrifstofustarf en einnig sjúkraliðum, félagsliðum og almennum starfsmönnum í heimþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem eru lagnir í mannlegum samskiptum.



## Sinna bókhaldi og launum

Ef þú hefur reynslu af bókhaldsstörfum, ert glögg/glöggur á tölur og hefur ríka þjónustulund, þá gæti þetta verið spennandi tækifæri fyrir þig!

### STARFSSVIÐ:

- Færsla bókhalds og afstemmingar
- Vsk uppgjör
- Launaútreikningar
- Aðstoð við innheimtu og útgáfu reikninga

### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf í viðskiptafræði æskilegt
- Reynsla af bókhaldsstörfum og þá helst í dk bókhaldskerfinu
- Töluglög(ur) og með góða þekkingu á Excel
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Ánægja af mannlegum samskiptum

## Sinna fólki

Vegna aukinna verkefna vantar okkur einnig sjúkraliða, félagsliða og almenna starfsmenn í framtíðarstarf í heimþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem eru lagnir í mannlegum samskiptum og hafa ánægju af því að sinna fólki sem þarf aðstoðar við, hvort sem um er að ræða fötlun, öldrun, tímabundinn eða varanlegan sjúkleika. Viðkomandi verður að hafa bíl til afnota.

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk. Umsóknir skilist með rafrænum umsóknum á [www.sinum.is](http://www.sinum.is).

Sinum er fyrirtæki á velferðarsviði sem sérhæfir sig í alhliða heimþjónustu, hreingerningu, aðhlyningu, heimahjúkrun og hvíldardvöl ásamt daglegum rekstri á sjúkrahótelum LSH.



Sími 770 2221 – 546 7000  
[www.sinum.is](http://www.sinum.is)



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## Starfsmaður í þjónustukjarna

Auglýst eru laus 2 störf starfsmanna í þjónustukjarna í sameiginlegri þjónustu á vegum Heimþjónustu Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.

### Helstu verkefni:

- Umönnun einstaklinga í heimahúsum undir handleiðslu sjúkraliða/hjúkrunarfræðings
- Persónuleg aðstoð og stuðningur við athafnir daglegs lífs
- Þrif á heimili íbúa
- Eldamenska á heimili íbúa
- Taka þátt í þverfaglegri teymisvinnu

### Hæfniskröfur:

- Góð almenn menntun, félagsliðamenntun æskileg
- Reynsla af störfum með fötluðu fólki æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku kunnátta

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Launakjör eru skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar og Eflingar, stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Soffía F.R Hede í síma 665-5873, netfangið: [soffia.fransiska.hede@reykjavik.is](mailto:soffia.fransiska.hede@reykjavik.is)

Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) fyrir 1. ferbrúar 2012.

## Atvinnutækifæri

# Reginn fasteignafélag auglýsir eftir rafvirkja- og húsasmíðameisturum

## Reginn fasteignafélag auglýsir störf rafvirkja- og húsasmíðameistara

Reginn fasteignafélag annast umsýslu og rekstur fasteigna í eigu þess og dótturfélaga. Félagið vinnur einnig að uppbyggingu og þróun einstakra fasteignaverkefna.

Á fyrri hluta þessa árs verður Reginn fasteignafélag skráð í Kauphöll Íslands.

Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingum sem hafa viðtæka reynslu á sínu fagsviði og geta sýnt frumkvæði og verið sjálfstæðir í starfi.

### Hæfniskröfur og eiginleikar

- Meistarapróf í húsasmíði /rafvirkjun eða sambærilegt
- Almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

### Rafvirkjameistari

- Dagleg umsjón með rekstri og viðhaldi á rafbúnaði fasteigna
- Fyrirbyggjandi viðhald á rafbúnaði
- Umsjón og framkvæmd verkefna við endurnýjun og lagfæringar
- Eftirlit og umsjón með öryggismálum s.s. eldvarnir o.fl.
- Umsjón og eftirlit með rekstrarkerfum

### Húsasmíðameistarar

- Dagleg umsjón með rekstri og viðhaldi fasteigna
- Fyrirbyggjandi viðhald á fasteignum félagsins
- Umsjón og framkvæmd verkefna við endurnýjun og lagfæringar
- Eftirlit og umsjón með öryggismálum s.s. eldvarnir o.fl.
- Umsjón og eftirlit með rekstrarverkefnum



Hagasmára 1  
201 Kópavogi  
sími 512 8900  
[reginn@reginn.is](mailto:reginn@reginn.is)


Nánari upplýsingar veitir Júlía Björgvinsdóttir í síma 512 8900  
Umsókn og fylgigögn sendist á [julia@reginn.is](mailto:julia@reginn.is) merkt „Reginn ehf. iðnmeistari“.  
Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar 2012.  
Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



# VIÐ VILJUM RÁÐA!

Nýherji óskar eftir að ráða kraftmikla og heilsteypa einstaklinga sem vilja verða hluti af öfluggu teymi úrvals sérfræðinga. Við leitum að fólki með drifkraft, útsjónarsemi og getu til þess að finna lausnir á ýmsum viðfangsefnum.

Í boði eru spennandi störf og mikil tækifæri fyrir rétta aðila.



## Tæknimaður í notendabjónustu

Notendabjónusta við fyrirtæki, sem og daglegur rekstur ýmissa kerfa.

### Hæfniskröfur:

- Áhugi og þekking á tækni.
- Reynsla af þjónustustörfum og rík þjónustulund.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Tæknilegar vottanir eru kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Zoëga, deildarstjóri framlinubjónustu, [gunnar.zoega@nyherji.is](mailto:gunnar.zoega@nyherji.is).

## Sérfræðingur í ráðgjöf og innleiðingu á Microsoft lausnum

Ráðgjöf og innleiðing á lausnum frá Microsoft, m.a. SQL, Active Directory, Exchange, Sharepoint, System Center og Office 365.

### Hæfniskröfur:

- Að minnsta kosti þriggja ára reynsla í ráðgjöf og innleiðingu Microsoft lausna.
- Viðeigandi vottanir frá Microsoft.
- Þekking á netkerfum æskileg.
- Háskólamenntun er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Þorvaldur Einarsson, deildarstjóri sérfræðilausna, [thorvaldur.einarsson@nyherji.is](mailto:thorvaldur.einarsson@nyherji.is).

## Sérfræðingar í IBM hugbúnaðarlausnum

Innleiðing og ráðgjöf á IBM TIM/TAM (Tivoli Identity Management og Tivoli Access Management) lausnum hjá viðskiptavinum Nýherja.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af IBM hugbúnaði er kostur.
- Góð tæknikunnátta ásamt reynslu af þjónustu.
- Reynsla af auðkenningarkerfum s.s. AD, Domino og LDAP er kostur.
- Tæknilegar vottanir eru kostur.
- Háskólamenntun er kostur.

Ráðgjöf og rekstur á IBM TSM afritunarlausnum hjá viðskiptavinum Nýherja.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af TSM og Linux/Unix er kostur.
- Reynsla af gagnagrunnum og skýrslugerð með BI verkfærum er kostur.
- Góð tæknikunnátta ásamt reynslu af þjónustu.
- Tæknilegar vottanir eru kostur.
- Háskólamenntun er kostur.

Nánari upplýsingar um störfina veitir Ásmundur Bjarnason, deildarstjóri rekstrarlausna, [asmundur.bjarnason@nyherji.is](mailto:asmundur.bjarnason@nyherji.is).

## Sérfræðingur í IP símkerfum

Uppsetning og þjónusta tölvubúnaðar tengdum Avaya og Cisco símkerfum og samvirki þeirra með Unified Communications (UC) kerfum.

### Hæfniskröfur:

- Þekking á netkerfum og IP símkerfum.
- Þekking og reynsla af Linux stýrikerfum.
- Háskólamenntun er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Þorvaldur Einarsson, deildarstjóri sérfræðilausna, [thorvaldur.einarsson@nyherji.is](mailto:thorvaldur.einarsson@nyherji.is).

## Tæknimaður á Egilsstöðum

Þjónusta við viðskiptavinum og umsjón kerfisráðs. Viðkomandi þarf að takast á við fjölbreytt verkefni og geta unnið sjálfstætt.

### Hæfniskröfur:

- Góð tæknikunnátta og áhugi á vélbúnaði.
- Reynsla af Microsoft umhverfi. AD, SCCM o.fl.
- Reynsla af þjónustu.
- Starfsmaður verður að vera búsettur á austurlandi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásmundur Bjarnason, deildarstjóri rekstrarlausna, [asmundur.bjarnason@nyherji.is](mailto:asmundur.bjarnason@nyherji.is).



Nýherji er eitt öflugasta upplýsingatæknifélag landsins. Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 540 starfsmenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Ef þú hefur áhuga og telur þig hafa réttu eiginleikana skaltu senda inn umsókn ásamt ferilskrá á heimasíðu Nýherja, [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is), fyrir 30. janúar nk.

Nánari upplýsingar og fyrirspurnir veitir Valka Jónsdóttir, starfsmannastjóri, [valka.jonsdottir@nyherji.is](mailto:valka.jonsdottir@nyherji.is).

[www.nyherji.is](http://www.nyherji.is)





Controlling the Sky  
CNS/ATM Solutions



Tern Systems



Tern Systems er þekkingarfyrirtæki sem vinnur samkvæmt Agile og stuðlar að öryggi og hagkvæmni í flugumferðarstjórn með því að bjóða upp á traustar hugbúnaðarlausnir og sveigjanlega þjónustu sem byggir á þróun og reynslu á einu af víðfeðmasta og umferðamesta flugstjórnarsvæði heims. Helstur vörur okkar eru radar- og fluggagnakerfi, samskiptarofi og flughermun til þjálfunar. Viðskiptalönd okkar eru Ísland, Suður Kórea, Indónesía, Írland, Kosovo og Marokkó.

## Rannsóknarvinna

Erum að leita að metnaðarfullum einstaklingi til að koma inn í öflugt rannsóknarteymi innan fyrirtækisins. Viðkomandi mun starfa bæði með innlendum og erlendum aðilum að rannsóknnum. Gerða er krafa um Ph.D eða MSc. á sviði verkfræði, stærðfræði eða sambærilegrar menntunar. Góð stærðfræðikunnátta er nauðsynleg. Þá er mikilvægt að viðkomandi hafi gott sjálfs-traust og getu til að miðla og fjalla um verkefni á gagnrýnninn hátt ásamt því að búa yfir frumkvæði og sjálfstæði í sínum störfum.

*Umsóknarfrestur er til 10. febrúar. Nánari upplýsingar veitir Magnús Már Þórðarson, Framkvæmdastjóri Tern Systems í síma 525-0531 eða í tölvupósti magnus@tern.is*

*Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á jobs@tern.is*

www.tern.is

## Hugbúnaðarþróun

Erum að leita að metnaðarfullum einstaklingum í öflugan hóp forritara. Starfssvið viðkomandi er hönnun og forritun hugbúnaðarlausna. Menntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun og reynsla í forritun er skilyrði. Öguð vinnubrögð og lipurð í samskiptum eru lykileiginleikar ásamt vilja og getu til að skila af sér góðri vinnu.

## Afgreiðslufólk

Óskum eftir að ráða afgreiðslufólk til starfa í verslanir okkar.  
Bæði fullt starf og hlutastarf í boði.  
Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg.  
Umsóknir sendist til kringlan@prooptik.is

prooptik  
GLERAUGU

## Járnprýði

Almenn sérsmíði

Járnprýði ehf vantar vanan stálsmið eða blikksmið til starfa. Þarf að geta unnið sjálfstætt og vera reyklaus.

Viðkomandi þarf að vera íslenskumælandi.

Járnprýði er lítið og persónulegt fyrirtæki sem veitir viðtæka þjónustu.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið ingi@jarnprydi.is

## Viðskiptataækifæri

Er verið að ganga það hart fram gagnvart fyrirtæki þínu að þú sjáir ekki útgönguleið.

Vantar þig leið til að bjarga þekkingu þinni, viðskiptasamböndum og atvinnu.

Útflutningsfyrirtæki leitar nú eftir tækifærum til að bæta við sig innflutningi.

Höfum yfir að ráða húsnæði, tækjum og búnaði sem til þarf.

Ef þú telur þig hafa eitthvað áhugavert að bjóða vinsamlega hafið samband í tölvupósti glb@internet.is og við höfum samband.

ÍSTEKA

## Starf á rannsóknastofu í lífvísindum

Einastaklingur með B.S. eða M.S. menntun á sviði lífvísinda óskast til tímabundinna starfa í eitt ár á rannsóknastofu Ísteika ehf. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja starfsreynslu. Upplýsingar gefur Hólmfríður Einarsdóttir í síma 581-4138. Umsóknnum skal skila á netfang holmfridur@isteka.com fyrir 27.janúar 2012.

*Hjá Ísteika ehf. er unnið við þróun og framleiðslu á próteinlyfjum (biologics) og mælissettum (diagnostic kits) fyrir erlenda markaði. Starfsemin er GMP vottuð og framleiðsluferlar og starfshættir samþykktir af lyfjastofnunum út um allan heim, m.a. af FDA í USA.*

# Brilliant iOS and Android programmers needed

## JOB REQUIREMENTS

- Develop and deploy mobile applications
- Design and define architecture, from database to interface
- Structure code for maximum reuse and maintainability
- Work in SCRUM teams where Jira is used to track tasks and time
- Participate in QA processes and write test-ready code

## JOB QUALIFICATIONS:

### REQUIRED

- Bachelor degree or higher (or equivalent experience)
- Ability to work independently and in teams with general supervision
- Extreme attention to detail
- Extensive experience in Android (Java) or iOS (objective-C)
- At least one year of programming for mobile phones and 3 years of other professional programming
- An avid interest in games and the mechanics that drive them

### BONUS

- Experience with noSQL databases
- Experience with Flash and ActionScript
- Experience with multi-tiered environments
- Experience in an SQL based relational database
- Experience with Information Architecture, Usability Design, and Usability Testing
- Experience in XML/XSLT/SOAP and JSON

Gogogic is seeking to fill several mobile developer positions. Ideal candidates love what they do and are passionate about games.

Please send your application to jobs@gogogic.com before Monday January 30th.



### About Gogogic

Gogogic is a 6 year old game development studio staffed with 25 passionate and hardworking game developers. The company has already released 3 games for the iPhone and it's newest release, Tiny Places, has gotten a great reception in the App Store. Gogogic has a publishing contract for the next three years with one of the best known publishers in the business and has a long track record of working for some of the biggest companies of the gaming industry.

GOGOGIC

Please send your CV and cover letter to jobs@gogogic.com  
All applications are confidential and will be answered through e-mail.



Vogue

## Sölufulltrúa vantar

Vogue í Mörkinni 4, Reykjavík, leitar eftir samvisskusömum sölufulltrúa til starfa sem fyrst. Til greina kemur bæði fullt starf eða hlutastarf. Æskilegt er að umsækjendur séu 20 ára eða eldri, hafi reynslu af verslunarstarfi eða saumaskap og áhuga á fata og gardínefnum.

### Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Mannleg samskipti
- Söluhæfileika
- Áhuga á tiskustraumum í fata og gardínefnum.
- Tölvukunnátta: word, excel og outlook og hæfileika til að læra á tölvukerfi verslunarinnar.
- Aðstoða við að panta og bóka vörur.
- Taka á mótí pöntunum
- Saumakunnátta (æskileg en ekki nauðsynleg)

Vinsamlegast sendið ferilskrá með mynd fyrir 31. janúar nk. á netfang: vogue@vogue.is eða sveinndal@vogue.is

Vogue

Mörkinni 4 104 Reykjavík s. 533 3500





## Matráður

Náttúrufræðistofnun Íslands auglýsir eftir matráð í 50-60% starf við stofnunina í Garðabæ.

### Starfið felur í sér:

- Að matreiða léttu máltíð í hádeginu fyrir starfsmenn stofnunarinnar
- Umsjón með eldhúsi og matsal
- Innkaup á matvælam

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla í matreiðslu nauðsynleg, menntun æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Vinnutími er áætlaður frá kl. 10-14 virka daga. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir María Fanndal Birkisdóttir í síma 590 0500. Umsókn, ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi, skal senda á netfangið mariafb@ni.is eða á heimilisfang Náttúrufræðistofnunar Íslands, Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabæ.

### Umsóknarfrestur er til 29. janúar 2012.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaganna opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.



## HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN Sérfræðingur á sviði gagnagrunna og hugbúnaðar

Hafrannsóknastofnunin leitar að starfsmanni til að hafa yfirumsjón með viðhaldi, skipulagningu og uppbyggingu gagnagrunna ásamt því að hafa umsjón með hugbúnaði og hugbúnaðarþróun.

### Menntunarkröfur:

Háskólmenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, upplýsingatækni eða skyldum raungreinum.

### Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla og þekking á Oracle gagnasafns kerfi og almennri gagnasafnsfræði.
- Þekking og reynsla af Unix/Linux stýrikerfum.
- Þekking á tölfraeðiforritum R, SQL eða PL/SQL og reynsla af stjórnun hugbúnaðarverkefna æskileg.

Leitað er eftir einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur góða samskipta- og skipulagshæfileika og áhuga á málefnum sjávarútvegs.

Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2012.

Skriflegum umsóknum með ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk nafna tveggja meðmælenda, skal skila til Hafrannsóknastofnunarinnar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, eða í tölvupósti (hafro@hafro.is).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Ævarr Steinarsson í síma 575-2097 / 691-8297

Hafrannsóknastofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsóknna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfsmanna tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur fimm útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði 150 starfsmenn í þjónustu sinni.

Hafrannsóknastofnunin  
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík  
s: 575 2000

## Sölustjóri - Norðurlönd

Nordic Visitor leitar eftir kraftmiklum, jákvæðum og metnaðarfullum starfsmanni á starfsstöð sína á Íslandi til að sinna uppbyggingu, sölu og markaðssetningu á ferðum til Íslands frá Norðurlöndum. Nordic Visitor vinnur nú að því að byggja upp vefsvæði á norsku, dönsku og sænsku. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi ferðabjónustustarf á líflægum vinnustað.

### Starfssvið

- Yfirumsjón með sölu ferða til Íslands frá Norðurlöndum
- Markaðssetning á viðkomandi mörkuðum í samstarfi við markaðsstjóra fyrirtækisins
- Þróun og framsetning á nýrri þjónustu
- Samræming á sölu- og verkferlum
- Samskipti við viðskiptavinum
- Samskipti við birgja

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum innan ferðabjónustunnar
- Reynsla af sölu- og/eða markaðsstarfi
- Mjög góð kunnátta í einu eða fleiri Norðurlandamálum
- Mjög góð enskukunnátta
- Menntun er nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi og að hafa góða skipulagshæfileika.

Aðeins umsækjendur með reynslu af sölu/markaðsstarfi og með mjög góða kunnátta í einu af Norðurlandamálunum koma til greina.

Nánari upplýsingar um starfið og fyrirtækið:  
Forstöðumaður söluviðs: Þóra Björk Þórhallsdóttir (thora@nordicvisitor.com)  
Heimasíða: www.nordicvisitor.com/career

Umsóknarfrestur: 4. febrúar 2012. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið iceland@nordicvisitor.com, merkt "Sölustjóri - Norðurlönd". FULLUM TRÚNADI HEITID.

Nordic Visitor er ferðaskrifstofa sem skipuleggur fjölbreytt og spennandi ferðir til allra Norðurlandanna. Fyrirtækið er í örur vexti og býður upp á spennandi möguleika fyrir rétta aðila.



Laugavegur 26, 101 Reykjavík  
Sími: 578 2080 - www.nordicvisitor.com



## ORKUSTOFNUN

# Sérfræðingur - á sviði raforkueftirlits

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings við eftirlit með framkvæmd raforkulaga.

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

*Á Orkustofnun starfa sérfræðingar með umfangsmikla reynslu og byggir stofnunin á víðtækri færni og menntun þeirra.*

### Helstu verkefni:

- Vinna að mótun og framkvæmd úttekta á starfsemi dreifiveitna og flutningsyfirtækja
- Greining á rekstrarforsendum fyrirtækjanna og virkni tekjumarkna m.a. með líkanagerð, hermun og álagsprófunum
- Öflun gagna úr rekstri þeirra sem unnið er úr
- Að hafa samskipti við dreifiveitur og flutningsfyrirtæki
- Miðlun gagna og upplýsinga um raforkumál

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, helst á sviði rekstrarverkfræði eða rekstrarhagfræði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og góð samskiptahæfni
- Hæfileiki til þess að koma frá sér efni í töluðu og rituðu máli
- Gott vald á íslensku og ensku er skilyrði
- Æskilegt er að umsækjandi hafi vald á einu norðurlandamáli
- Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á rekstri orkufyrirtækja

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Guðni A Jóhannesson orkumálastjóri, sími **569 6000**, netfang **gudni.a.johannesson@os.is**.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til Guðnýjar Þórsdóttur starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík eða á netfang **gd@os.is** eigi síðar en **6. febrúar 2012**.

Öllum umsóknum verður svarað.

Orkugarður  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík  
www.os.is

Orkumálastjóri



# Umsjónarmaður fasteigna Háskóla Íslands

## Laust er til umsóknar starf umsjónarmanns fasteigna á háskólasvæðinu.

Ráðið er í starfið frá 1. mars 2012 og til hálfis árs með möguleika á áframhaldandi ráðningu. Starfið felst í alhliða umsjón húsnæðis, þ.m.t. umsjón með hússtjórnarkerfum, öryggismálum og ræstingu. Viðkomandi sinnir einnig mikilvægu þjónustu- og upplýsingahlutverki við notendur húsanna.

### Hæfni- og menntunarkröfur:

Krafist er iðmenntunar, tölvukunnáttu, þjónustulipurðar og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera duglegur, skapgóður og tilbúinn til að takast á við margvísleg verkefni. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af notkun öryggis- og hússtjórnarkerfa og hafi vald á ensku og einu Norðurlandamáli.

Umsóknarfrestur er til 6. febrúar nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilhjálmur Pálmason, deildarstjóri hjá rekstri fasteigna í síma 525 4365 eða GSM 894 2114.

Sjá nánar á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) og [www.hi.is/skolinn/laus\\_storf](http://www.hi.is/skolinn/laus_storf)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
1911-2011

PIPAKTBYVA • SÍA • 120188



## Geislavarnir ríkisins

### Eðlifráeðingur / Verkfráeðingur

Geislavarnir ríkisins óska eftir að ráða sérfráeðing til starfa við stofnunina.

Starfið felur einkum í sér verkefni vegna læknisfræðilegrar notkunar jónandi geislunar og viðbúnaðar.

Starfið býður upp á mikla möguleika til þróunar í starfi.

Menntunarkröfur: Háskólamenntun í eðlisfræði, verkfræði eða tæknifræði. Framhaldsmenntun er æskileg.

Góð íslensku- og enskukunnátta auk Norðurlandamáls nauðsynleg.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður M. Magnússon, forstjóri, sími 442 8200.

Umsóknir um starfið skulu sendar Geislavörnum ríkisins, Rauðarárstíg 10, 150 Reykjavík eða á póstfangið [starf@gr.is](mailto:starf@gr.is), eigi síðar en 24. janúar 2012.

Geislavarnir ríkisins eru með vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9001:2008 staðlinum og bjóða upp á góða starfsaðstöðu og hvetjandi starfsumhverfi.

Sjá nánari upplýsingar um Geislavarnir ríkisins á [www.geislavarnir.is](http://www.geislavarnir.is)



Reykjavíkurborg

Listasafn Reykjavíkur

## Verkefnastjóri fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur

### Laus er til umsóknar staða verkefnastjóra fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur.

#### Starfssvið:

Starfið felst í miðlun fræðslu og upplýsinga um sýningar og myndlist almennt til gesta í skipulögðum heimsóknnum í safnið (skólahópa á öllum skólastigum, frístundahópa og annarra hópa). Verkefnastjóri undirbýr og sér um gerð fræðsluefnis, skipuleggur og hefur umsjón með störfum leiðsögu fólks sem annast leiðsögn fyrir almenning. Tekur þátt í hugmyndavinnu, rannsóknnum og þróunarstarfi er tengjast fræðslu um myndlist og miðlun safna.

#### Hæfniskröfur:

Krafist er háskólamenntunar af framhaldsstigi á sviði myndlistar og/eða myndlistarsögu eða háskólamenntunar af fyrsta stigi auk mikillar reynslu á starfssviðinu. Tölvukunnátta og færni í íslensku og ensku er mikilvæg. Starfið krefst mikils frumkvæðis, skapandi hugsunar, drifkrafts og góðra skipulags- og samskiptahæfileika.

Næsti yfirmaður er safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Kjör samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Um er að ræða fullt starf og nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf 12. mars.

Skrifleg umsókn með upplýsingum um menntun, starfsferil og meðmæli sendist safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, en hann veitir jafnframt nánari upplýsingar ([hafthor.yngvason@reykjavik.is](mailto:hafthor.yngvason@reykjavik.is))

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2012.

Leiðarljós Listasafns Reykjavíkur er að vera framúrskarandi alþjóðlegur vettvangur myndlistar sem leggur áherslu á markvissa þjónustu við ólíka hópa og er eftirsóknarverður viðkomustaður í daglegu lífi fólks.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

## Bókhald og þjónusta

Bókhald og þjónusta ehf. er 10 ára gamalt fyrirtæki sem biður heildarlausnir á sviði bókhalds, uppgjors, ársreikninga & skattskila fyrir fyrirtæki stór & smá.

Hjá fyrirtækinu starfar vel menntað starfsfólk með mikla þekkingu, hvert á sínu sviði.

## Okkur vantar öflugt starfsfólk!

### Ertu góður bókarari?

- Helstu verkefni
- færsla bókhalds
  - launavinnslur
  - afstemmingar
  - VSK uppgjör

### Ertu góður ritari?

- Helstu verkefni
- móttaka viðskiptavina
  - utanumhald gagna
  - símavarsla

### Hæfileikar

- Viðkomandi þarf að:
- hafa menntun sem nýtist í starfi
  - hafa góða samstarfshæfileika
  - vera vel skipulagður
  - gefa sig alla/n fram

### Við bjóðum:

- mjög góða vinnuástöðu
- samkeppnishæf launakjör
- góðan starfsanda

Áhugasömum er bent á að senda ferilskrá á netfangið [atvinna@ibokhald.is](mailto:atvinna@ibokhald.is) merkt "laust starf" Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar. Öllum umsóknnum verður svarað.

[www.ibokhald.is](http://www.ibokhald.is)



**AÐSTOÐ Á TANNLÆKNASTOFU**

Aðstoðarmannskja óskast í fullt starf á tannlæknastofu í Reykjavík. Á tannlæknastofunni, sem staðsett er miðsvæðis í Reykjavík, starfa 15 manns; tannlæknar, aðstoðarfólk og tannsmiðir. Starfið felst m.a. í að aðstoða tannlækna við störf þeirra, símaörslu og afgreiðslu.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir vinsamlegast sendist á box @frett.is merkt „Aðstoð-2101“ fyrir 27 janúar.

**Vantar vana rafvirkja til vinnu, næg vinna framundan**

Hafið samband í síma 414-2400 á milli kl. 08:00-12:00 og 13:00-16:00 alla virka daga.

**SVEITAHÓTEL ÓSKAR EFTIR ÖFLUGU STARFSFÓLKI Í SUMAR.**

- Kokkur og eða mjög hæfileikarík manneskja á sviði eldamennsku með brennandi áhuga á matargerð.
- Störf við ræstingar, þrif og umbúnað á herbergjum, uppvask, þvott og þ.h. störf.
- Störf við þjónustu í sal og afgreiðsla af bar.

Leitum að kraftmiklum samviskusömum einstaklingum á aldrinum 25-60 ára sem eiga auðvelt með mannleg samskipti. Þurfa hafa jákvætt viðhorf til vinnu og geta unnið vel undir álagi. Húsnæði á staðnum. Umsóknir ásamt feriskrá og meðmælum sendist á netfangið info@latrabjarg.com

**Þjónustustjóri í UT**

Svar tækni ehf leitar að þjónustustjóra/tæknistjóra með verk/tæknifræði eða sambærilega menntun.

**Við erum:**

- Þjónustu og sölufyrirtæki í símtækni og öryggismyndavélum
- Vaxandi fyrirtæki með mikla möguleika og góð vörumerki
- Erum leiðandi á þeim mörkuðum er við störfum á

**Við leitum að:**

- Verkfærðing, tæknifræðing eða iðnfræðing með reynslu af verkstýringu og stjórnun
- Þekking á netkerfum, símkerfum og öryggismyndavélum æskileg
- Örug og fagleg samskipti við viðskiptavinum nauðsynleg
- Góð íslensku kunnátta nauðsynleg sem og framsetning í rituðu máli
- Sjálfstæði í vinnu og frumkvæði til að leysa erfið verkefni
- Getu leitt hóp tæknimanna til framtíðar og verið leiðtogi þeirra
- Hafa gaman af nýrri tækni og geta aðstoðað sölumenn með tæknilegar útfærslur

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar 2012.

Umsóknnum, með góðri feriskrá, skal senda á netfangið umsokn@svar.is

**sva:)** tækni

**BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG**

Óskum eftir vönum auglýsingasöluhöfðingjum í verktöku. Miklir tekjumöguleikar.

Umsóknir sendist á [karl@birtingur.is](mailto:karl@birtingur.is)

Birtingur er stærsti útgefandi tímarita á Íslandi.

Markmið Birtings er að bjóða upp á ánægjulega skemmtun og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna með útgáfu vandaðra tímarita þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi. Tímaritin eru öll í fremstu röð og hafa notið mikilla vinsælda íslenskra lesenda í áraraðir.

**MANNLÍF** Heilsan **SAGAN ÖLL** Gestgjafinn  
**SÉD OG HEYRT** NÝTT LÍF **júla** **VIKAN** **HÚS OG HÍBYLI**

**Tvö störf lektora í Lagadeild Háskóla Íslands****Lektor á sviði eignaréttar**

Við Lagadeild Háskóla Íslands er laust til umsóknar starf lektors á sviði eignaréttar. Umsækjendur skulu hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með kandidateis- eða meistara- prófi frá íslenskum háskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum háskóla og hafa sannað hæfni sína til sjálfstæðra rannsókna á sviði lögfræði. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

**Lektor á sviði fjármunaréttar og réttarfars**

Við Lagadeild Háskóla Íslands er laust til umsóknar starf lektors á sviði fjármunaréttar og réttarfars. Umsækjendur skulu hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með kandidateis- eða meistara- prófi frá íslenskum háskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum háskóla og hafa sannað hæfni sína til sjálfstæðra rannsókna á sviði lögfræði. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Róbert R. Spanó, forseti Lagadeildar í síma 525 4329, netfang: [roberts@hi.is](mailto:roberts@hi.is).

Sjá nánar á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) og [www.hi.is/skolinn/laus\\_storf](http://www.hi.is/skolinn/laus_storf)  
Við ráðningu í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
1911-2011

**UMSJÓN MEÐ SJÁLFBODALIÐASTARFI**

*Umhverfisstofnun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings til að hafa umsjón með sjálfbodaliðastarfi á vegum stofnunarinnar*

Megin starf sérfræðingsins snýr að umsjón og skipulagi sjálfbodaliðastarfs á vegum Umhverfisstofnunar, fræðslu því tengdu, styrkumsóknnum vegna starfsins ásamt samstarfi við innlend og erlend sjálfbodaliðasamtök.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, hæfniskröfur og umsóknarfrest er að finna á [starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) og [http://www.ust.is/storf\\_i\\_bodi](http://www.ust.is/storf_i_bodi)



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Mývatn - Patreksfjörður  
Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar





# STARFATORG.IS

## Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
<b>Nýtt</b>			
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Reykjanesbær	201201/078
Aðstoðarmatráðsmaður	Landgræðsla ríkisins	Gunnarsholt	201201/077
Aðstoðarvarðstjóri	Fangelsismálastofnun ríkisins	Litla-Hraun	201201/076
Skjalavörður, sérfræðingur	Þjóðskjalasafn Íslands	Reykjavík	201201/075
Heilbrigðisritari, ritari	Landspítali, lungnadeild	Reykjavík	201201/074
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, fíknigeðdeild	Reykjavík	201201/073
Sérfræðingur við raforkueftirlit	Orkustofnun	Reykjavík	201201/072
Sérfr. við ranns. og gagnasöfnun	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201201/071
Starf í mótuneyti	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201201/070
Lektor í annarsmálsfræðum	HÍ, íslensku- og menningardeild	Reykjavík	201201/069
Ritari	Tollstjóri	Reykjavík	201201/068
Deildarstjóri hugbúnaðardeildar	Fiskistofa	Hafnarfjörður	201201/067
Sérfr. við gagnagr. og hugbúnað	Hafrannsóknastofnunin	Reykjavík	201201/066
Tæknimaður	Hafrannsóknastofnunin	Ísafjörður	201201/065
Lögfræðingur	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	Reykjavík	201201/064
Skrifstofustjóri	Iðnaðarráðuneyti	Reykjavík	201201/063
Yfirlæknir	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201201/062

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**


Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.  
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

## Ritari á skrifstofu tollstjóra



Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsuefingu og góðan aðbúnað.



Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem hæfa jafnt konum sem körlum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásdís Eir Símonardóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, í síma 560-0309.

Umsóknarfrestur er til 5. febrúar nk.

Umsóknnum merktum „ritari á skrifstofu tollstjóra“ ásamt ferilskrá skal skilað í gegnum tölvupóst: asdis.simonardottir@tollur.is

### Starfssvið:

- Almenn þjónusta við tollstjóra s.s. símsvörun, bókun viðtalstíma og upplýsingagjöf í því sambandi.
- Umsjón með gerð ársskýrslu.
- Samantekt á tölfraedi og lykiltölum.
- Pátttaka í gerð og eftirfylgni ársáætlana.
- Aðstoð við framkvæmd þjónustu- og gæðamála.
- Pátttaka í undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni mælinga.
- Aðstoð við skýrslugerð og gerð glærुकynninga.
- Aðstoð við erlend samskipti.
- Ritvinnsla, bréfaskrifrit og ljósritun.
- Skráning mála og vistun gagna í skjalavistunarkerfinu GoPro.
- Umsjón með notkun skrifstofubifreiða og fundarsala og almenn þjónusta í tengslum við fundi yfirstjórnar.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Kröfur til umsækjenda:

- Háskólapróf.
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi.
- Færni til að tjá sig skipulega, bæði í ræðu og riti.
- Góð vérlitunar- og tölvukunnátta (Windows umhverfi).
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Kurteisi, þjónustulund, nákvæmni, talnalæsi og samvirkusemi.

Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



## Tímabundin staða félagsráðgjafa hjá Velferðarsviði Álftaness

Velferðarsvið Sveitarfélagsins Álftaness auglýsir eftir félagsráðgjafa í 50% starf í 12 mánuði.

Starfið felst í vinnu á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.

### Hæfniskröfur

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af barnaverndarstarfi er kostur

Laun eru skv. samningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi fagfélags.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknnum skal skilað til Velferðarsviðs Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanes eða á heimasíðu Álftaness <http://www.alftaness.is/eydublod/>.

**Umsóknarfrestur er til 10. febrúar 2012.**

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Hrefna Sverrisdóttir, yfirfélagsráðgjafi, í síma 550-2300, [gudrun@alftaness.is](mailto:gudrun@alftaness.is)

## Langar þig að vinna við að selja ævintýraferðir?

Við leitum að sumarstarfsfólki í söludeildina okkar á Laugavegi 11. Gerðar eru kröfur um góða þekkingu á Íslandi, gott vald á ensku og brennandi áhuga á ævintýramennsku

Vinsamlegast sendið okkur ferilskrá og nokkrar línur um ykkur á [jobs@adventures.is](mailto:jobs@adventures.is) fyrir 10.febrúar.

Nánari upplýsingar á [adventures.is/jobs](http://adventures.is/jobs)



**adventures.is | + 354-562-7000**



**BYLGJAN**  
989

**Sprengisandur**  
kraftmikill þjóðmálapáttur

Sigurjón M. Egilsson  
stýrir Sprengisandi  
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12





## Störf í verksmiðju við Svartsengi

### Verk/tæknifræðingar Verksmiðjustarfsmenn

#### Starfslýsing

Tvær stöður verk/tæknifræðinga í metanólverksmiðju við Svartsengi.

#### Ábyrgðarsvið

Daglegur rekstur og viðhald á tækni- og vélbúnaði verksmiðjunnar. Greining á vandamálum sem upp kunna að koma í rekstri verksmiðjunnar og hæfni til að gera viðeigandi ráðstafanir. Þróun og umbætur í framleiðslu.

#### Hæfniskröfur

BS í verk/tæknifræði. Hæfni til að vinna eftir og hanna nákvæmar tæknilýsingar og þróa tækja- og kerfisupplýsingar. Öguð og vönduð vinnubrögð og skipulagshæfileikar. Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mann-legum samskiptum. Tungumálakunnátta: Enska.

Tölvukunnátta: Word, Excel, Windows.

Athygli er vakin á að um vaktavinnu er að ræða fyrstu mánuðina.

#### Starfslýsing

Tvær stöður framleiðslustarfsmanna í metanólverksmiðju við Svartsengi.

#### Ábyrgðarsvið

Daglegur rekstur og viðhald á tækni- og vélbúnaði verksmiðjunnar. Greining á vandamálum sem upp kunna að koma í rekstri verksmiðjunnar og hæfni til að gera viðeigandi ráðstafanir. Sinna viðhaldi og afhendingu á eldsneyti. Þróun og umbætur í framleiðslu.

#### Hæfniskröfur

Tæknimenntun á sviði rafmagns-, rafeinda-, vélfræði eða reynsla af vélgæslu og lagnavinnu. Reynsla í kerfisbundnu viðhaldi tækni- og vélbúnaðar framleiðslufyrirtækja. Sjálfstæð, fagleg og öguð vinnubrögð.

Tungumálakunnátta: Enska.

Tölvukunnátta: Word, Excel, Windows.

Athygli er vakin á að um vaktavinnu er að ræða.

**Carbon Recycling International (CRI)** er íslenskt frumkvöðla-fyrirtæki með höfuðstöðvar í Reykjavík sem endurvinnur koltvísýring úr útblæstri iðni- eða orkuvera og umbreytir í endurnýjanlegt metanól eldsneyti sem blanda má út í bensín sem hentar öllum bílum. Endurvinnsla koltvísýrings dregur úr losun gróðurhúsa-lofttegunda. Fyrir-tækið hefur lokið við byggingu fyrstu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum við hlið orkuvera HS Orku við Svartsengi, Grindavík.

Umsóknarfrestur: 29. janúar


Vinsamlegast sendið ferilskrá á netfang [drifa@carbonrecycling.is](mailto:drifa@carbonrecycling.is)

Frekari lýsingar fást á vefsíðunni okkar: [www.carbonrecycling.is](http://www.carbonrecycling.is)



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)



## Deildarstjóri áætlunar- og tekjustýringardeildar

Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða deildarstjóra áætlunar- og tekjustýringardeildar.

Deildin heyrir undir sölu- og markaðssvið og hefur umsjón með flugáætlun og fargjöldum í dreifikerfum félagsins auk þess að sinna leiguflugi.

#### STARFIÐ:

Ábyrgð á uppsetningu og viðhaldi flugáætlunar í birgða- og dreifikerfum; eftirlit með fargjöldum, sætanýtingu og bókunum; greiningarvinna, umsjón með nettilboðum, upplýsingagjöf vegna flugáætlunar og formennska í áætlunarnefnd; yfirumsjón með leiguflugi. Daglegur rekstur deildarinnar og þátttaka í stefnu-mótun félagsins.

#### HÆFNISKRÖFUR:

Háskólamenntun sem nýtist vel í starfi, t.d. viðskiptafræði eða verkfræði; jákvætt hugarfar og lipurð í mannlegum samskiptum, reglusemi, skipulagshæfileikar og áhugi á að takast á við krefjandi verkefni; góð íslensku- og enskukunnátta, dönskukunnátta æskileg. Viðkomandi þarf að vera talnaglögur og vinna vel undir álagi.

Við leitum að jákvæðum og öflugum samstarfsmanni í frábæran hóp sem hefur frumkvæði, samvinnu og áreiðanleika að leiðarljósi við dagleg störf.

Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa öflugri liðsheid með jákvæð viðhorf og metnað til að skila góðu verki.

Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 260 manns sem allir gegna lykilhutverki í starfseminni.

## Starfsmaður á tæknilager

Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða starfsmann á lager tæknideildar félagsins á Reykjavíkflugvelli.

Tæknilager hefur umsjón með innkaupum á öllum íhlutum í flugvélar félagsins og viðhaldi þeirra ásamt lagerhaldi.

#### STARFIÐ:

Almenn lagerstörf, móttaka og sending íhluta, skráning í tölvukerfi, meðhöndlun og eftirlit með verkferum, önnur tilfallandi störf í flugskýli.

#### HÆFNISKRÖFUR:

Góð þekking á varahlutum og verkferum, góð tölvu- og enskukunnátta, skipulagshæfileikar, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum, jákvætt hugarfar og góðir samskiptahæfileikar, árvekni og reglusemi.

Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg.

Við leitum að jákvæðum og öflugum samstarfsmanni í frábæran hóp sem hefur frumkvæði, samvinnu og áreiðanleika að leiðarljósi við dagleg störf.

Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa öflugri liðsheid með jákvæð viðhorf og metnað til að skila góðu verki.

Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 260 manns sem allir gegna lykilhutverki í starfseminni.

Umsóknarfrestur er til 29. janúar 2012. Tekið er við umsóknum í gegnum heimasíðu félagsins [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is) á þar til gerðu eyðublaði.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP



# TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

visir



www.hrafnista.is

HRAFNISTA REYKJAVÍK



# Hjúkrunarfræðingar

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðinga á kvöld- og helgarvaktir.  
Starfshlutfall samkomulag.

## Nánari upplýsingar:

Alma Birgisdóttir hjúkrunarforstjóri Hrafnistu í síma 585 9500 eða 693 9564



# SÖLUSTJÓRI OPEL

VIÐ LEITUM AÐ DUGMIKLUM STARFSMANNI SEM ER  
TILBÚINN TIL AÐ SÝNA FRUMKVÆÐI OG AXLA ÁBYRGÐ



Sölustjóri þarf að hafa ánægju af því að veita góða þjónustu og löngun til að skara fram úr og vera öðrum fyrirmynd. Hann þarf að vera nægilega sjálfstæður til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hafa gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst vera léttur í lund.

### Starfssvið:

Almenn sölustjórn, erlend samskipti og sala á bilum auk eftirlits með daglegum rekstri

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum og löngun til að skara fram úr
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð kunnátta í framsetningu tölvugagna
- Word og Excel kunnátta
- Háskólamenntun æskileg
- Rík þjónustulund, kurteisi og nákvæm vinnubrögð

Umsóknum á að skila á netfangið [skuli.skulason@ih.is](mailto:skuli.skulason@ih.is) fyrir 30. janúar

Ingvar Helgason og B&L / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík

## Auglýsing um útboð á rekstri tjaldsvæðis við Kaupvang á Egilsstöðum

Fljótsdalshérað auglýsir til leigu aðstöðu og rekstur fjögurra stjörnu tjaldsvæðis á Egilsstöðum næstu fjögur ár, með möguleika á framlengingu. Gert er ráð fyrir að leigutaki taki við aðstöðunni og sjái um allan daglegan rekstur svæðisins og umhirðu, ásamt markaðssetningu þess.

Tilboðsfrestur er til kl. 12.00, 10. febrúar 2012.

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12, Egilsstöðum, kl. 13.00 þann 14. febrúar 2012 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Peir sem áhuga hafa á að gera tilboð í leigu tjaldsvæðisins og aðstöðu geta nálgast útboðsgögn á skrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12, eftir kl. 12.00 þann 25. janúar 2012.

Veittur er fyrirspurnarfrestur til kl. 12.00 þann 7. febrúar 2012. Öllum fyrirspurnum verður svarað skriflega til þeirra sem tekið hafa gögn.

Tilboð skulu send til: Fljótsdalshérað, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir – merkt Tjaldsvæði. Einnig má senda tilboð á netfangið [odinn@egilsstadir.is](mailto:odinn@egilsstadir.is).

Nánari upplýsingar gefur Óðinn Gunnar Óðinsson, atvinnumála-, íþrótt- og menningarfulltrúi, á skrifstofu sveitarfélagsins, í síma 4 700 700 eða netfang [odinn@egilsstadir.is](mailto:odinn@egilsstadir.is).

Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum. Öllum tilboðum verður svarað skriflega eftir að ákvörðun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs liggur fyrir.

## Fljótsdalshérað



Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - [www.fljotsdalsherad.is](http://www.fljotsdalsherad.is)

 **kostur**  
Spörum og njótum lífsins

## Vaktstjóri óskast í fullt starf

Við í versluninni **Kosti** óskum eftir að ráða til starfa einstakling í fullt starf í stöðu vaktstjóra.

Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund, vera brosmildur og hress, jákvæður, kraftmikill, drífandi og ábyrgur einstaklingur.

Reynsla af verslunarstörfum og reykleysi finnst okkur vera ótvíræður kostur.

Áhugasamir eru hvattir til að koma í heimsókn í verslunina **Kost** og sækja um starfið hjá Birgi verslunarstjóra, frá kl. 10-17 alla virka daga.

Ert þú sá/sú sem við leitum af?

Kostur ehf | Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur |  
Sími: 560-2500 | [www.kostur.is](http://www.kostur.is) |





## ÚTBOÐ

### HAMARSHÖLLIN, GERVIGRAS OG BOLTAGÓLF Tvö aðskilin útboð

Verkís hf., fyrir hönd Fasteignafélags Hveragerðisbæjar, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir vegna Hamarshallarinnar á íþróttasvæði Hveragerðisbæjar.

Um er að ræða frágang í loftbornu íþróttahúsi sem reist verður sumarið 2012.

#### Útboðin fela í sér:

Útboð 1: Gervigras	Flatarmál = 3.342 m <sup>2</sup>
Útboð 2: Boltagólf	Flatarmál = 1.120 m <sup>2</sup>
Athafnarsvæði	Flatarmál = 400 m <sup>2</sup>

Verklök útboðs 1 er 25. maí 2012. Verkbyrjun 7. maí n.k.

Verklök útboðs 2 er 10. sept. 2012. Verkbyrjun 20. ágúst n.k.

Eva Björk segir sölu Flugfrelsisins fara vel af stað og því ljóst að þessi nýjung leggst vel í viðskiptavini Flugfélags Íslands. „Við höfum líka ákveðið að bjóða upp á Flugfrelsi á tilbodsverði út janúar,“ segir Eva Björk en á tilbóðinu kostar Flugfrelsiskortið 59.850 krónur, eða 9.975 krónur flugleggurinn.

## Afsláttarkjör fyrir börn og unglunga

Flugfrelsi er byggt á eldri vöru sem hefur verið í boði hjá Flugfélagi Íslands. Flugfélag Íslands hefur til dæmis síðan 2005 boðið



„Um er að ræða nokkurs konar klippikort sem hentar vel þeim sem eru mikið á ferðinni innanlands,“ segir Eva Björk Guðjónsdóttir hjá Flugfélagi Íslands.

MYND/STEFAN

afsláttarkjör fyrir börn sem fljúga reglulega ein á milli landshluta. „Við köllum þessa krakka Flugkappa,“ segir Eva Björk glaðlega. Afslátturinn fæst með því að foreldrar eða forráðamenn kaupa kort með tíu flugleggjum á afsláttarkjörum. „Þessi kort eru mjög vinsæl og eru Flugkapparnir orðnir margir.“

Árið 2008 bætti Flugfélag Íslands síðan við nýrri vöru, SMU (sem þýðir: súper mikilvægur unglungur) sem er inneignarkort með sex flugleggjum. „SMU er ætlað fyrir tólf til sextán ára unglunga. Börnin verða unglingar og unglingarnir verða fullorðnir og fljótlega fór Flugfélag Íslands að

fá fyrirsurnir um sambærileg afsláttarkjör fyrir fullorðna fólk og þá varð Flugfrelsi til,“ segir Eva Björk og er ánægð með frábærar viðtökur.

Hægt er að kaupa og fá allar upplýsingar um Flugfrelsi á heimasíðu Flugfélags Íslands [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is).

## Mest sóttu must-erin og hofin

Vefsíðan [www.travelandleisure.com](http://www.travelandleisure.com) hefur tekið saman lista yfir þá helgu staði í heiminum sem eru mest heimsóttir af ferðamönnum.

### 1 Meiji-helgidómurinn og Sensoji-hofið í Tókýó. 30 milljónir gestir árlega

Meiji-helgidómurinn var byggður fyrir hundrað árum til að heiðra keisarahjónin japönsku, Meiji og Shoken. Sensoji-hofið sem einnig er í miðri Tókýó var tileinkað Bodhisattva Kannon, samúðarfyllsta Búddanum, árið 628.

### 2 Kashi Vishwanath-hofið í Varanasi á Indlandi. 21,9 milljónir gesta

Hofið, með sínum tveimur gullnu hvolfþökum, stendur við vestari bakka Ganges-fljótsins og er ásamt fljótinu einn heilagasti staður hindúa.

1



### 3 Basilíkan í Guadalupe í Mexíkóborg. 20 milljónir gesta

Bygging eldri basilíkkunnar hófst snemma á sextánda öld og lauk árið 1709. Hin nýja basilíka var byggð upp úr 1970 og lítur út eins og íþróttaleikvangur. Þar eiga að komast fyrir um 50 þúsund gestir.

### 4 Tirupati Tirumala Devasthanams-hofið í Andhra Pradesh á Indlandi. 18,25 milljónir gesta

Hópur fólks af hindúatrú sem lagði áherslu á jöfnuð og ást byrjaði byggingu þessa hofs fyrir um 1200 árum.

### 5 Notre Dame-dómkirkjan í París. 13,65 milljónir gesta

Notre Dame er vinsælasti ferðamannastaður Frakklands. Kirkjan var reist á árunum 1163 til 1345.

### 6 Sacré Coeur-basilíkan í París. 10,5 milljónir gesta

Basilíka hins heilaga hjarta stendur björt og fögur á toppi hæðar þar sem gott útsýni er yfir Parísarborg.

2



3



4



5



6





# Sumarið kemur!



## Sala sumarleyfisferðanna 2012 er hafin!

Heimsferðir hefja nú sölu á sumarleyfisferðunum 2012. Í boði eru frábærir áfangastaðir, fjölbreyttir gistivalkostir, fyrsta flokks þjónusta og ótrúlega hagstæð verð.

**Bókaðu strax  
og tryggðu þér  
hagstæðasta  
verðið!**

## Tenerife

frá kr. 102.600 – með allt innifalið

### Frábært verð

Frá 102.600 kr. – með allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Dream Villa Tagoro 6. júní í 7 nætur. Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 124.900 á mann.



## Costa del Sol

frá kr. 98.900 – með allt innifalið

### Frábært verð

Frá kr. 98.900 – með allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi á Griego Mar 19. júní í 7 nætur. Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 117.600 á mann.





# Mallorca

frá kr. 135.900 – með allt innifalið

## Frábært verð

Frá 135.900 kr. – með allt innifalið í tvær vikur

Netverð á mann í, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi á Globales Playa Santa Ponsa 29. maí í 14 nætur. Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 159.400 á mann.



# Alicante

frá kr. 19.900

Flugsæti á mann aðra leiðina á völdum dagsetningum.



# Billund

frá kr. 13.900

Flugsæti á mann aðra leiðina á völdum dagsetningum.



## Glæsilegt úrval borgarferða

Í vor

- Barcelona
- Ljubljana
- Prag
- Sevilla
- Budapest

## Frábærar sérferðir



### Vínarborg og Győr Bratislava – Budapest

27. apríl - 1. maí

Beint flug til Budapest

#### Verð á mann:

Kr. 145.900 á mann í tvíbýli.

Kr. 159.900 á mann í einbýli.

#### Innifalið:

Flug til og frá Budapest, skattar, gisting á góðum 3\*/3\*+ hóteli um 4 nætur með morgunverðarhlaðborði. 4 kvöldverðir. Kynnisferðir um: Vínarborg, Bratislava, Győr og Budapest. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

### Dresden

27. apríl - 1. maí

Beint flug til Prag

#### Verð á mann:

Kr. 159.900 á mann í tvíbýli.

Kr. 176.800 á mann í einbýli.

#### Innifalið:

Flug til og frá Prag, skattar, gisting í 4 nætur með hálfu fæði. Kynnisferð um Dresden og Meissen. Akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

# Madeira í vor

Sérferð 10.-20. apríl

Madeira, er stundum nefnd „skrúðgarðurinn í Atlantshafinu“ enda með fádæmum gróðursæl og býr yfir einstökum náttúrutöfrum. Hér ríkir afar þægilegt loftslag allan ársins hring. Innan um tilkomumikil fjöll, vénekrur, ávaxtagarða og fagran hitabeltisgróðurinn hafa eyjaskeggjar skapað hina fullkomnu aðstöðu ferðamannsins. Í þessari sérferð verður dvalið á góðu 4\* hóteli skammt fyrir utan höfuðborgina. Fjölmargar spennandi kynnisferðir eru innifaldar í verð ferðarinnar þar sem farþegar kynnast töfrum þessar fallegu eyju.

#### Fararstjóri:

Ása María Valdimarsdóttir

Verð kr. 237.900 á mann í tvíbýli.

#### Innifalið:

Flug, skattar, gisting á 4\* hóteli með hálfu fæði í 10 nætur, 5 kynnisferðir, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn. Miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.



Skráðu þig í netklúbb Heimsferða á [heimsferdir.is](http://heimsferdir.is)



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)





## ÚT AÐ BORÐA Í SVÍPJÓÐ

**Svo gæti** farið að ódýrara verði að fara út að borða í Svíþjóð á næstunni þar sem stjórnvöld þar í landi hafa lækkað virðisaukaskatt á matsölustöðum. Frá þessu greinir vefsíðan turisti.is.

Um áramótin lækkaði skatturinn úr 25 prósentum niður í tólf en með lækkuninni vonast stjórnvöld til að heimamenn verði duglegri við að fara út að borða en vissulega græða ferðamenn einnig á þessu fyrirkomulagi.



## Upplýsingavefur um Ísland

Vefurinn [www.iceland.is](http://www.iceland.is) var opnaður við hátíðlega athöfn í Listasafni Reykjavíkur nýlega. Markmið hans er að veita erlendum ferðamönnum betra aðgengi að upplýsingum um landið og íslenskar vörur og þjónustu. Vefurinn er samstarfsverkefni Já og aðila í ferðaþjónustu enda gerir hann íslensk fyrirtæki sýnilegri ferðamönnum, bæði áður en þeir koma til landsins og meðan á dvöl þeirra stendur. Um svokallaðan snjallan vef er að ræða sem notandinn nær auðveldlega í, hvort sem hann er í tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma.

Já sér um rekstur ítarlegs gagnagrunns yfir öll íslensk fyrirtæki sem er uppfærður daglega. Öll ferðaþjónustufyrirtæki sem þegar eru skráð hjá Já færast sjálfkrafa á hinn nýja vef, [www.iceland.is](http://www.iceland.is), þeim að kostnaðarlausu. Þar verður líka hægt að finna þau á rafrænu landakorti og sjá hver þeirra eru innan seilingar hverju sinni. - gun



Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já, og Frímunn Gunnarsson, heimsborgari og allsherjar frömuður, við opnun [iceland.is](http://iceland.is)



### VORHÁTÍÐ Á NÆSTA LEITI

**Kínverjar** eru nú í óðaönn að undirbúa vorhátíðina sem hefst með pompi og prakt á mánudag og stendur yfir í fjórutíu daga. Hátíðarhöldin eru talin vera þau mikilvægustu í Kína þar sem fjölskyldur sameinast til að fagna nýju ári en það er að þessu sinni kennt við Drekann samkvæmt kínverskri stjörnuspeki.

Þegar hafa milljónir Kínverja ferðast til fjölskyldna sinna. Talið er að meira en þrjár milljarðar ferða verði farnar meðan á hátíðarhöldunum stendur.



### EINSTAKT NÁTTÚRU-GRIPASAFN

**Kvikmynd** bandaríska leikstjórans Woodys Allen, *Midnight in Paris*, sló í gegn á síðasta ári og er hans aðsóknarmesta frá upphafi. Myndin segir af bandarískum handritshöfundum sem ferðast aftur í tímann í París og hittir þar marga mikilsmetna listamenn á þriðja tug síðustu aldar. Ýmsum þekktum kennileitum bregður fyrir, þar á meðal náttúrugripasafninu Deyrolle sem á sér langa sögu en það hýsir stórt safn uppstoppaðra dýra, allt frá sjaldgæfum skordýrum og upp í ljón og tigrisdýr. Hluti safnsins eyðilagðist í bruna 2008 og síðan þá hafa vísindamenn um allan heim bætt skaðann með því að gefa safninu fágæt sýnishorn.

Loksins aftur!

Sumar 2012



# VIVA Mallorca

- Perlan í Miðjarðarhafinu

Þjóðum aftur hin geysivinsælu VIVA hótél þar sem aðbúnaður fyrir fjölskyldufólk er eins og hann gerist bestur!

frá: 98.800 kr.

Verð miðast við 2 fullorðna og 2 börn.  
22. maí gíst í 7 daga á Hótel VIVA Sunrise.

- ódýrustu sætin bókast fyrst!

SUMAR  FERÐIR




...eru betri en aðrar





# DVD VERÐ FRÁ 999

HUNDRUÐIR TITLA Í BOÐI!



# DVD MARKAÐUR

SERÍUR  
VERÐ FRÁ  
1.899,-

Gildir til 27. janúar eða á meðan birgðir endast.  
Fánlegt í Krínglu, Smáralind og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð




# Krossgáta

**Lárétt**

1. Láta borgarhluta gegn borgun (11)
9. Fangir rum og afruglir í öreindir (9)
10. Sílsþikaðir sjólaxar og kúlur við þakskegg, er þetta mannamatur? (10)
11. Þekktja auðvitað skapanom (9)
13. Ringluð bora rana í fiskana (8)
14. Hof hins heilaga heimabruggs? (11)
15. Ormur eða undranagýr í fjörinni? (9)
17. Drafla ristir utan áhaldið (11)
19. Háttá ráð til að skikka kölluð (9)
21. Getur viðskilnaðarskuld kostað mann lífið? (8)
24. Graða-Linda ruglast í ávaxtalundi (10)
28. Elska eilítið smáa (7)
29. Leggja sinn skerf í skemmtunina með veisluviljann að vopni (12)
31. Hæg kallast hérvist laus við aðkallandi verkefni (13)
33. Gefið pílu heiti og standið við ránfugl í landslagi (8)
34. Ábataæti er gróðagisk (11)
35. Undirstöðusigntu eru ekki djúp en gjöful þó (10)
36. Flytur þá og afhendir þótt fúllir séu (6)
37. Sjötti keppendahópur heldur við frúna (7)
38. Rek gamlan rokkara í gegn (5)

**Lóðrétt**

1. Úr ati og fjöri verður ólífnaður (8)
2. Rægi rúm ólífnaðar (9)
3. Finn kóna sem kannski stundar 1 lóðrétt í 2 lóðrétt (11)
4. Kýs eina klukku af mörgum sem klæði (5)
5. Draga aur og dauða dáta inni kosningar (6)
6. Sonur stöpp vegna kambinsins (8)
7. Ég sagði bil og boli, froðusnakkur (6)
8. Öllu má ljúga í hinn ringlaða Grútar-Jan (9)
9. Hér lýkst fótur um knött svo úr verður tuðra (10)
12. Birtist þið með klæði og krakka (6)
16. Gröftur eða sigling? (6)
17. Ræða á fornu höfuðbóli er aldrei tveggja manna númer (8)
18. Síðasta greiðsla fyrir jarðarför? (12)
20. Áhangandi hryðjuverkamanns eftirsóttur í íslenskum undirstöðuáttinnu (11)
22. Þilja inntak og efna klæði (9)
23. Borga hóp að utan til að finna kauphlutann (11)
25. Lækka bleyða, hér er þoka (8)
26. Miklar afbragðsklappir eru þetta! (10)
27. Sigldur vill breið skip og hlý klæði (9)
30. Særi legg með loforði (7)
32. Blæblið og farðarfríð (6)



HUGSÓFNAR -  
FÓLK

Lausnarorð síðustu viku var hugsjónafólk.

**Vegleg verðlaun**

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafakörfu frá Te og kaffi að verðmæti 5.000 kr.. Vinningshafi síðustu viku var Erling Ragnarsson, Reykjavík.



\_\_\_\_\_

**Lausnarorð**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist upphafið að stórkostlegu ævintýri sem enn sér ekki fyrir endann á. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. janúar næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „21. janúar“.

Útsölnni lýkur  
sunnudaginn  
22. janúar

Komdu og gerðu  
frábær kaup!



# ÚTSÖLU LÖK!

ALLAR VÖRUR Á ÚTSÖLU!  
15-80% afsláttur

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bildshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200  
OPIÐ Virka daga 10-18 laugard. 12-18 sunnud. 13-17



Í GEGNUM HLJÓÐMÚRINN Mikið var lagt upp úr hönnun þotanna til að auka hraðann. Nefi vélarinnar var beint niður í flugtaki til að bæta útsýni flugmanna, en á flugi var það fært upp til að draga úr vindmótstöðu.

**Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1976**  
**Farþegaflug á hraða hljóðsins**

Concorde-þotur hófu sig til lofts í fyrsta áætlanafuginu og mörkuðu straumhvörf í flugsögunni.

Á þessum degi fyrir 36 árum, hinn 21. janúar árið 1976, fór Concorde-þota í farþegaflug í fyrsta skipti.

Þetta flug markaði tímamót í flugsögunni og var mikið verkfræðilegt afrek þar sem um var að ræða fyrstu hljóðfráa farþegaþotuna sem flaug reglulegt áætlunarflug.

Tilurð Concorde-þotunnar var samstarfssáttmáli breskra og franskra stjórnvalda tólf árum áður um að sameina krafta sína til að ná þessu takmarki á undan Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Bandaríski orrustuflugmaðurinn Chuck Yeager raufr fyrstur manna hljóðmúrinn árið 1947 þegar hann fór yfir 1.236 kílómetra hraða á klukkustund. Því stefndu flugvélaframleiðendur að því að ná en það varð þrautin þyngri.

Fjölmargar áskoranir biðu vísindamannanna, þar sem hreyflarnir þyrftu að vera tvöfalt öflugri og skrokkur vélarinnar þurfti að geta þolað gríðarlegan hita og átök vegna bylgunnar sem gengur yfir vélina er hún fer í gegnum hljóðmúrinn.

Sóvætmennt lögðu mikla áherslu á að verða fyrri til og urðu meðal annars uppvísir að iðnaðarnjósum.

Það bar þó nokkurn árangur því að sovésk flugfélagið Aeroflot opinberaði í lok árs 1968 frumútgáfu af TU-144, fyrstu hljóðfráa farþega vélina, sem gárungar á Vesturlöndum kölluðu Konkordski vegna líkinda við Concorde, sem var forsýnd stuttu síðar.


TU-144 náði þó ekki almennri hylli þar sem ein slík þota brotlenti á flugsýningu árið 1973, og Concorde náði yfirburðastöðu. TU-144 flaug aðeins um 100 flug innanlands áður en notkun vélarinnar var hætt.

Concorde hóf sig samtímis á loft frá London og París og hafði vissulega alla þá kosti sem til var ætlast. Vélin flaug jafnan á 2.170 kílómetra hraða á klukkustund og komst yfir Atlantshafið á undir þremur klukkustundum þegar best lét.

Vinsældirnar létu þó á sér standa og aðeins British Airways og Air France notuðu þær sextán vélar sem framleiddar voru.

Áfallið reið svo yfir árið 2000 þegar Concorde-þota brotlenti skömmu eftir flugtök og 203 létust. Það markaði endanlega hnignun þotunnar frá og síðla árs 2003 var haldið í síðustu áætlunarferðina.





leiksmögullinn kynur

# LEIKSMÖGULLINN KYNUR

eftir Michele Riml

GAMLA BÍÓ  
LEIÐHUS

lau 21. jan kl. 20:00  
fös 27. jan kl. 20:00  
lau 28. jan kl. 20:00

fös 3. feb kl. 20:00  
lau 4. feb kl. 20:00



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Leikhúspakki á flugfelag.is!

Miðasala á [gamlabio.is](http://gamlabio.is) og á [midi.is](http://midi.is)

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opð alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)





**63 KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR** rithöfundur á afmæli í dag. „Ef verk mín hafa verið innlegg í jafnréttisbaráttu, fagna ég því. Í mínum huga er jafnrétti það sama og mannréttindi.“



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns,

**Kristján Sigurðssonar**  
Fannborg 3, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir umhyggju og alúð.

Oddný Helgadóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sveins Ragnars Björnssonar**

skipstjóra, Framnesvegi 20, Keflavík, áður Garðbraut 56, Garði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut og Landspítalans í Fossvogi fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Loftveig Kristín Sigurgeirsdóttir  
Guðlaug Þóra Sveinsdóttir  
Sigurgeir Borgfjörð Sveinsson  
Björn Sveinsson  
Rósa Sveinsdóttir  
barnabörn, barnabarnabörn.

Baldvin Sigurðsson  
Elín Gunnarsdóttir  
Elísa Rákel Jakobsdóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns mín, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns Benediktssonar**

fv. útgerðarstjóra,  
Ægisvöllum 2, Keflavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fimmtudaginn 15. desember. Sérstakar þakkir og kveðjur til MND-teymis og starfsfólks taugalækningadeildar Landspítalans og D-deildar og heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Bjarnhildur Helga Lárusdóttir  
Benedikt Jónsson  
Jóna Guðrún Jónsdóttir  
M. Agnes Jónsdóttir  
barnabörn og barnabarnabarn.

Inga Rebekka Árnadóttir  
Magnús Valur Pálsson  
Óli Þór Barðdal

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**

Vaktsími:  
581 3300 & 896 8242  
www.utfarin.is

Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hermann Jónsson

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

**ÚTFARARÞJÓNUSTA**

*Davíðs Ósvaldssonar*

ÞEKKING-REYNSLA-ALÚÐ  
24 tíma vakt  
**Sími 551 3485**

Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947

PETTA GERÐIST: 21. JANÚAR 2009

## Mótmæli á þremur stöðum

Mótmæli áttu sér stað við Alþingi, Stjórnarráðshúsið og Þjóðleikhúskjallarann þennan dag árið 2009. Samfylkingarfélagið í Reykjavík fundaði í Þjóðleikhúskjallarannum og samþykkti þar ályktun um að slíta bæri stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Þar voru bæði þingmenn og almennir flokksmenn sammála og töldu rétt að kjósa í vor.

Geir H. Haarde forsætisráðherra var á öðru máli, en þingflokkur Sjálfstæðisflokks

fundaði einnig þennan dag. Geir taldi mikið glapræði að efna til kosninga á þessum tíma enda stæði ríkisstjórnin í stórræðum. Hann lá undir gagnrýni frá samflokksmönnum sínum fyrir að beita sér ekki fyrir breytingum á yfirstjórn Seðlabanka og Fjármálaeftirlits. Geir þurfti liðsinni lögreglu við að komast frá Stjórnarráðshúsinu því mótmælendur héldu uppi kröfu um að boðað yrði til kosninga án tafar.



VIÐ SUÐURGÖTUNA Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra Evrópastofu, býður gesti og gangandi velkomna í opið hús milli klukkan ellefu og fjögur í dag, laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EVROPUSTOFA: OPNUN Í DAG VERÐUR HLAÐIN VIÐBURÐUM OG UPPÁKOMUM

# Allir fá skerf af ESB-kökunni

Mikið er um dýrðir við opnun Evrópastofu – Upplýsingamiðstöðvar ESB við Suðurgötu 10 í Reykjavík í dag. „Við byrjum þetta klukkan ellefu með dálítili opunarathöfn með Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi og Oddnýju G. Harðardóttur fjármálaráðherra,“ segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra Evrópastofu.

Jafnframt segir Birna að brugðið verði á leik í upphafi dags með því að hleypa af stokkunum ljósmyndasamkeppni sem í gangi verði næstu vikur. Þeir sem þátt taka eiga að reyna að festa á mynd hvernig Evrópa og Evrópusamstarfið birtist þeim í umhverfi og daglegu lífi. Þrjár myndir hljóta verðlaun, en Birna segir fyrstu verðlaun verða ferð fyrir tvo til Evrópuborgar.

„Svo kemur líka Sigríður Thorlacius og syngur fyrir okkur með gítarundirleik. Í hádeginu bjóðum við upp á belgískar vöffur og fleiri veitingar og síðan verður dregin fram risastór Evrópukaka,“ segir hún og bætir íbyggju við að allir eigi að geta „fengið sinn skerf af ESB-kökunni“.

Þá gefst gestum kostur á að prófa eigin þekkingu í Evrópumálum og

fræðast um Evrópusambandið. Liður í þeirri fræðslu er stórt veggspjald sem Evrópastofa fékk teiknarann góðkunna, Halldór Baldursson, til að gera og sýnir fimm lykilstofnanir sambandsins, auk tímaáss sem sýnir Evrópusamrunann.

„Svo ætlum við að vera með fyrirbæri sem við köllum Karlinn á kassanum, en tekinn verður fram sáukassi sem verður vettvangur umræðu um kost og löst á Evrópusamstarfinu,“ segir Birna.

Ekki mun þó hætta á því að þeir, sem Evrópuumræðan brennur hvað heitast á, fái einokað kassann, því hver og einn fær bara að stíga á hann einu sinni og hver fær bara að tala í þrjár mínútur.

Birna áréttar að allir séu velkomnir í Evrópastofu, en markmið hennar sé að gefa upplýsingar, stuðla að aukinni umræðu, þekkingu og skilningi á eðli og starfsemi Evrópusambandsins. „Stofunni er komið á laggirnar af almannatengslafyrirtækinu Athygli og þýska fyrirtækinu Media Consulta og rekin með styrk frá Evrópusambandinu,“ segir hún.

Evrópastofa verður svo opin frá tíu til sex virka daga og frá tíu til tvö á laugardögum. „Hingað getur fólk komið

og vafráð á netinu, lesið bækur, blöð og upplýsingaefni um Evrópusambandið. Svo er náttúrulega hægt að hringja eða senda okkur póst með spurningum sem við reynum að svara eftir bestu getu.“

Síðan er líka komin í loftið, vefsíðan www.evropastofa.is, sem Birna segir eiga að geta verið upphafspunktur allra sem afla vilji sér upplýsingar um ESB.

„Við nálgumst verkefnið á þann hátt að við viljum reka upplýsingamiðstöð og skipuleggja umræðufundi fyrir alla. Hingað eru allir velkomnir, algjörlega óháð skoðun þeirra á Evrópusambandinu og aðildarumsókn Íslands,“ segir Birna.

Eftir opnun segir Birna næstu skref vera að skipuleggja kynningarfundir bæði í borginni og víðar. „Við gerum ráð fyrir að fara á næstu mánuðum nokkurn vegin hringinn í kring um landið með opna fundi um Evrópusambandið. Síðan stefnum við líka að því að opna lítið útibú norður á Akureyri,“ segir Birna og kveður það geta lítið dagsins ljós á næstu misserum. „Við ætlum að einhenda okkur í það um leið og við erum búin að opna hér í Reykjavík.“

olkr@frettabladid.is



Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, móðursystur, ömmu og langömmu,  
**Dóru J. Halldórsdóttur.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Eir, 3. hæð suður, fyrir einstaka umhyggju og alúð.

Alda Bragadóttir  
Elín Sigríður Bragadóttir  
Brynjólfur Bragason  
Soffía Vala Tryggvadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Björn Ingi Björnsson  
Porbjörg Jónasdóttir  
Guðmundur Guðni Konráðsson  
Ásta Marta Sivertsen  
Vilhjálmur Ólafsson



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,  
**Sesselja Sigríður Jóhannsdóttir**  
Sísí frá Vallbjarnarvöllum,

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk sunnudaginn 8. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 23. janúar kl. 13.00.

Steinunn Stefania Magnúsdóttir  
Jóhanna Finnborg Magnúsdóttir  
Alda Kolbrún Haraldsdóttir  
Sverrir Róbert Guðmundsson  
ömmubörn og langömmubörn og bræður.

Ísleifur Jónsson  
Guðmundur Sveinsson



# FRÍTT FYRIR BÖRNIÐ

## í Bláfjöll á sunnudag!

Bláfjöll er eitt þeirra skíðasvæða sem tekur þátt í alþjóðadeginum **WORLD SNOW DAY** eða Snjór um víða veröld, en markmiðið með honum er að hvetja til aukinnar skíðaiðkunnar barna.



**ÓKEYPIS Í BREKKURNAR**  
fyrir 12 ára og yngri.



kl. 14.00

**POLLAPÖNK**  
Pollapönk skemmtir kl. 14!



kl. 12.00-15.00

**SKÍÐAKENNSLA**  
Skíðadeildir bjóða upp á skíðakennslu við Bláfjallaskála.

**KENNSLA Á GÖNGUSKÍÐI**

**KENNSLA Á SNJÓBRETTI**

**FRÍTT KAKÓ**

**LUKKUMIÐAR**  
Lukkumiðar fyrir börnin, í vinning eru gjafabréf frá 66° norður og Everest og árskort á skíðasvæðið.

**-25% Á RÚTUFERÐUM**

Rútufyrirtækið Teitur býður upp á 25% afslátt af rútuferðum.

**-20% Í SKÍÐALEIGU**

20% afsláttur er veittur af allri skíðaleigu.



**SKÍÐASVÆÐIN**

**OPNUNARTÍMAR Í BLÁFJÖLLUM Í VETUR**

Virkir dagar: kl. **14.00-21.00**

Helgar: kl. **10.00-17.00**

Upplýsingasími **530 3000** / skidasvaedi.is





*Elskuleg eiginkona, móðir,  
tengdamóðir og amma,*

**Bjarkey Sigurðardóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 16. janúar. Útför fer fram frá Fossvogskapelli fimmtudaginn 26. janúar kl. 13.00.

Páll Sveinsson  
Unnur Pálsdóttir  
Gylfi Pálsson  
Guðlaug M. Pálsdóttir  
og barnabörn.

Delia Neri  
Gunnar Stefánsson



*Okkar ástkæra*

**Erna Jóna Eyjólfsson**

lést í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 18. janúar síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

Geir Sigurðsson  
Sigurður Geirsson  
Erlingur Geirsson  
Eyjólfur Guðmundsson  
Guðbjörg Eyjólfsson  
Guðmundur Eyjólfsson  
Andri Þór Eyjólfsson

Eygló Úlfhildur Ebenezerdóttir  
Óskar Sævarsson  
Gréta Björg Blængsdóttir  
Ragnhildur Reynisdóttir



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu  
okkur samúð og hlýbug við andlát  
og útför okkar ástkæra eiginmanns,  
föður, tengdafaður, afa og langafa,*

**Hróðmars Gissurarsonar**  
vélfræðings, Kleppsvegi 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við öllu því góða fólki sem annaðist hann af umhyggju og hlýju í hans löngu og erfiðu veikindum. Guð blessi ykkur öll.

Sigrún S. Waage  
Valgerður M. Hróðmarsdóttir  
Gunnar Hróðmarsson

Karl J. Halldórsson  
Halldóra  
Guðmundsdóttir  
Svavar Kristinsson

Karólína S. Hróðmarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginmaður, faðir, sonur  
og bróðir okkar,*

**Helgi Yngvason**  
flugmaður,

lést 16. janúar sl. á heimili sínu í Seattle, Bandaríkjunum.

Rósa Yngvason  
Þór Elfar Helgason  
Helgi Jr. Yngvason  
Shanine Yngvason  
Jaquy Yngvason  
Jóhanna Helgadóttir frá Prestbakka  
Árni Yngvason  
Ragnheiður Yngvadóttir  
Eysteinn P. Yngvason  
Hulda Yngvadóttir  
Guðmundur B. Yngvason  
Magnús P. Yngvason  
Þórdís H. Yngvadóttir  
og fjölskyldur þeirra.

# Nýtt orgel vígt í Stykkishólmi

Nýtt orgel frá orgelsmiðju Klais í Bonn verður vígt við messu í Stykkishólmskirkju á morgun. Biskup Íslands hr. Karl Sigurbjörnsson og vígslubiskupinn á Hólum hr. Jón Þorsteinsson verða viðstaddir vígsluna og mun biskup prédika. Einnig er von á Philipp Klais og Stefan Hilgendorf frá Klais orgelsmiðjunni í Þýskalandi.

Frumflutt verður ný útsetning á verki eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson tónskáld, Jómfrú Maríe dans, fyrir sópran, barítón, barnakór, blandaðan kór og orgel undir stjórn tónskáldsins. Þá munu þrír organistar flytja orgelverk, þeir László Petö kórstjóri og organisti Stykkishólmskirkju, Tómas Guðni Eggertsson fyrrverandi organisti í Stykkishólmskirkju og Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju sem sat í orgelnefnd Þjóðkirkjunnar þegar undir-

búningur hófst. Hörður Áskelsson mun einnig fjalla um orgelið á tónleikunum.

Að lokinni messu býður bæjarstjórn Stykkishólms til kaffiveitinga og að þeim loknum hefjast orgeltónleikar.

Nýja orgelið er 22 radda og um 1220 pípur eru í því. Upphafið að söfnuninni má rekja til ársins 2005 er haldnir voru minningar-tónleikar um Sigrúnu Jónsdóttur, fyrrum organista og kórstjóra við Stykkishólmskirkju. Endanleg ákvörðun um orgelkaup var tekin árið 2007 og samningar við Klais gerðir vorið 2008. Hrunið kom illa við orgelsjóðinn þar sem gengi evrunnar snarþreyttist til hins verra fyrir söfnunina. Það fór þó svo að ákveðið var að taka höndum saman við að ljúka verkefninu og í upphafi árs 2011 hófst lokaáfangi söfnunarinnar og lauk henni nú í janúar 2012.



**TÓNSKÁLD** Frumflutt verður ný útsetning á verkinu Jómfrú Maríe dans eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson og mun hann sjálfur stjórna.



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir  
okkar og afi,*

**Sigurður Bjarnason**

frá Vigur,  
alþingismaður, ritstjóri og sendiherra,

lést í Reykjavík 5. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 30. janúar kl. 13.00.

Ólöf Pálsdóttir  
Hildur Helga Sigurðardóttir  
Ólafur Páll Sigurðsson  
Óðinn Páll Ríkhartsson



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Helgi Sigurðsson**

Furugrund 66, Kópavogi,

er látinn. Útförin auglýst síðar.

Valur Þór Einarsson  
Sigurður Oddur Einarsson  
Eva Nína Einarisdóttir  
og barnabörn.

Helga Pálsdóttir  
Álfheiður Mjöll Sívertsen  
Tómas Höskuldsson



*Þökkum innilega þá samúð og vináttu  
sem okkur var sýnd við andlát og útför  
móður okkar, tengdamóður, ömmu,  
langömmu og langalangömmu,*

**Sigríðar Hjálmarsdóttir**  
(Sissu frá Viðvík).

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki fyrir þá umhyggju og alúð sem henni var sýnd öll árin sem hún bjó þar.

Björn Sverrisson  
Svavar Sverrisson  
Torfi Sverrisson  
Sigríður Sigurlína Sverrisdóttir  
Viðar Sverrisson  
Hilmar Sverrisson  
og fjölskyldur.

Helga Sigurbjörnsdóttir  
Herdís Ólafsdóttir  
Maríus Sigurbjörnsson  
María Gréta Ólafsdóttir  
Jenný Ragnarsdóttir



*Hjartans þakkir fyrir samúð og hlý-  
bug vegna fráfalls ástkærrar móður,  
tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jóhönnu Tryggvadóttur**

áður til heimilis á Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, sem lést miðvikudaginn 28. desember sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Boðabingi, Hrafnistu í Kópavogi, fyrir hlýhug og góða umönnun.

Bjarni Jónasson  
Tryggvi Jónasson  
Helga Jónasdóttir  
Jónas Jónasson  
Herdís Jónasdóttir  
Jóhanna Jónasdóttir  
Ásgeir Jónasson

Anna Guðmundsdóttir  
Kristín Hraundal  
Snæbjörn Geir Viggósson  
Eiríksína Ásgrímsdóttir

Stanislava Toneva Jónasson  
ömmubörn og langömmubörn.



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu  
okkur samúð og hlýju við  
andlát og útför móður okkar,  
tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Vilborgar**  
**Jakobsdóttur**

áður til heimilis í Minni-Vogum,  
Vogum.

Sigurður Vilberg Egilsson  
Sveinbjörn Egilsson  
Klemenz Egilsson

Selma Jónsdóttir  
Sara Björk Kristjánsdóttir  
Anna Margrét  
Gunnlaugsdóttir  
Jón Ingi Baldvinsson  
Guðmunda Anna Þórðardóttir

Guðrún Egilsdóttir  
Sæmundur Kristinn Egilsson

Guðmundur Anna Þórðardóttir



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð,  
stuðning og hlýhug vegna fráfalls  
ástkærrar eiginkonu, móður,  
ömmu og langömmu,*

**Guðnýjar Elínar**  
**Vésteinsdóttur**

Hvalseyjum,

sem lést 28. desember sl. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á kvennadeild Landspítalans og líknardeild Landspítalans fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Guðmundur Helgason  
Sigríður Lára Guðmundsdóttir  
Hildur Margrét Guðmundsdóttir  
Jóna Þórunn Guðmundsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigmundur Arnórsson  
Óðinn M. Baldursson





ATLI RAFN SIGURÐARSON  
HELGI BJÖRNSSON

# AXLAR-BJÖRN

NÝTT VERK ÚR SMÍÐJU VESTURPORTS  
LEIKSTJÓRN: BJÖRN HLYNUR HARALDSSON





# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

## LAUGARDAGUR Í BÓNUS OPNUN KL.10 LAUGARDAGUR Í BÓNUS

**PHILIPS**



**7900**  
KR. STK.

**BLANDARI - MIXER**  
600 WATTS  
(SÉRVÖRUVERSLANIR BÓNUS)



**ÍSLANDSFUGL**  
**HEILL FROSINN**  
**KJÚKLINGUR**

**659** KR.KG

**Senseo**



**12900**  
KR. STK.

**SENSEO - KAFFIVÉL**  
FÁEINAR KAFFIVÉLAR Í BODI

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



**1995**  
KR. KG

**KJÖRFUGL FERSKAR**  
**KJÚKLINGABRINGUR**



**159**  
KR. 2 LTR.

**BÓNUS VATN 2 LTR.**



**129**  
KR. 300 GR

**5000 DÓSIR Í**  
**BODI Á ÞESSU VERDI !**



**498**  
KR. 2 KÖKUR

**2 FYRIR 1**  
MYLLUTVENNA

**420 GR.MYLLU**  
**MÖNDLUKAKAN**



**1498**  
KR. 900GR

**FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 900GR**



**698**  
KR. 6 LTR.

**COKE 4 X 1,5 LTR**  
**6 LÍTRAR**

	7		8	6	1	
2		9			4	
	3		7	2		5
5					3	
4		8		7		2
	7					8
1		2		8		3
		6		5		1
		2	3	1		5



**179**  
KR. 280 GR

**BÓNUS 7 SNEIÐAR**  
**SPELT RÚGBRAUÐ**



**198**  
KR. 4 STK

**BÓNUS MJÚKAR**  
**KRINGLUR**



**298**  
KR. 4 STK

**BÓNUS KJALLARA-**  
**BOLLUR MEÐ OSTI**


ÚRLAUSN Á SUDUKO 27  
GÁTU 27 ER Á BONUS.IS

**BONUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarkúbbur



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



**OPNUN KL.10 LAUGARDAGUR Í BÓNUS OPNUN KL.10**



**7500**  
KR. 120 STK

**HYDROXICUT  
HARDCORE**



**498**  
KR. 500ML

**BÓNUS,  
PORSKALÝSI**



**1998**  
KR. 10 KG

**10 KG ROYAL UMBRELLA  
JASMINE HRISGRJON**



**398**  
KR. 10 KG

**BÓNUS KAFFI  
500 GR**



**259**  
KR. 330 ML

**ENGIFER-  
DRYKKUR 330ML**



**195**  
KR. 750 GR

**HUNTS PASTASÓSUR**



**249**  
KR. 1 KG.

**BARILLA SPAGHETTI 1 KG.**



**298**  
KR. 250 ML

**FROOSH SMOOTHIE 250ML**



**98**  
KR. DS

**HUNTS TÓMATAR  
410 GR DÓS**



**598**  
KR. 750 ML

**BERIO EXTRA  
VIRGIN OLIA**



**798**  
KR. 6.3 KG

**USA KATTASANDUR  
6.3 KG.**

**EUROSHOPPER**  
**NÚÐLUR Í POKA**  
85 GR /BEEF  
BEST FYRIR MARS 2012  
**15 KR. PK**

**GERÐU ÞINN EIGIN ÁVAXTA SMOOTHIE**



**398**  
KR. 500 ML

**LÍFRÆNT  
KÓKOSVATN**



**498**  
KR. 1.2 KG



**498**  
KR. 1 KG



**498**  
KR. 1 KG

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veitutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklúbbur



**YOUTUBE.COM** þekki líklega flestir. Þar er hægt að leita að tónlist, horfa á teiknimyndir og fá leiðbeiningar um allt milli himins og jarðar.



## Fjallabúinn Róbert fer til byggða

Bragi Halldórsson

18

„Hér er alvöru stafasúpa Róbert minn,” sagði Konráð. „Þetta er orðarugl og þú átt að finna orðin sem eru falin í gátunni. Þau geta verið skrifuð til vinstri, en líka lóðrétt eða á ská.“ Róbert horfði á orðaruglið drygklanga stund. „Og hvaða orð á ég að finna?” spurði hann vonleysislega og bætti við. „Þetta er svo sannarlega algjör hrærigrautur af stöfum.“ Það eru falin fuglanöfn í gátunni,” sagði Lísaloppa.

Getið þið fundið þessi 9 fuglanöfn í orðaruglinu:

Ú	Ú	T	É	X	R	Ð	I	Æ	S	Ð
D	Æ	H	T	H	K	R	Í	A	O	Ö
B	D	G	D	H	R	Y	P	U	J	Í
H	Á	T	I	Ó	M	R	F	N	Ð	R
Á	F	F	L	Æ	O	J	H	N	A	J
V	B	H	A	F	Ö	R	N	U	R	Ú
E	S	J	Ó	S	V	A	L	A	F	P
L	Á	Á	Á	X	Þ	Ö	G	U	A	
L	Æ	R	T	Ö	O	H	M	M	G	O
A	R	I	T	A	A	I	I	Æ	L	L

- Haförn
- Hávella
- Hrófn
- Kría
- Lundi
- Rita
- Rjúpa
- Sjósvala
- Æðarfugl



## BRANDARAKISTAN

Hvað sagði hringurinn við þríhyrninginn? Ái, þú stingur.

Mamma: María! Af hverju situr þú þarna fyrir framan spegilinn með lokuð augun?  
María: Mig langar að sjá hvernig ég lít út þegar ég sef.

Tónlistakennarinn: Brjánn!  
Hvers vegna stendur þú uppi á stólnum?  
Brjánn: Til þess að ná hæstu tónunum kennari.

Ásthildur Emma, 6 ára.

Svo var það Skotinn sem var svo nískur að hann hló ein göngu á kostnað annarra.

Góðan daginn, ég er kominn til að stilla píanóið þitt. Jæja, ég hef ekki pantað neina píanóstillingu. Ég veit það vel, það var nágranni þinn sem pantaði stillinguna.

Ég hef ekki sofið í marga daga. Af hverju ekki? Ég sef á næturnar.

Þú getur sent brandara til [krakkar@frettabladid.is](mailto:krakkar@frettabladid.is)

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.



Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinns verið endurprentað. Dísu ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugum ára.

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi”

# GAMAN AÐ LEIKA

Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, 11 ára, hefur leikið í kvikmyndum, á sviði og talsett teiknimyndir. Nú fer hún með hlutverk Fannýjar í leikritinu Fanný og Alexander.

**Hvers konar leikrit er Fanný og Alexander?** „Þetta er fjölskyldusaga þar sem ýmislegt gengur á, það er svolítið erfitt að útskýra. Þið verðið bara að koma og sjá.“

**Hvernig persóna er Fanný?** „Hún er frekar róleg, kurteis og kemur vel fram við fólk.“

**Er erfitt að leika hana?** „Nei, alls ekki erfitt, það er fyrst og fremst mjög skemmtilegt.“

**Eruð þið líkar, og þá hvernig?** „Já, ég held við eigum báðar það sameiginlegt að við erum báðar rólegar og kurteisar, það segir mamma mín alla vega.“

**Hvernig fékkstu hlutverkið?** „Það var bent á mig í prufur fyrir þetta hlutverk.“

**Hefurðu leikið eitthvað áður, og þá hvað?** „Já, ég lék í Þjóðleikhúsinu kött í Kardemommubænum. Ég lék líka nokkur hlutverk í söngleikum Oliver Twist í Þjóðleikhúsinu og hef leikið í bíómyndum og talsett teiknimyndir.“

**Ertu aldrei stressuð fyrir sýningar?** „Jú, ég var smá stressuð fyrir frumsýninguna því ég þekkti svo marga sem komu að sjá mig.“

**Hefur eitthvað óvenjulegt gerst á sýningu?** „Nei, ekki ennþá. Ég var svo kvefuð um daginn og þurfti oft að passa að hnerra ekki. Það var frekar fyndið.“

**Í hvaða skóla ertu?** „Ég er í Hofstaðaskóla í Garðabæ.“

**Hver er uppáhaldsnámsgreinin?** „Mér finnst enska skemmtilegust.“

**En sú leiddinlegasta?** „Æ, stærðfræði er nú ekki í uppáhaldi hjá mér.“

**Hvað gerirðu í frítímanum?** „Þegar ég er ekki í fimleikum og dansi þá er ég með vinnum mínum og svo geri ég margt skemmtilegt með fjölskyldunni.“



FNILEG Ísabella Rós Þorsteinsdóttir er önnur tveggja stúlkna sem fara með hlutverk Fannýjar í Fanný og Alexander. Hin er Katrín Ynja Hrafnkelsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Hver eru helstu áhugamálin?** „Fimleikar, dans, leiklist, tónlist, ferðalög og dýr.“

**Áttu þér uppáhaldsbíómynd?** „Margar, til dæmis You Again, Clueless og mér finnst alltaf gaman að horfa á Home Alone með fjölskyldunni minni um jólin.“

**En leikara eða leikkonu?** „Selena Gomez, Jim Carrey og Lea Michele og auðvitað Himmi sem leikur Alexander. Svo Selma Björnsdóttir.“

**Hver er uppáhaldssöngvarinn?** „Það eru Beyoncé og Adele.“

**Heldurðu með einhverjum sérstökum í Eurovision?** „Ekki ennþá, á eftir að hlusta á öll lögin og velja svo.“

**Áttu gæludýr?** „Já, ég á hund sem heitir Castro.“

**Uppáhaldsmatur?** „Það er jólamaturinn og allt meðlætið með honum.“

**Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin stór?** „Það er svo margt skemmtilegt, get ekki ákveðið mig strax. Þegar ég var í leikskóla langaði mig að vera flugfreyja en það verður bara að koma í ljós.“

## Hver með sínu sniði

Prúðuleikararnir eru nú sýndir í bíó. Kynnumst nokkrum þeirra betur:

**Ungfrú Svínka** er ein af aðalpersónum Prúðuleikaranna. Hún er mikil primadonna og staðráðin í því að verða stjarna. Hún er róleg á yfirborðinu en getur á augabragði orðið bálreið og þá sérstaklega ef hún móðgast eða ef einhver stendur í vegi fyrir henni.

**Froskurinn Kermit** er án efa frægasti prúðuleikarinn og birtist fyrst á skjánum árið 1955. Eitt sinn krafðist Svínka þess að Kermit giftist henni. Hún segir þau mjög hamingjusöm en Kermit er ósammála. „Samand okkar er einungis starfstengt,” hefur hann látið hafa eftir sér.

**Fossi björn** er brandarar. Ekki eru þó allir sammála um að brandararnir hans séu góðir. Hann er besti vinur Kermit þótt þeir hafi stundum ólíkar skoðanir.

**Geimveran Gonsó** er ofurhugi sem dembir sér í hvert áhættuatriði á fætur öðru. Hann elskar að koma fram og lítur á það sem hann gerir sem list.






# Úrval ljósa á betra verði



# ÚTSALA

**10-70% afsláttur**



Opið:  
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18  
Laugardag kl. 11 - 16

[www.rafkaup.is](http://www.rafkaup.is)

**Rafkaup**  
Ármúla 24 • S: 585 2800



## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. gryfja, 6. ryk, 8. máttur, 9. fugl, 11. kusk, 12. miklu, 14. málmblanda, 16. þegar, 17. þvottur, 18. hluti verkfæris, 20. í röð, 21. sett.

## LÓÐRÉTT

1. kvenflík, 3. guð, 4. útvegúnar, 5. skordýr, 7. andmæli, 10. eldsneyti, 13. meðvitundarleysi, 15. uss, 16. úthald, 19. í röð.

## LAUSN

15. süss, 16. þol, 19. fíg.  
5. fló, 7. móþára, 10. mör, 13. rof, 14. oflunar, 17. tau, 18. of, 20. rs, 21. lagt.  
LÁRÉTT: 2. gróf, 6. im, 8. afli, 9. löm, 11. lö, 12. stóru, 14. brón, 16. þá.

## Lög unga fólksins

## BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar

Um daginn settumst við nokkrir vinir inn á kaffihús og hugðumst eiga notalegt spjall um daginn og veginn. Okkur til nokkurrar undrunar bar þá svo við að á kaffihúsinu voru tónleikar þannig að ekki var annað í boði en að sitja og hlusta á tónlist.

**LISTAMAÐURINN** var ung kona sem mér skilst að sé um þessar mundir talin með efnilegri og eftirtektarverðari vonarpeningum íslensks tónlistarlífs. Ýmist gutlaði hún á rafmagnspíanó sem hljómaði eins og spíladós eða plokkaði rafmagnsgítar sem líka hljómaði eins og spíladós. Á bak við hana sat piltur á hennar reki og strauk trommur með burstum. Yfir tónaglundrið og marrið í sneriltrommuskinninu andaði listakonan síðan hásu tísti, eins og hún væri að líkja eftir nývaknaðri uglu á fúkkalyfjum, eitthvað sem mér heyrðist mestanpart vera upp-hafin og innhverf væmni á ensku. Tónlistin var svo mild og óágeng að ekki einu sinni trommurnar voru slegnar, hvað þá önnur hljóðfæri. Reyndar grunar mig að hefði pilturinn gerst svo bíræfinn að lemja einhverja trommuna hefði stúlkan, þetta viðkvæma



blóm, samstundis fallið í öngvit ef ekki hreinlega hniðið niður örend af lostinu yfir svo bygðunarlausum ofstopa.


**PEIR**, sem enst hafa til að lesa hingað, geta líklega getið sér nærri um að þessi tónlist höfðaði ekkert sérstaklega til mín. Það er allt í lagi. Ég geri enga kröfu til þess að allri tónlist beri að höfða til mín. Ég er kominn á þann aldur að ef ég væri yfir mig hrifinn af lögum unga fólksins væri sennilega eitthvað mikið að – annað hvort þeim eða mér.

**UNGU** fólki ber að ganga fram af þeim sem eldri eru. Það er hreyfiaflið í framvindu menningarinnar og vörnin gegn stöðnun og steingervingu listsköpunarinnar. Síðan á dögum Sókratesar, ef ekki enn lengur, hafa miðaldra fauskar eins og ég ævinlega haft verulegar áhyggjur af því í hvað stefndi þegar hið óalandi og óferjandi þakk, sem skipaði yngri kynslóðir, tæki við veröldinni. Þessi togstreita hefur mótað tónlistarsöguna, hvort sem það var Mozart eða Sex Pistols. Hver kynslóð ögrar þeirri, sem á undan fór, með hömluleysi, hamsleysi og boðskap sem storkar ríkjandi siðferði og gildum. Ég átti því ekki von á öðru en að tónlist ungu kynslóðarinnar ætti eftir að ganga fram af mér. Það sem ég átti ekki von á var að það myndi ganga fram af mér hvað hún yrði merkingarlaus, máttlaus og meinlaus.

## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



**Ísold 20 ÁRA**

Yfir 14 þúsund ánægðir viðskiptavinir

**20% AFSLÁTTUR**

Super 123 Hillukerfi

Gildir frá 23-27 Janúar

[www.Hillur.is](http://www.Hillur.is)

Ísold ehf. Nethyl 3-3a S: 535-3600

**BYLGJAN 25 ÁRA 989**

**Hemmi Gunn – og svaraðu nú!**

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel



WRIGLEY'S  
**Extra**



# TYGGÐU EXTRA

## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuþefnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



# KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!

FRÁBÆRT  
VERÐ!



# ÞORRAMÁTUR Í MIKLU ÚRVALI

2  
fyrir  
1



Myllu danskt rúgbrauð



1443 kr. pk.

Verð áður 1698 kr. pk.  
Góða þorramakki, 500g



287 kr. kg

Frosin svið, 2 hausar í pk.



679 kr. stk.

Ora þorrasild, 580 g



2698 kr. kg

Súr hvalur, langreyður



593 kr. pk.

Verð áður 698 kr. pk.  
Vestfiskur hákarl, 100 g



Gjafakort Krónunnar fæst  
á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

EXPO - www.expo.is  
Öll verð eru birt með lýrindum um þrennillur og/eda myndabringi



**30%**  
afsláttur



**699** kr. kg

Verð áður ~~998~~ kr. kg  
Grisasiða, purusteik



**2598** kr. kg

SS bláberjahelgarsteik

**40%**  
afsláttur



**2298** kr. kg

Verð áður ~~3849~~ kr. kg  
Ungnauta Roast Beef, erlent



**1498** kr. kg

Lambalæri, hvítlauks og rósmarín marinerað



**189** kr. pk.

Honey Top Naan brauð,  
kókos og rúsínur, 2 stk. í pk.



**FRÁBÆRT  
VERÐ!**

**189** kr. kg

Perur



**659** kr. stk.

Krónu Bragðarefur, 1,33 l



**256** kr. pk.

Prince polo mini, 22 stk. í pk.



**339** kr. pk.

First Price ávaxtakaramellur, 400 g



**20%**  
afsláttur

**279** kr. pk.

Verð áður ~~349~~ kr. pk.  
Farmers Chili Crackers, 125 g



**199** kr. stk.

Powerade, Mountain Blast  
og orange, 500 ml



**189** kr. stk.

Coke Light, 2 l



**99** kr. stk.

Toppur, 4 teg., 0,5 l



KÍKTU Á  
**kronan.is**  
- meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar  
á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)





**Í DAG KLUKKAN 16.00** sýnir Kvikmyndasafnið Gamlet eftir Grigori Kozintsev, en svo heitir rússneska útgáfan af Hamlet, í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Undir myndinni hljóma tónar Sjostakovitsj sem, ásamt áhrifamikilli myndatöku og leik Innokenti Smoktunovski, undirstrika ill örlog og harðneskjulegt umhverfi söguheims myndarinnar.

## Djúpið sýnt í Berlín

Einleikur Jóns Atla Jónssonar Djúpið hefur verið valinn til uppsetningar á FIND festivalinu í Schaubühne-leikhúsinu í Berlín. „Það er mikill heiður að verkið verði sýnt í einu framsæknasta og þekktasta leikhúsi Evrópu,“ segir Jón Atli. Verkið verður sýnt í leikstjórn Egils Pálssonar og verður

það þýskur leikari, Urs Joche, sem fer með hlutverkið sem Íslendingar fengu að sjá Ingvar E. Sigurðsson í. „Þetta er frábært tækifæri og gaman að fara utan með verk sem er svo rosalega íslenskt,“ segir Jón Atli sem heldur utan í byrjun mars en verkið verður sýnt 10. mars. - sbt

# Knúin áfram af ástríðu

**Anna Þorvaldsdóttir tónskáld er enn í skýjunum eftir lofsamlegar viðtökur sem fyrsta sólóplata hennar, Rhízoma, fékk. Anna hefur margt á þrjónunum, meðal annars verða tónleikar helgaðir verkum hennar á Myrkum músíkdögum.**

„Mér finnst ég aldrei hafa ákveðið að fara í tónsmíðar, en um leið og ég byrjaði að semja tónlist þá gat ég ekki hætt. Ég varð bara að semja og segja má að ég sé knúin áfram af ástríðu á tónsmíðum,“ segir Anna Þorvaldsdóttir tónskáld. Síðasta ár var viðburðaríkt hjá Önnu sem lauk doktorsnámi í tónsmíðum frá Háskólanum í San Diego, verk eftir hana var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess sem hún gaf út sinn fyrsta sólódisk sem hlaut afar lofsamlega dóma hérlendis sem erlendis.

„Þetta hefur verið dásamlegt. Það er ekki sjálfgefið að hljóta svona góðar viðtökur og ég er þakklát fyrir þær. Það er mjög gaman þegar maður hefur unnið að einhverju verkefni svona lengi að það gangi svona vel,“ segir Anna og viðurkennir að hún hafi fengið ýmsar áhugaverðar pantanir á verkum í kjölfarið. „En það er engin komin á það stig að ég geti greint frá þeim,“ bætir hún við.

„Þessa dagana er ég hins vegar aðallega að huga að tónleikunum á Myrkum músíkdögum. Þar ætlar Caput-hópurinn að flytja nokkkur verk eftir mig, meðal annars af disknum. Verkið Streaming Arhythmia verður frumflutt.“

Meðal þess sem er á döfinni eru tónleikar Önnu á Listahátíð í vor. „Ég verð með raftónleika, verð sjálf í hlutverki flytjanda,“ segir Anna sem hefur samið verk fyrir hin ýmis hljóðfæri og flytjendur. „Ég hef alltaf haft ástríðu fyrir stærri samspilsverkum, en ég vil alls ekki festa mig í að skrifa þannig verk, ég sem líka einleiksverk, rafverk, fyrir kóra og svo framvegis. Allt annað væri stöðnun.“

Anna er alltaf að og hún segir að sér líði best þegar hún afkastar miklu. „Skrifinnskan tekur stundum merkilega mikinn tíma en ég reyni að sinna tónsmíðunum á hverjum degi.“ Vinnan við tónsmíðarnar er hins vegar afar misjöfn og fer eftir því hversu langt á veg verkin eru komin. „Fyrst sest ég niður, hugsa



**SÆKIR INNBLÁSTUR Í NÁTTÚRUNA** Anna Þorvaldsdóttir tónskáld skoðar náttúruna þegar hana vantar innblástur. „Þar finnur maður hina fullkomnu hönnun.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verkið, hvernig það á að vera og hljómar og hvernig hljóðheimar eru í því. Þetta innhverfa ferli er mjög mikilvægur hluti í því að semja verk. Svo handskrifa ég á nótnablöð. Ég vil geta séð tónlistina á stórum örkum, nota blöð sem eru tvisvar sinnum A3 á þegar ég er að semja fyrir hljómsveit en A3 þegar ég sem fyrir kammersveit. Það fylgir því frelsi að mála nóturnar á pappír sem ég get alls ekki verið án. Tölvuskjárinn er takmarkaðri finnst mér. En svo set ég verkið inn í tölvu þegar það er tilbúið.“

Innblásturinn að verkum sínum segist Anna einkum sækja í náttúruna. „Mér finnst rosalega

gott að leita í náttúruna, þar finnur maður hina fullkomnu hönnun. Mér finnst mjög inspirerandi að horfa á náttúruna, fylgjast með öldugangi eða hreyfingum vindsins, hvernig smáatriðin tengjast hinum stóru. Þetta er aðferð sem ég hef tileinkað mér.“

Anna lærði á selló en flutti sig yfir í tónsmíðar og lauk prófi frá LHÍ áður en hún hélt utan í framhaldsnám. Og sem fyrr sagði er í nógu að snúast. „Ég er knúin áfram af ástríðu þegar kemur að tónsmíðum og afar þakklát fyrir að hafa tækifæri til að vinna við að semja tónlist,“ segir Anna að lokum.

sigridur@frettabladid.is

Nýja-Ljós  
New Light Journeys

### Námskeið vorönn 2012

12 vikna Heilunarnámskeið – Grunnnámskeið 31. Jan. – 24. Apríl  
12 vikna Heilunarnámskeið – Framhald 1.Feb. – 25. Apríl  
Orka nýrra tíma – helgarnámskeið 18. - 19. Feb.  
8 vikna Orkustöðvanámskeið – Sjálfshelun 5. Mars – 30. Apríl  
Nánari upplýsingar: viskaoggledi.is eða í síma s. 615 -5710 s. 699-7099

Krassandi ævinljúraleikrit í leikstjórn Sigga Sigurjóns

## Gulleyjan

FRAMLEITT AF LEIKFÉLAGI AKUREYRAR Í SAMSTARFI VIÐ BORGARLEIKHÚSIÐ

### FRUMSÝNING 27. JANÚAR

Fös 27/1 UPPSELT	Fös 3/2 Örfá sæti laus	Fös 10/2
Lau 28/1 UPPSELT	Lau 4/2 UPPSELT	Lau 11/2
Sun 29/1 ÖRFÁ SÆTI LAUS	Sun 5/2 UPPSELT	Fös 17/2 UPPSELT
Fim 2/2 UPPSELT	Fim 9/2 UPPSELT	Lau 18/2 UPPSELT

MIDASALA Á: LEIKFÉLAG.IS | SÍMI: 4 600 200  
NETFANG: MIDASALA@LEIKFÉLAG.IS

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

## FASTEIGNA MIÐLUN

GRAFARVOGS

Sigrún Stella Einarsson  
lögfróleg fasteignasali  
GSM 824 0610

Örn Helgason  
sölumaður  
GSM 896 7070

Spöngin 37, 2. hæð, 112 Reykjavík  
Sími 575 8585. Fax 575 8586

### OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 22. JANÚAR 2012 KL. 14-16 Í HÚSI NR.7

### EIRBORGIR GRAFARVOGI

Íbúðir fyrir eldri borgara og þá sem gera kröfur um öryggi.

Fasteignamiðlun Grafarvogs kynnrir sölu á íbúðarétti/leigu í þjónustu og öryggisíbúðum í Eirborgum, Fróðengi 1-11 Grafarvogi.

**Verið velkomin, Stella og Örn taka á móti ykkur.**

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í PINU HVERFI www.fmg.is

### ALLIR TÓNLEIKARNIR Í HÖRPU

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar hefur verið haldin hér á landi árlega síðan 1980. Hátíðin hefur verið einn mikilvægasti vettvangur framsækinnar nútímatónlistar á Íslandi og nú líkt og fyrri ár er um fjögurra daga hátíð að ræða sem endurspeglar margbreytileika samtímatónlistar. Í ár eru tónleikar hátíðarinnar í fyrsta sinn allir á sama stað, í Hörpu, sem að mati aðstandenda eru ein allra merkilegustu tímamót í sögu hátíðarinnar.

A efnisskránni eru símfóníutónleikar, símfóníettutónleikar, kammertónleikar, kórtonleikar, raftónleikar og einleikstónleikar. Meðal flytjenda eru nokkrar af helstu hljómsveitum, kammerhópum og einleikurum þjóðarinnar. Að auki

verða fjórir erlendir hljóðfærahópar meðal flytjenda.

Tónleikar Caput-hópsins þar sem verk Önnu Þorvaldsdóttur verða flutt eru haldnir í Norðurljósum næstkomandi föstudag klukkan átta. Þess má geta að einnig verður flutt verk eftir hana á tónleikum Tinnu Þorsteinsdóttur píanóleikara á laugardegnum klukkan fjögur.

Opnunartónleikar hátíðarinnar eru hins vegar á fimmtudagskvöld í Eldborg í Hörpu. Þar leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands aðalhlutverkið en á efnisskránni eru meðal annars verk eftir Huga Guðmundsson, Atla Ingólfsson og Iannis Xenakis.

Allar upplýsingar um dagskrána er svo að finna á heimasíðu hátíðarinnar [www.myrkir.is](http://www.myrkir.is).



# DON McLEAN

AMERICAN PIE



## HÁSKÓLABÍÓ 17. OKTÓBER

Í tilefni af því að 40 ár eru liðin frá því American Pie, sem er ein merkasta plata poppsögunnar, kom út ætlað goðsögnin, Grammyverðlaunahafinn, söngvarinn og lagahöfundurinn Don McLean og hljómsveit hans að halda sannkallaða stórtónleika í Háskólabíó.

- ★ Don McLean var á Glastonbury sl. sumar og spilaði þar fyrir framan 100.000 tónleikagesti við frábærar undirtektir...
- ★ Árið 2004 var hann tekinn inn í Frægðarhöll söngvaskálda (Songwriters Hall of Fame)
- ★ Lagið American Pie var valið 5. áhrifamesta lag 20.aldar.
- ★ Eftirtalin lög hafa verið spiluð meira en 3 milljón sinnum í útvarpi í Bandaríkjunum: American Pie, And I Love You So, Vincent og Castles In the Air.

**Miðasala hefst á [midi.is](http://midi.is)  
miðvikudaginn 25. janúar kl 12.**







**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

Sunnudagur 22. janúar 2012

## → Tónleikar



**20.00** Eivör Pálsdóttir verður með tónleika í Langholtskirkju þar sem hún mætir berfætt með gítarinn sinn. Miðaverð er kr. 3.000.

**20.00** Ísafoldarkvartettinn leikur á tónleikum á vegum Kammermúsikklúbbsins í Bústaðakirkju. Fluttur verða tveir af þekktustu strengjakvartettum tónlistarsögunnar eftir frönsku impressjónistana Claude Debussy og Maurice Ravel.

## → Leiklist

**14.00** Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Langafi þakkarar í Menningar- miðstöðinni Gerðubergi. Leikritið er byggt á sögum Sigrúnar Eldjárns og er miðaverð kr. 2.000.

## → Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**19.00** Bridge, tvímenningur, er spilaður í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14. Allir velkomnir.

## → Sýningar

**14.00** Sýningin Klippit og skorið opnar í kaffihúsi Gerðubergs. Um er að ræða sýningu Guðnýjar Guðmundsdóttur á klippimyndum.

## → Sýningarspjall



**14.00** Hjálmar Sveinsson heimspekingur mun fjalla um verk Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar á sýningunni í afbyggingu. Sýningin stendur nú yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg og fer spjallið þar fram.

**15.00** Á Kjarvalsstöðum mun sýningarstjórinn og listfræðingurinn Hrafnhildur Schram mun ræða við gesti um sýninguna Draumalandið mitt í norðri - Karen Agnete Þórarinnsson, sem opnuð var á Kjarvalsstöðum liðna helgi.

## → Kvikmyndir

**15.00** Franska kvikmyndin Á botninum er sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Myndin er byggð á leikriti eftir Maxim Gorkí. Aðgangur er ókeypis.

## → Dansleikur

**20.00** Félag eldri borgara í Reykjavík stendur fyrir dansleik í félagsheimili sínu, Stangarhyl 4. Danshljómveitin Klassík leikur léttu danstónlist og er aðgangseyrir kr. 1.500.

## → Tónlist

**16.00** Andrea Jónsdóttir spilar gamlar rokkperlur af plötum á Ob-La-Dí Frakkastíg 8.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



# Hefur þú hugmynd?

Hefur þú góða viðskiptahugmynd?  
Rekur þú fyrirtæki og vilt þróa nýja vöru eða þjónustu?

Vinnuálagstofnun/velferðarráðuneyti auglýsa styrki til atvinnumála kvenna vegna ársins 2012 lausa til umsóknar. Skilyrði er að verkefnið/hugmyndin falli að eftirfarandi skilyrðum.

- Verkefnið sé í eigu konu/kvenna og stjórnað af konu
- Verkefnið feli í sér nýnæmi eða nýsköpun
- Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð
- Veittir eru styrkir til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna markaðssetingar og gerðar markaðsáætlunar, þróunar vöru eða þjónustu, hönnunar og efniskostnaðar.
- Ennfremur geta konur sem hafa fullmótaða viðskiptaáætlun og hafa hug á því að stofna fyrirtæki á næstunni eða hafa stofnað fyrirtæki en ekki hafið rekstur, sótt um styrk til að koma henni í framkvæmd.

Heildarfjárhæð styrkja að þessu sinni er kr. 30.000.000 og er hámarksstyrkur kr. 3.000.000. Ekki eru veittir lægri styrkir en kr. 400.000.

Umsóknarfrestur er til og með 14.02.2012 og skal sækja um rafrænt á heimasíðu verkefnisins en þar má ennfremur finna nánari upplýsingar um styrkina.

[www.atvinnumalkvenna.is](http://www.atvinnumalkvenna.is)

ATVINNUMÁL  
KVENNA

## Fasteignagjöld 2012



Borgarstjórnin í Reykjavík, 21. janúar 2012.

Álagningarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2012 verða sendir til íbúa á næstu dögum. Fasteignagjöldin verða innheimt í gegnum heimabanka þar sem jafnframt er hægt að prenta út greiðsluseðil. Greiðsluseðlar verða ekki sendir út en hægt er að óska eftir heimsendum greiðsluseðlum í gegnum þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411 11 11.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar annast álagningu og innheimtu á fasteignaskatti, lóðaleigu og sorphirðugjaldi.

Þeir sem fengu lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi á liðnu ári, fá einnig lækkun á árinu 2012. Við álagningu fasteignagjalda nú í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2010. Þegar álagning vegna tekna ársins 2011 liggur fyrir næsta haust, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflaga.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar framkvæmir breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi elli- og örorkulífeyrisþega og þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda.

Skilyrði lækkunar eru að viðkomandi elli- eða örorkulífeyrisþegi eigi lögheimili í Reykjavík og sé þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt.

Einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Borgarráð hefur ákveðið að tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega vegna niðurfellingar/lækkunar fasteignaskatts á árinu 2012 verði eftirfarandi:

**100% lækkun:** Einstaklingar með tekjur allt að 2.460.000 kr.

Hjón með tekjur allt að kr. 3.440.000.

**80% lækkun:** Einstaklingar með tekjur á bilinu 2.460.000 til 2.830.000 kr.

Hjón með tekjur á bilinu 3.440.000 til 3.840.000 kr.

**50% lækkun:** Einstaklingar með tekjur á bilinu 2.830.000 til 3.290.000 kr.

Hjón með tekjur á bilinu 3.840.000 til 4.580.000 kr.

Umhverfis og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Höfðatorg, Borgartúni 12-14, veitir upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á sorphirðugjaldi í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið sorphirda@reykjavik.is.

Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, annast álagningu og innheimtu vatns- gjalds og fráveitugjalds og veitir upplýsingar í síma 516 6000. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið or@or.is.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Höfðatorg, Borgartúni 12-14, veitir upplýsingar varðandi álagningu fasteignaskatts og lóðarleigu og breytingar á þeim í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is.

Hægt er að leita upplýsinga um ofangreind atriði á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



Reykjavíkurborg

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



**Svaka búnaður í Titanium**  
 16" álfelgur  
 Baksýnisspegill með sjálfvirkri dimmingu  
 Hæðarstillanlegt farþegasæti  
 Hraðstillir með stillanlegum hraðatakmarkara  
 Upphitanleg framrúða og rúðuvökvaspissar  
 Krómáferð á handföngum að innan  
 Krómlistar neðst við hliðarrúður  
 Grill neðra svart háglans  
 Grill efra svart háglans með krómliasta  
 Innstigshlífar, ál merktar Ford Heimreiðarljós tímastillt  
 Regnskynjari í framrúðu  
 Kastarar að framan krómaðir  
 Tölvustýrð miðstöð  
 Starthnappur  
 Gírstangahnúður leður  
 Armpúði milli framsæta  
 Armpúði í miðju afturssætis með glasahaldara  
 Velúr mottur aftan og framan  
 Led innilýsing  
 Led afturljós  
 Sport framsæti  
**Svaka búnaður í Titanium**  
 Glasahaldarar frammi  
 Ljós í hanskahólfi  
 Geymsluvasar á böfum framsæta  
 Bæði sólskyggni með upplýstum snyrtispegli  
 Krókar fyrir fót  
 Klukka og dagsetning  
 Ljós í hleðslurými  
 12V tengill í

farangursrými  
**Svaka búnaður í Titanium**  
 Tauáklæði  
 Mjóbaksstilling á ökumannssæti  
 Mjóbaksstilling á farþegasæti frammi  
 Hæðarstilling á ökumannssæti  
 Hiti í framsætum, stigstilltur  
 Höfuðpúðar á öllum sætum  
 Aftursæti hægt að fjarlægja  
 Fjölstillanleg aftursæti þrískip (40/20/40)  
**Svaka búnaður í Titanium**  
 Frjórnasía í miðstöð  
 Fjölstillanlegt stýrishjól  
 Rafdrifid hjálparatak á stýri  
 Aksturstölvu  
 Hitamælir, útihiti  
 Viðvörðun vegna ísingarhættu  
 Hiti í afturrúðu  
 Upphitanlegir

rafdrifnir hliðarspeglar  
 Rafdrifnar rúður framan/aftan m/ klemmuvörn og fjarstýringu  
 Tímastillir á framrúðupurrkum  
 Loftkæling  
**Svaka búnaður í Titanium**  
 Útvarp með 3,5" Dot Matrix skjá  
 Blátannarbúnaður fyrir gsm  
 Raddstýring fyrir hljómtæki  
 Raddstýring fyrir gsm síma  
 Raddstýring fyrir miðstöð  
 Raddstýring fyrir I-pod ofl.  
 USB tengi fyrir iPod, MP3 spilara  
 Geislaspilara  
 Fjarstýring í

stýri fyrir hljómtæki  
 6 hátalarar  
**Svaka búnaður í Titanium**  
 Fjarstýrð samlæsing  
 Fjaropnun á skotti  
 Bensínlok opnast með samlæsingu  
 Þvottakerfi á aðalljósum  
 Samlitir hliðarspeglar með stefnuljós  
 Samlit hurðarhandföng  
 MacPherson fjöðrun að framan  
 Sjálfstæð fjölíðafjöðrun á afturhjólum  
 Easy fuel eldsneytisfylling án loks

Kastarar að framan  
 Viðgerðarsett fyrir  
 16" dekk 205/55  
**Svaka búnaður í Titanium**  
 Öryggispúðar í stýri  
 Öryggispúðar í hliðum  
 Öryggispúðatjöld  
 Styrktarbitar í hurðum  
 3ja punkta öryggis  
 sætum  
 Hæðarstillanleg ö  
 framsætum  
 Rafstýrðir bílbeltar  
 framsætum  
 ISO-fix bar



**Aðeins + kr. 144!**

...fyrir flottustu tegundina af **Focus Titanium**

**Nýttu þér tilboð ársins í dag:** Fyrir aðeins 145.000 kr. til viðbótar við lækkað verð á Ford Focus Trend sjálfskiptum, sem er næst flottasta gerðin, eða frá 3.650.000 kr. færðu langflottustu gerðina af Ford Focus: Ford Focus Titanium. Þú færð sem sagt dýrustu gerðina sjálfskipta fyrir aðeins 3.795.000 kr. Hver hefði nú trúað því fyrir þremur árum?

Hönnun Ford Focus er gegnheil og tekur mið af þér og þörfum þeirra sem standa þér næst: fjölskyldunnar. Þú ert í hópi þeirra bestu. Veldu Ford. Komdu núna í Brimborg. Spurðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar. Komdu strax í dag og nýttu þér svaka-svaka lækkað verð á Ford.



*Kauptu bara góða og sparneytna bíla. Kauptu Ford.*



an  
r dekk  
R16  
**Titanium**  
ýri og mælaborði  
ðum framsæta  
í hliðum  
ðum  
sbelti í öllum  
öryggisbelti í  
astrekkjarar í  
nabílstólafestingar

Stöðugleikastýrikerfi með spólvörn (ESP)  
ABS hemlakerfi  
EBD hemlajöfnun  
**Svaka búnaður í Titanium**  
16" álfelgur  
Baksýnispegill með sjálfvirkri dimmingu  
Hæðarstillanlegt farþegasæti  
Hraðstillir með stillanlegum hraðatakmarkara  
Upphitanleg framrúða og rúðuvökvaspissar  
Krómáferð á handföngum að innan  
Grill neðra svart háglans  
Grill efra svart háglans með krómlista

Heimreiðarljós tímastillt  
Regnskynjari í framrúðu  
Kastarar að framan krómaðir  
Tölvustýrð miðstöð  
Starthnappur  
Gírstangahnúður leður  
Armpúði milli framsæta  
Armpúði í miðju aftursæti með glasahaldara  
Velúr mottur aftan og framan  
Led innilýsing  
Led afturljós  
Sport framsæti  
**Svaka búnaður í Titanium**  
Glasahaldarar frammi  
Ljós í hanskahólfi  
Geymsluvasar á bókum framsæta  
Bæði sólskyggni með upplýstum snyrtispegli  
Krókar fyrir fót  
Klukkan og dagsetning  
Ljós í hleðslurými  
12V tengill í farangursrými

Mjóbaksstilling á farþegasæti frammi  
Hæðarstilling á öikumannssæti  
Hiti í framsætum, stigstilltur Höfuðpúðar á öllum sætum  
Aftursæti hægt að fjarlægja  
Fjölstillanleg aftursæti þrískip (40/20/40)  
**Svaka búnaður í Titanium**  
Frjókornasía í miðstöð  
Fjölstillanlegt stýrishjól  
Rafdrifið hjálparátak á stýri  
Aksturstólva  
Hitamælir, útihiti  
Viðvörðun vegna ísingarhættu  
Hiti í afturrúðu  
Upphitanlegir og rafdrifnir hliðarspeglar  
Rafdrifnar rúður framan/aftan m/klemmuvörn og fjarstýringu  
Tímastillir á framrúðupurrkum  
Loftkæling  
**Svaka búnaður í Titanium**  
Útvarp með 3,5" DAB  
Blátannarbúnaður fyrir gsm  
Raddstýring fyrir hljómtæki  
Raddstýring fyrir gsm síma  
Raddstýring fyrir miðstöð  
Raddstýring fyrir l-pod

tengi fyrir iPod, MP3 spillara  
Geislaspillari  
Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki  
6 hátíðar  


Bæði sólskyggni og hliðarspeglar  
Hæðarstilling á farþegasæti  
Hæðarstilling á öikumannssæti  
Hiti í framsætum, stigstilltur Höfuðpúðar á öllum sætum  
Aftursæti hægt að fjarlægja  
Fjölstillanleg aftursæti þrískip (40/20/40)  
**Svaka búnaður í Titanium**  
Frjókornasía í miðstöð  
Fjölstillanlegt stýrishjól  
Rafdrifið hjálparátak á stýri  
Aksturstólva  
Hitamælir, útihiti  
Viðvörðun vegna ísingarhættu  
Hiti í afturrúðu  
Upphitanlegir og rafdrifnir hliðarspeglar  
Rafdrifnar rúður framan/aftan m/klemmuvörn og fjarstýringu  
Tímastillir á framrúðupurrkum  
Loftkæling  
**Svaka búnaður í Titanium**  
Útvarp með 3,5" DAB  
Blátannarbúnaður fyrir gsm  
Raddstýring fyrir hljómtæki  
Raddstýring fyrir gsm síma  
Raddstýring fyrir miðstöð  
Raddstýring fyrir l-pod

**Nytt takn um gæði**  
**Ford í dag Svaka sýning Lækkað verð**  
Komdu í kaffi og kleinur Milli kl. 12 og 16



**50000**

Eldsneyti: frá 3,2 l/100km í langkeyrslu

Eldsneyti: frá 3,7 l/100km í langkeyrslu

Eldsneyti: frá 3,7 l/100km í langkeyrslu

Eldsneyti: frá 3,9 l/100km í langkeyrslu

Eldsneyti: frá 3,9 l/100km í langkeyrslu

Eldsneyti: frá 5,1 l/100km í langkeyrslu



**Nýárstilboð Titanium: 130.000 kr. Verðlækkun**

**Nýárstilboð Titanium: 100.000 kr. Verðlækkun**

**Nýárstilboð Titanium: 70.000 kr. Verðlækkun**

**Nýárstilboð Titanium: 350.000 kr. Verðlækkun**

**Nýárstilboð Titanium: 350.000 kr. Verðlækkun**

**Nýárstilboð Titanium: 200.000 kr. Verðlækkun**

**Ford Fiesta Trend 5 dyra**  
Verð frá 2.420.000 kr.  
Verðlækkun -130.000 kr.  
Nýársverð frá 2.290.000 kr.  
+100.000 kr. og þú færð Ford Fiesta Titanium  
**Nýárstilboð samtals frá 2.390.000 kr.**

**Ford Focus Trend 5 dyra**  
Verð frá 3.750.000 kr.  
Verðlækkun -100.000 kr.  
Nýársverð frá 3.650.000 kr.  
+145.000 kr. og þú færð Ford Focus Titanium  
**Nýárstilboð samtals frá 3.795.000 kr.\***

**Ford Focus Trend Wagon**  
Verð frá 3.900.000 kr.  
Verðlækkun -70.000 kr.  
Nýársverð frá 3.830.000 kr.  
+145.000 kr. og þú færð Ford Focus Titanium  
**Nýárstilboð samtals frá 3.975.000 kr.\***

**Ford Mondeo Trend 5 dyra**  
Verð frá 4.340.000 kr.  
Verðlækkun -350.000 kr.  
Nýársverð frá 3.990.000 kr.  
+160.000 kr. og þú færð Ford Mondeo Titanium  
**Nýárstilboð samtals frá 4.150.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend Wagon**  
Verð frá 4.540.000 kr.  
Verðlækkun -350.000 kr.  
Nýársverð frá 4.190.000 kr.  
+160.000 kr. og þú færð Ford Mondeo Titanium  
**Nýárstilboð samtals frá 4.350.000 kr.**

**Ford Kuga AWD Trend**  
Verð frá 5.690.000 kr.  
Verðlækkun -300.000 kr.  
Nýársverð frá 5.390.000 kr.  
-300.000 kr. og þú færð Ford Kuga AWD Titanium S  
**Nýárstilboð samtals frá 5.090.000 kr.**


Allir eru fáanlegir beinskiptir, sjálfskiptir, bensín eða dísil.

\*Verð á sjálfskiptum Focus. Tilboð gilda aðeins í janúar 2012. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á





**51 TÍSKUSÝNING** voru haldnar á herratískuvíkunni í Milánó en hún stóð frá 13-18. janúar. Rapparinn Kanye West var meðal frægra gesta á fremstu röð í ár.



VIVIANNE WESTWOOD



MISSONI

## STUTTAR BUXUR OG HÁIR KRAGAR

Á sýningum tískuhúsanna fyrir haustið 2012 fór ekki milli mála að buxurnar eiga að vera í ökklasídd hjá herrunum, hvort sem um jakkaföt eða gallabuxur er að ræða. Ef götutískan í kringum tískuvíkuna í Milánó er skoðuð má sjá að margir tískusinnaðir herra menn hafa tileinkað sér þessa tískubólu og rúllað buxunum upp í ökklasídd og verið í litríkum sokkum við. Kemur vel út við fína sparískó, kuldaskó eða einfaldlega strigaskó með hækkanði sól.

Einnig mátti sjá að stórir treflar og háir kragar verða áberandi næstu mánuði í herratískunni. Það er því um að gera að grafa fram rúllukragapeysur enda nokkur ár síðan þær voru í tísku síðast.



SALVATORE FERREGAMO



FRANKIE MORELLO

MOSCHINO

VERSACE



# LITADÝRÐ OG LOÐKRAGAR FYRIR HERRANA

Herratískan í Milánó var sýnd í síðustu viku en þar kenndi ýmissa grasa í herratískunni fyrir komandi haust og vetur. Loðfóðraðir gallajakkar og úlpur voru áberandi, síðir ullarfrakkar með loðkraga og munstraðar prjónapeysur voru áberandi. Einnig var mikið um æpandi litadýrð þar sem litir á borð við appelsínugulan, grænan og bláan voru vinsælir. Mikið var um að hönnuðir blönduðu saman litum þar sem skyrta, peysa, buxur og jakki voru öll í mismunandi lit. Hér má sjá brot af því besta frá nýafstaðinni tískuvíku í Milánó.



ETRO



DSQUARED



DSQUARED

## Nú fylgja 2 frítt með

Bættu LGG+ við daglegan morgunverð fjölskyldunnar og styrktu ónæmiskerfið.



**Ein á dag**  
Fyrir fulla virkni



**Eiginleikar LGG+**

- + stuðlar að vellíðan
- + styrkir varnir líkamans
- + bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana
- + eykur mótstöðuafli
- + hentar fólki á öllum aldri
- + er bragðgóð næring



Þú getur lesið meira um LGG+ á [ms.is/lgg](http://ms.is/lgg)





ÆTTLEIÐIR Jennifer Aniston fékk sér nýjan hund. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fékk sér nýjan hund

Leikkonan Jennifer Aniston ættleiddi lítinn hund á nýju ári. Hundurinn er blanda af velskum corgi og terrier og fann leikkonan hann í dýraathvarfi í Utah.

„Jennifer var miður sín eftir dauða Normans, gamla hundsins hennar. Hún var lengi að jafna sig en ákvað loks að nú væri rétti tíminn til að gefa nýjum hundi gott heimili,“ var haft eftir heimildarmanni. Norman var fimmtán ára gamall þegar hann drapst og fékk leikkonan sér húðflúr til minningar um þennan gamla vin sinn.

**BYLGJAN**  
989

**Sprengisandur**  
kraftmikill  
þjóðmálapáttur

Sigurjón M. Egilsson  
stýrir Sprengisandi  
á sunnudags-  
morgnum kl. 10–12

# Sjötíu laga ofurpakki Valgeirs

Tónlist ★★★★★

## Spilaðu lag fyrir mig

Valgeir Guðjónsson

Á Spilaðu lag fyrir mig eru sjötíu lög sem Valgeir Guðjónsson samdi, einn eða í félagi við aðra, á þeim riflega fjörutíu árum sem eru liðin síðan hann byrjaði í popp-bransanum. Platan er gefin út í tilefni af sextíu ára afmæli Valgeirs sem hann fagnar einnig með tónleikum í Hörpu. Mörg þeirra laga og texta sem hér er að finna voru samin með félögum Valgeirs í Spilverki Þjóðanna og Stuðmönnum, en eins og Valgeir tekur fram á plötuumslaginu, þá eiga þau það sammerkt að þar hefur hans hlutur verið stærri en hinna höfundanna.

Auk laga sem samin voru fyrir fyrrnefndar sveitir eru á Spilaðu lag fyrir mig meðal annars lög af plötum Hrekkjusvína og Jollí og Kóla og lög af sólóplötum Valgeirs. Um það bil helmingur laganna í þessum þrefalda pakka eru með Stuðmönnum og Spilverkinu.

Valgeir er mjög góður laga- og textasmíður eins og heyrst vel hér. Mörg laganna hafa náð miklum vinsældum og flest þeirra hafa líka elst vel. Þarna eru meðal annarra Popplag í G-dúr, Blindfullur, Íslenskir karlmenn, Slá í gegn, Bíólagið, Gestir út um allt og Gerum okkar besta. Flest laganna eru með upprunalegum flytjendum, en í nokkrum tilfellum eru aðrir flytjendur, t.d. Todmobile (Haustið 75), Matti Matt (Ekki bíl), Hjálmar (Ólína og ég) og Helgi Björns

(Kramið hjarta). Þá eru einhver lög flutt af Valgeiri sem áður voru með hljómsveitunum hans, t.d. Hrekkjusvínalagið Gestir út um allt og Stuðmannalagið ÚFÓ. Engin þessara síðari tíma útgáfa er betri en frumútgáfan, en sú ákvörðun að hafa þær með kemur samt vel út og eykur fjölbreytnina. Það virðist engri sérstakri reglu fylgt varðandi niðuröðun laganna, enda hefði það kannski verið snúið. Tímaröð, sem oft virkar vel, hefði til dæmis ekki komið vel út í þessu tilfalli.

Á heildina litið er Spilaðu lag fyrir mig næsta pottþéttur sjötíu laga popppakki. Það eru líkur á því að margir Spilverks- og Stuðmannaaðdáendur eigi flest þessara laga fyrir einhvers staðar í fórum sínum, en það er gott að fá úrval lagasmíða Valgeirs Guðjónssonar á



SPILAÐU LAG FYRIR MIG Sjötíu lög eru á nýrri safnplötu Valgeirs Guðjónssonar.

einn stað. Þessi pakki er ekki jafn bráðnaðusynlegur og heildarútgáfa Spilverksins sem kom út fyrir rúmu ári, en finn engu að síður.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Öll þekktustu lög Valgeirs Guðjónssonar í þreföldum afmælispakka.

# RAFEINDAVIRKI

## SJÓNVARPSMIÐSTÖÐIN ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA RAFEINDAVIRKJA

Umsækjendur þurfa að:

- Hafa brennandi áhuga á rafeindatækni og viðgerðum
- Vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt
- Hafa ríka þjónustulund

Í starfinu felst að taka á móti, bilanagreina og gera við margvísleg raftæki ásamt samskiptum við viðskiptavinum.

Raftækjaverkstæðið annast þjónustu á mörgum heimþekktum vörumerkjum á borð við Philips, Panasonic, Toshiba, Grundig og Kenwood.

Áhugasamir vinsamlega fyllið út umsóknareyðublað á [www.sm.is](http://www.sm.is)



# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [sm.is](http://sm.is)

## Járniðnaðarmenn, rafvirkjar og verkafólk

Vegna aukinna verkefna leitar VHE Vélaverkstæði að dugmiklu og ábyrgu starfsfólki til að vinna á starfsstöð félagsins við Reyðarfjörð. Ráðningar fara fram á tímabilinu frá janúar til júní 2012. Um framtíðarstörf er að ræða.

Við leitum að:

- Vélvirkjum
- Vélstjórum
- Járniðnaðarmönnum
- Málsuðumönnum
- Rafvirkjum
- Verkafólki til framleiðslustarfa og ýmissa starfa í Kersmiðju.

Öll ofangreind störf eru framtíðarstörf  
Góð laun eru í boði fyrir góða starfsmenn  
Fríar ferðir til og frá vinnu innan áætlanakerfis ASFB  
VHE getur útvegað húsnæði ef með þarf

**Velkomin(n) um borð.**

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu VHE.is.  
Nánari upplýsingar veitir Sigurjón Baldursson í síma 575-9783 eða í tölvupóst [sigurjon@vhe.is](mailto:sigurjon@vhe.is). Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

VHE hefur í rúm 40 ár rekið Vélaverkstæði þar sem boðið er uppá alla almenna þjónustu sem við kemur viðhaldi, smíði og hönnun véla og tækjabúnaðar fyrir stóriðju og önnur fyrirtæki, bæði innanlands og utan.

Hjá VHE á Austurlandi vinnur 150 manna kraftmikill hópur iðnaðar- og tæknimanna, verka- og skrifstofufólks af báðum kynjum.

VHE á Austurlandi rekur meðal annars:

- Vélsmíðju
- Renniverkstæði
- Járnsmiðaverkstæði
- Viðhaldsþjónustu, fyrir vél- og rafbúnað
- Byggingadeild, nýbyggingar og viðhald
- Steypueiningarverksmiðju
- Kersmiðju, endurfórðun og viðhald rafgreinikerja
- Verslun, sala á vökvabúnaði og f.l
- Vökvapjónustu, sérfræðipjónusta í vökvakerfum, nýsmíði og viðhald tjakka, háþrýstislöngur

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.  
Melabraut 21-27, 220 Hafnarfirði  
Hrauni 5, 730 Reyðarfirði  
Sími: 575 9700 [www.vhe.is](http://www.vhe.is)

**VHE**  
VÉLVERKSTÆÐI





STERKUR George Clooney stendur fyrir sínu í The Descendants.

## Fjandinn hirði paradís

Bíó ★★★★★

**The Descendants**

Leikstjórn: Alexander Payne

**Leikarar:** George Clooney, Shailene Woodley, Judy Greer, Beau Bridges, Matthew Lillard, Robert Forster, Amara Miller, Nick Krause

George Clooney leikur Matt King, lögfræðing á Hawaii sem hefur vanrækt dætur sínar tvær. Eigin kona hans lendir í bátaslysi og fer í dauðadá og því þarf King að hysja upp um sig og annast börnin sín. En King kann illa á pabbahlutverkið og dæturnar gera honum það ekki beinlínis auðveldara fyrir.

The Descendants er grátbrosleg vandamálamynd þar sem mikið mæðir á aðalleikaranum. Clooney er sterkur leikari og fyrir vikið verður Matt King flókin og spennandi persóna. Alexander Payne er frábær leikstjóri í stöðugum vexti og hér toppar hann öll fyrri verk. Senan þar sem eldri dóttirin óskrar í kafi sundlaugar er tilfinningaleg kjarnorkusprengr, án þess þó að vera tilgerðarleg, en sorg í kvikmyndum getur mjög auðveldlega umturnast í sorgarklám. Payne er þó óhræddur við að létta

okkur lundina annað slagíð, og sum atriðanna eru sprenglæglæg.

Myndin er áferðarfögur og Hawaii fær að njóta sín, en áhorfendur hafa eflaust ekki oft fengið að sjá heila mynd sem gerist þar og tengja staðinn eflaust helst við sumarleyfi á exótískum slóðum en ekki erjur, sorg og yfirvofandi dauða. King gefur allavega lítið fyrir paradísarstimpilinn og segir hana mega fara fjandans til. Tónlist myndarinnar er sköpuð af heimamönnum og eykur það heildar-áhrifin til muna. Hvern hefði grunað að þessi vinsæli ferðamannastaður ætti sér menningarlegar rætur, mun eldri en allar staðalímyndir um brimbretti og kókoshnetubikini?

Það er eitthvað ákaflega fallett og einlægt við The Descendants. Gamla tuggan um að lífið sé hverfult á alltaf við, en Payne heldur því fram að aldrei sé neitt of seint. Hvort sem þú þarft að byrja að ala upp börnin þín, segja deyjandi ástvini eitthvað eða að læra að meta feegur umfram fé.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Ímynd Hawaii verður aldrei söm í mínum augum, en nú langar mig ennþá meira að fara þangað.

## Heigl vill snúa aftur í Grey's Anatomy

Leikkonan Katherine Heigl vill snúa aftur í læknabættina Grey's Anatomy. Hún hefur bedið Shonda Rhimes, höfund þáttanna, um að skrifa sig inn í þættina en veit ekki hvort henni verður að ósk sinni.

„Að semja svona þætti er mjög flókið. Hún þarf að skrifa fyrir mjög margar persónur þannig að ég veit ekki hvort ég passa inn í sýn þeirra á þessa þáttaröð sem er í gangi, á þá næstu eða hversu lengi sem þetta á eftir að ganga,“ sagði Heigl. Hún yfirgaf Grey's Anatomy árið 2010 með látum eftir að hafa gagnrýnt persónu sína, Izzie Stevens.

Hinn 33 ára Heigl vill vita hver örlög Stevens verða en hún sást síðast yfirgefa Seattle Grace-sjúkrahúsið eftir að eiginmaður hennar Alex batt enda á samband þeirra. „Ég vil bara vita hvað kom fyrir hana, hvert hún fór og hvað hún er að gera í dag.“

Heigl hefur einbeitt sér að kvikmyndaleik upp á síðkastið. Hún lék í rómantísku myndinni



**VILL SNÚA AFTUR** Katherine Heigl vill snúa aftur í læknabættina Grey's Anatomy.

New Year's Eve og nýlega lauk hún við leik sinn í The Wedding þar sem Robert De Niro, Diane Keaton og Robin Williams eru mótleikarar hennar.



# ÚTSALA!

FULL BÚÐ AF SPENNANDI VÖRUM

ALLT AÐ

# 70%

AFSLÁTTUR

FRÁBÆRT  
ÚRVAL!

FRÁBÆR  
VERÐ!



## DÝRÁRIKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæluðráverslun landsins Sími 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar Næg bílastæði á efra plani

# FRAMKOMU- & FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 31. JANÚAR OG 02. FEBRÚAR

SJÁLFSTYRKING ● FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR  
INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF ● FÖRÐUN ● UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS  
MYNDATAKA ● TÍSKUSÝNINGARGANGA ● FYRIRSÆTA KEMUR Í HEIMSÓKN  
FÍKNIEFNAFRÆÐSLA ● LEIKRÆN TJÁNING Í UMSJÓN LEYNILEIKHÚSSINS

Umsjónarkennari námskeiðsins er **Tinna Aðalbjörnsdóttir** stilsti, auk fjölmargra gestakennara.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, snyrtibuddu og mascara frá Maybelline, viðurkenningarskjál og 10 sv/hv myndir.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Námskeiðinu lýkur með stórrí tiskusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tiskusýningu.

Skráning er hafin í síma 533-4646 eða [eskimo@eskimo.is](mailto:eskimo@eskimo.is)

VERÐ  
17.900



eskimo MAYBELLINE







# SPÆJÓ OG SINFÓ

Tónlist ★★★★★

## James Bond-veisla

Tónleikar í Eldborgarsal Hörpu. Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitarstjóri: Carl Davis. Veislustjóri: Jóhanna Vigdís Arnardóttir. Einsöngvarar: Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Inga Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson, Sigríður Beinteinsdóttir, Sigríður Thorlacius, Valgerður Guðnadóttir.



SINFÓ Í STUDI James Bond-veisla Sinfóníu Íslands var glæsilegur og þrælskemmtilegur viðburður.

Kvikmyndaserían um spólgræða spæjarann James Bond fagnar fimmtugsafmæli sínu í ár. Í tilefni af því hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt stjórnandanum Carl Davis sett saman tónleikadagskrá þar sem tónlistinni úr kvikmyndunum er gert hátt undir höfði.

Útsetningarnar eru í flestum tilfellum nauðalíkar upprunalegu útgáfunum. Auðvitað er svuntuþeysir hér og trommuheili þar sem skipt hefur verið út fyrir önnur hljóðfæri, en það kemur ekki að sök. Það eru tónleikar fimmtudagskvöldsins sem eru til umfjöllunar hér og Sinfóníuhljómsveitin skilaði sínu og hljómaði vel. Það var síðan söngvaranna að láta í sér heyra og gekk sumum það betur en öðrum. Það er auðvitað ekki á allra færi að syngja með svo stórrí hljómsveit án þess að rödd þeirra hreinlega týnist. Eyþór náði best allra að láta ljós sitt skína og lögin þrjú sem hann flutti einn gerði hann óaðfinnanlega. Live and Let Die í hans flutningi var jafn flott og gardínan sem hann klæddist var ljót. Sem betur fer skipti hann henni seinna út fyrir jakkaföt.

Gæsahúð kvöldsins framkallaði Valgerður með frábærum flutningi á

laginu For Your Eyes Only en þar var það ekki síst Sinfóníuhljómsveitin sem lék á alls oddi. Valgerður söng hin lögin sín smekklega og leyfði sér meira að segja stöku mjaðmahristu til að skapa stemningu. Sigga Beinteins byrjaði brösuglega en sótti í sig veðrið og náði hápunkti í laginu GoldenEye, en þar lék hún listir sínar á tónskalanum, bæði neðst niðri og efst uppi. Páll Óskar gerði þremur sextíslögum góð skil en eitíslögin hans tvö, A View to a Kill and The Living Daylights, voru klaufaleg. Síðara lagið leið þó helst fyrir skort á bakröddum. Helst hefði ég vilja sjá hann spreyta sig á Nobody Does it Better, en það kom í hlut Sigríðar Thorlacius og var það hennar eina einsöngslag.

Það er mikilvægt að hafa í huga að Bond-lögin eru misgóð. Aumingja Inga Stefáns sat uppi með öll leiðinlegu lögin og náði því ekki að heilla mig í þetta sinn. Hún hlýtur að hafa tapað í pantekki. Þrátt fyrir þessi örfáu andlausu lög

var ég gífurlega ánægður með að fá að heyra öll lögin, en ekki bara brot af því besta. Öll lögin segi ég, en þó var það eitt lag sem vantaði. Aðeins eitt lag. Það eitt og sér er nógu skrýtið, að sleppa aðeins einu lagi, en að það hafi þurft að vera besta seintíma Bond-lagið er ófyrirgefnalegt. Titillag myndarinnar Tomorrow Never Dies var skilið útundan, en staðgengill þess var lokalgá sömu myndar, Surrender.

Þrátt fyrir stöku misbrestir var James Bond-veislan glæsilegur og þrælskemmtilegur viðburður. Mörg þessara laga eru svo falleg en önnur svo yndislega lummó. Á leiðinni út leið mér þínu eins og ég hefði verið viðstaddur Eurovisionkeppni, nema með heimsklassa flytjendum og almennilegum lögum.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Hvalreki fyrir okkur sem vitum fyrir hvað SPECTRE stendur. Aðrir ættu þó einnig að geta skemmt sér ljómandi vel.

**SMÁRABÍÓ** **GLÆRUGU SELD SÉR** **5%**

CONTRABAND KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.25 **16**

CONTRABAND LÚXUS KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.25 **16**

THE DESCENDANTS KL. 1 (TILBOÐ) - 3.25 - 5.30 - 8 - 10.25 **L**

UNDERWORLD / AWAKENING KL. 8 - 10 **16**

FLYPAPER KL. 8 **12**

THE SITTER KL. 6 - 10 **14**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.50 **L**

STÍGVÉLABÍ KÖTTURINN 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 \***AÐEINS LAU.**

ARSENAL - MAN ÚT 3D KL. 3.45 \***AÐEINS SUN.**

**HÁSKÓLABÍÓ** **NÁNAR Á MIDÍ.S** **5%**

CONTRABAND KL. 8 - 10.30 **16**

THE DESCENDANTS KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30 **L**

IRON LADY KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.20 **L**

MY WEEK WITH MARILYN KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 **L**

GIRL WITH THE DRAGON TATTOO KL. 5.45 - 9 **16**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 3.30 (TILBOÐ) **L**

**BORGARBIÓ** **NÁNAR Á MIDÍ.S**

CONTRABAND KL. 6 - 8 - 10.10 **16**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 4 (TILBOÐ) **L**

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

**SMÁRABÍÓ** **GLÆRUGU SELD SÉR** **5%**

CONTRABAND KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.25 **16**

CONTRABAND LÚXUS KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.25 **16**

THE DESCENDANTS KL. 1 (TILBOÐ) - 3.25 - 5.30 - 8 - 10.25 **L**

UNDERWORLD / AWAKENING KL. 8 - 10 **16**

FLYPAPER KL. 8 **12**

THE SITTER KL. 6 - 10 **14**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.50 **L**

STÍGVÉLABÍ KÖTTURINN 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 \***AÐEINS LAU.**

ARSENAL - MAN ÚT 3D KL. 3.45 \***AÐEINS SUN.**

**HÁSKÓLABÍÓ** **NÁNAR Á MIDÍ.S** **5%**

CONTRABAND KL. 8 - 10.30 **16**

THE DESCENDANTS KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30 **L**

IRON LADY KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.20 **L**

MY WEEK WITH MARILYN KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 **L**

GIRL WITH THE DRAGON TATTOO KL. 5.45 - 9 **16**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 3.30 (TILBOÐ) **L**

**BORGARBIÓ** **NÁNAR Á MIDÍ.S**

CONTRABAND KL. 6 - 8 - 10.10 **16**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 4 (TILBOÐ) **L**

www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

**SMÁRABÍÓ** **GLÆRUGU SELD SÉR** **5%**

CONTRABAND KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.25 **16**

CONTRABAND LÚXUS KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.25 **16**

THE DESCENDANTS KL. 1 (TILBOÐ) - 3.25 - 5.30 - 8 - 10.25 **L**

UNDERWORLD / AWAKENING KL. 8 - 10 **16**

FLYPAPER KL. 8 **12**

THE SITTER KL. 6 - 10 **14**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.50 **L**

STÍGVÉLABÍ KÖTTURINN 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 \***AÐEINS LAU.**

ARSENAL - MAN ÚT 3D KL. 3.45 \***AÐEINS SUN.**

**HÁSKÓLABÍÓ** **NÁNAR Á MIDÍ.S** **5%**

CONTRABAND KL. 8 - 10.30 **16**

THE DESCENDANTS KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30 **L**

IRON LADY KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.20 **L**

MY WEEK WITH MARILYN KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 **L**

GIRL WITH THE DRAGON TATTOO KL. 5.45 - 9 **16**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 3.30 (TILBOÐ) **L**

**BORGARBIÓ** **NÁNAR Á MIDÍ.S**

CONTRABAND KL. 6 - 8 - 10.10 **16**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 4 (TILBOÐ) **L**

www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

SMÁRABÍÓ	ALFABAKKA	SMÁRABÍÓ	EGILSHÖLL
CONTRABAND	kl. 5:40 - 8 - 10:20	J. EDGAR	kl. 5:10 - 8 - 10:20
CONTRABAND VIP	kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	UNDERWORLD: AWAKENING	kl. 5:50 - 8 - 10:10
50/50	kl. 8 - 10:20	PRÓDULEIKARARNIR	kl. 1 - 3:20 - 5
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 10:20	STÍGVÉLABÍ KÖTTURINN	kl. 1 - 3
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 5:30 - 8 - 10:40	50/50	kl. 8 - 10:45
NEW YEAR'S EVE	kl. 3 - 5:30 - 8	SHERLOCK HOLMES 2	kl. 2 - 8
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:20 - 8 - 10:40	FJÖRFISKARNIR	kl. 1 - 3:10
FJÖRFISKARNIR	kl. 1:30 - 3:40	MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:20 - 10:40
STÍGVÉLABÍ KÖTTURINN	kl. 1 - 3:40		
HAPPY FEET 2	kl. 1 - 3:10		
SMÁRABÍÓ	AKUREYRI	SMÁRABÍÓ	KRINGLUNNI
J. EDGAR	kl. 8	ENCHANTED ISLAND	laugardag kl. 6
UNDERWORLD	kl. 10:40	J. EDGAR	5:10 - 8 - 10:45 (sun 3 - 5:10 - 8 - 10:45)
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 1:30 - 3:40	SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8 - 10:40
50/50	kl. 5:50	MISSION IMPOSSIBLE 4	sunnudag kl. 8 - 10:40
FJÖRFISKARNIR	kl. 1:30	PRÓDULEIKARARNIR	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50
STÍGVÉLABÍ KÖTTURINN	kl. 3:30	NEW YEAR'S EVE	sunnudag kl. 5:40
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:20	FJÖRFISKARNIR	kl. 1 (sun. kl. 1 - 3)
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8 - 10:30	STÍGVÉLABÍ KÖTTURINN	kl. 3:40 (sun. kl. 1)
SMÁRABÍÓ	SELFOSS	SMÁRABÍÓ	KEFLAVÍK
CONTRABAND	kl. 6 - 8 - 10:20	CONTRABAND	kl. 8
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8	J. EDGAR	kl. 10:20
THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO	kl. 10:30	50/50	kl. 8 - 10:20
50/50	kl. 5:50	PRÓDULEIKARARNIR	kl. 1:30 - 5:40
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 2 - 4	ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	kl. 3:40
PUSS IN BOOTS	kl. 2	FJÖRFISKARNIR	kl. 1:30 - 3:40
FJÖRFISKARNIR	kl. 4	NEW YEAR'S EVE	kl. 5:40

**TILBOÐSBÍÓ**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3

THE DESCENDANTS

CONTRABAND

STÍGVÉLABÍ KÖTTURINN 3D

**LAUGARDAGUR - SUNNUGAGUR**

**SMÁRABÍÓ** **midí.is**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 1 **L**

THE DESCENDANTS KL. 1 **L**

CONTRABAND KL. 1 **L**

STÍGVÉLABÍ KÖTTURINN 3D KL. 1 **L**

**HÁSKÓLABÍÓ** **midí.is**

IRON LADY KL. 3.30 **L**

THE DESCENDANTS KL. 3.30 **L**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 3.30 **L**

MY WEEK WITH MARILYN KL. 3.30 **L**

**PRÓDULEIKARARNIR**

SYND MEÐ ISLENSKUM TEXTA

TRYGGDU ÞÉR MÍÐA Á SAMBIO.IS

**FJÖRFISKARNIR**

TRYGGDU ÞÉR MÍÐA Á SAMBIO.IS

**tryggðu þér miða á sambio.is**

**SPARBÍÓ**

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

**SAMBÍÓN** **SAMBIO.IS**

Sími: 553 2075 **BÍÓ** - bara lúxus

ATH 750 KR

SYND KL. 2

ATH 750 KR

SYND KL. 1.45

ATH 750 KR

SYND KL. 2

**Ódýrt í bíó**

ATH 750 KR

SYND KL. 2

ATH 750 KR

SYND KL. 2

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS**

**BÍÓ PARADÍS**

LAUGARDAGUR OG SUNNUGAGUR: SUBMARINE 18:00, 20:00, 22:00, THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10

■ Á ANNAN VEG (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00

■ SUPERCLÁSICO 20:00 ■ PARTIR 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00

ISL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

Bíó Paradís er nú hluti af **EUROPA CINEMAS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midí.is

**SUBMARINE**

FRÁBÆR BRÉSKUR HÚMOR!

**THIS MUST BE THE PLACE**

SEAN PENN

SÍÐASTA SÝNINGARVIKA!





Í tilefni af  
Reykjavíkurlaikunum býður ÍTR í

# Sundlaugar *partý* og **OFURMANNAKEPPNI**

í Laugardalslaug laugardag  
21. janúar kl. 19-22

Allir  
velkomnir!  
Frítt inn

kl. 20.30 - 22  
**FRÍÐRIK DÓR**  
OG  
**DJ BIRGISS**

## Allskyns uppákomur og skemmtiatriði!

Laugardalslaug í kvöld,  
laugardag kl. 19-22

Reiptog, koddaslagur, kuldapollur og kapprenna milli  
félagsmiðstöðva frá kl. 19-20.30

Nánari upplýsingar á [www.rig.is](http://www.rig.is)




Laugarnar í Reykjavík



REYKJAVÍK  
INTERNATIONAL GAMES  
13. - 16. JANUARY 2011





**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** varð markahæsti leikmaður riðlakeppinnar á EM í handbolta í Serbíu en Guðjón Valur skoraði 25 mörk í leikjum þremur eða 8,3 mörk að meðaltali í leik. Guðjón Valur skoraði 3 mörkum meira en Norðmaðurinn Erlend Mamelund sem kom honum næstur með 22 mörk. Makedóninn Kiril Lazarov varð síðan í þriðja sætinu með 21 mark. Mamelund skorar ekki fleiri mörk á þessu móti því Noregur er úr leik.

**EM Í SERBÍU**

**C-riðill**

<b>Spánn - Rússland</b>	<b>30-27 (17-11)</b>
Roberto García 6/4, Cristian Ugalde 5, Joan Cañellas 5, Raúl Entrerrios 4 - Konstantin Igropulo 8/1, Alexander Chernoivanov 5.	
<b>Frakkland - Ungverjaland</b>	<b>23-26 (14-12)</b>
Xavier Barachet 5, Nikola Karabatic 3, Daniel Narcisse 3 - Szabolcs Zubai 6, Gergely Harsányi 5/2, Tamás Mocsai 3, Milorad Krivokapic 3	

**LOKASTAÐAN**

<b>Spánn</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>83-77</b>	<b>5</b>
Ungverjaland	3	1	2	0	81-78	4
Frakkland	3	1	0	2	77-79	2
Rússland	3	0	1	2	82-89	1

**D-riðill**

<b>Ísland - Slóvenía</b>	<b>32-34 (13-17)</b>
<b>Mörk Íslands (skot):</b> Guðjón Valur Sigurðsson 9/4 (12/5), Arnór Atlason 5 (8), Alexander Petersson 4 (6), Sverre Jakobsson 3 (3), Kári Kristján Kristjánsson 3 (4), Aron Pálmarsson 3 (5), Þórir Ólafsson 3 (5), Vignir Svavarsson 1 (1), Róbert Gunnarsson 1 (2).	
<b>Varin skot:</b> Björgvin Páll Gústavsson 8 (38/3, 21%), Hreiðar Levy Guðmundsson 1 (5/1, 20%), Hraðaupphlaup: 6 (Sverre 3, Þórir 2, Vignir 1)	
<b>Fiskuð víti:</b> 5 (Róbert 2, Arnór, Aron, Þórir)	
<b>Utan vallar:</b> 6 mínútur.	
<b>Mörk Slóveníu (skot):</b> Sebastian Skube 8/1 (9/1), Dragan Gajic 7/2 (8/3), Jure Dolenc 5/1 (7/1), Miha Zvizej 3 (4), Uros Zorman 3 (4), Jure Dobolsek 2 (2), Borut Mackovsek 1 (1), David Miklavcic 1 (1), Peter Pucelj 1 (1), Luka Zvizej 1 (1), Matjaz Brumen 1 (1), David Spiler 1 (3).	
<b>Varin skot:</b> Gorazd Skof 16/1 (45/4, 36%), Prost Primoz 1 (4/1, 25%), Hraðaupphlaup: 5 (Gajic 2, Dolenc, Miha Zvizej, Luka Zvizej)	
<b>Fiskuð víti:</b> 5 (Skube 2, Zorman 2, Spiler)	
<b>Utan vallar:</b> 10 mínútur.	
<b>Króatía - Noregur</b>	<b>26-20 (13-8)</b>
Ivan Cupic 6/6, Denis Buntic 4, Blazenko Lackovi 3, Zlatko Horvat 3 - Erlend Mamelund 6/2, Håvard Tvedten 5.	

**LOKASTAÐAN**

<b>Króatía</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>88-78</b>	<b>6</b>
Slóvenía	3	1	0	2	90-91	2
Ísland	3	1	0	2	95-97	2
Noregur	3	1	0	2	80-87	2

**Milliriðill 1**

<b>Þýskaland</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>53-47</b>	<b>4</b>
Serbía	2	2	0	0	46-40	4
Pólland	2	1	0	1	45-48	2
Makedónía	2	0	1	1	49-50	1
<b>Svíþjóð</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>50-55</b>	<b>1</b>
Danmörk	2	0	0	2	48-51	0

**NÆSTU LEIKIR**

<b>Pólland - Svíþjóð</b>	<b>Í dag klukkan 15.15</b>
Danmörk-Makedónía	Í dag kl. 17.15
Serbía-Þýskaland	Í dag kl. 19.15

**Milliriðill 2**

<b>Króatía</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>62-58</b>	<b>4</b>
Spánn	2	1	1	0	53-50	3
Ungverjaland	2	1	1	0	50-47	3
Slóvenía	2	1	0	1	63-63	2
<b>Ísland</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>61-65</b>	<b>0</b>
Frakkland	2	0	0	2	49-55	0

**NÆSTU LEIKIR**

<b>Frakkland-Slóvenía</b>	<b>Á morgun</b>
Ungverjaland-Ísland	Á morgun
<b>Spánn-Króatía</b>	<b>Á morgun</b>

Nánari tímasetningar má finna inn á Visir.is

# Nestislausir á leið til Novi Sad

